B 7, nr. 19	28. jan.
B 8, nr. 20—76	13. febr.
B 9, nr. 77—79	9. febr.
B 10, nr. 80—98	4. mars
B 11, nr. 99—139	13. mars
B 12, nr. 140	13. mars
B 13, nr. 141	23. mars
B 14, nr. 142—153	27. mars
B 15, nr. 154	30. mars
B 16, nr. 155—190	9. apríl
B 17, nr. 191—192	7. apríl
B 18, nr. 193—203	29. apríl
B 19, nr. 204—223	11. maí
B 20, nr. 224—225	30. apríl
B 21, nr. 226—228	5. maí
B 22, nr. 229—235	8. maí
B 23, nr. 236—237	15. maí
B 24, nr. 238—240	15. maí
B 25, nr. 241—263	29. maí
B 26, nr. 264—265	29. maí
B 27, nr. 266	1. júní
B 28, nr. 267—268	9. júní
B 29, nr. 269—306	30. júní
B 30, nr. 307—338	20. júlí
B 31, nr. 339	24. júlí
B 32, nr. 340—352	31. júlí
B 33, nr. 353—442	12. ágúst
B 34, nr. 443—452	31. júlí
B 35, nr. 453—454	5. ágúst
B 36, nr. 455—474	20. ágúst
B 37, nr. 475—476	26. ágúst
B 38, nr. 477	31. ágúst
B 39, nr. 478	1. sept.
B 40, nr. 479—485	8. sept.
B 41, nr. 486—487	14. sept.
B 42, nr. 488	24. sept.
B 43, nr. 489—490	30. sept.
B 44, nr. 491	2. okt.
B 45, nr. 492—511	8. okt.
B 46, nr. 512—557	15. okt.

B 47, nr. 558—571	20. okt.
B 48, nr. 572	23. okt.
B 49, nr. 573—613	30. okt.
B 50, nr. 614—618	30. okt.
B 51, nr. 619—623	5. nóv.
B 52, nr. 624—636	11. nóv.
B 53, nr. 637	10. nóv.
B 54, nr. 638—640	13. nóv.
B 55, nr. 641—642	13. nóv.
B 56, nr. 643	30. nóv.
B 57, nr. 644	1. des.
B 58, nr. 645	2. des.
B 59, nr. 646—659	14. des.
B 60, nr. 660—679	23. des.
B 61, nr. 680—699	31. des.
B 62, nr. 700	31. des.
B 63, nr. 701—755	11. jan. 1982
B 64, nr. 756—757	5. jan. 1982
B 65, nr. 758—759	11. jan. 1982
B 66, nr. 760—812	29. jan. 1982
B 67, nr. 813	9. febr. 1982
B 68, nr. 814—821	15. júlí 1982

Leiðréttingar:

- Bls. 145 sjá 17. línu að neðan haglabýssa og námskeið, les naglabýssa og námskeiða.
- Bls. 211 sjá 11. línu að neðan varningur þessi gæti, les varningur þessi geti.
- Bls. 212 sjá 20. línu að neðan fyrir, les eftir.
- Bls. 213 sjá 13. línu að neðan í kg og gr. les í kg og g.
- Bls. 406, sjá 7. línu að neðan Akureyrar, les Akureyrar.
- Bls. 888, sjá fyrirsögn á máli nr. 554 og í 1. gr. Minningarsjóður, les Minningarsjóður.
- Bls. 931, sjá 10. línu að ofan reglugerð, les reglugerð.
- Bls. 931, sjá 13. línu að ofan reglugerð, les reglugerð.
- Bls. 958, sjá 4. línu að ofan formans, les formanns.
- Bls. 1014 sjá lokunarlínu —617, les 618.
- Bls. 1043 sjá nr. 640, 3. línu að ofan „41. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967“ verði: 13. gr. laga um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60, 31. maí 1979.
- Bls. 1086 sjá nr. 679, „laga nr. 47“, verði: laga nr. 47/1968.
- Bls. 1104 sjá nr. 684, dagsetning rg. er „31. desember 1981“ en les 30. desember 1981.
- Bls. 1105 sjá nr. 684, efst til vinstri, dagsetning rg. er „31. desember 1981“ en les 30. desember 1981.
- Efnisyfirlit B 61 1981, sjá nr. 684, dagsetning er „31. des.“ en les 30. des.
- Bls. 1191 sjá lið 8. Ísafriði, les Ísafirði.
- Bls. 1192 sjá 5. línu að neðan nokurs, les nokkurs.

Endurprentuð blöð: 271, 419, 983.

Endurprentað hefti: 67.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1981

2. janúar 1981.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 31. desember 1980, um efnahagsráðstafanir, og 29. og 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps, frá og með 2. janúar 1981:

A Rafmagnsveitur ríkisins.

I Smásala.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 10% með eftirtöldum undantekningum:

- a) Orkugjald samkvæmt taxta A 1 og A 5 (af notkun umfram aflstillingu) hækki um 6.4%.
- b) Orkugjöld samkvæmt taxta A 4, A 5 (af allri notkun), C 1, C 2, D 1 og D 2 hækki um 15%.

II Heildsala.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 16%.

III Heimtaugagjöld í þéttbýli.

Öll gjöld hækki um 10%.

B Orkubú Vestfjarða fyrir raforku.

Gjaldskrá fyrir raforku breytist tilsvarendi og gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

C Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur og gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps.

Öll gjöld hækka um 10% nema notkunargjöld, sem hækka um 15% í samræmi við hitataxta Rafmagnsveitna ríkisins.

Íðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrám rafveitna.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gildandi gjaldskrám rafveitna sveitarfélaga frá og með 2. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 3.

2. janúar 1981.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gildandi gjaldskrám allra hitaveitna frá og með 2. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1981

5. janúar 1981.

3

Nr. 4.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. des. 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti svo og skv. 11. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gjöldum skv. gildandi gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 536/1980 frá og með 5. janúar 1981 að telja.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Stjórnartíðindi B 2 nr. 4. Útgáfudagur 5. janúar 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1981

Nr. 5.

4

6. janúar 1981.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Allar upphæðir í nýkrónum.

Gildir frá 5. janúar 1981.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 935.00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri getur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af linuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 158.40 að viðbættum kr. 0.35 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 50.60 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamála- stofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5— 1.0 km	kr. 39.60
b. Lengd línuleiðar	1.0— 2.0 km	kr. 59.40
c. Lengd línuleiðar	2.0— 4.0 km	kr. 99.00
d. Lengd línuleiðar	4.0— 8.0 km	kr. 237.60
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 316.80

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 467.50
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða kr. 631.40

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 239.80 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 300.30 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 522.50

Viðtökugjald lækkar í kr. 93.50 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 187.00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf flutningsgjald sbr. 3.1 og 3.2 hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 737.00
- 1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarSKIPTAKERFI, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	kr.	2—3 notendur á sömu línu kr.	Yfir 3 notendur á sömu línu kr.
2 std.	69.30	55.45	41.60
4 —	91.30	73.05	54.80
6 —	103.40	82.70	62.05
8 —	115.50	92.40	69.30
10 —	127.60	102.10	76.55
12 —	129.80	103.85	77.90
14 —	132.00	105.60	79.20
16 —	134.20	107.35	80.50
24 —	158.40	126.70	95.05

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofan nefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 368.50
- 3.2. Milli stöðvargjaldsvæða — 510.40
- 3.3. Til viðbótar 3.1 og 3.2 greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1 niður í allt að kr. 187.00.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 404.80

Viðtökugjald lækkar í kr. 93.50 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 187.00.

Viðtökugjald fyrir sérþúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölur flutningsgjald sbr. 3.1 og 3.2 hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af Póst- og símamálastofnuninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalferis er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 496.10. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
- 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunar-

rétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnaði í samráði við ráðuneytið.

- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr. 36.30
4 —	— 40.50
6 —	— 52.70
8 —	— 61.70
10 —	— 67.80
12 —	— 69.20
14 —	— 70.75
16 —	— 73.70
24 —	— 78.20

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem pósti- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem pósti- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símmotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.

- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumar- bústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðn- rekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl innanlands sem valin eru sjálfvirk:

- 1.1. Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0	ót. tími	
1	60 sek.	0.35
2	12 —	1.75
3	10 —	2.10
4	8 —	2.63

- 1.2. Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1	120 sek.	0.18
2	24 —	0.88
3	20 —	1.05
4	15 —	1.40

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 2.37	kr. 0.79
— 10— 25 — —	— 3.87	— 1.29
— 25—100 — —	— 5.22	— 1.74
—100—225 — —	— 6.27	— 2.09
Yfir 225 — —	— 7.83	— 2.61

Framanefnt simtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt simtalagjald.
- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt simtalagjald.
- 2.4. Kvaðning kr. 2.85. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 7.15 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlinusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 4.60 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 4.60 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir **póst- og símamálastofnunin** þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radió-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 3.87 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 1.29 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 7.86, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, en annars kr. 11.07 fyrir 3 mín. og kr. 2.62 eða kr. 3.69 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukabjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukabjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnugjald kr. 7.15 og kr.0.40 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 4.00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Símapóstávisanir: Gjald kr. 14.95 án tillits til orðafjölda.
- 1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 4.00 fyrir heillaskeytis-eyðublaðið.
- 1.6. Samúðarskeyti: Grunnugjald kr. 7.15. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalásjóðs.

- 1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símsstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 4.60 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
- Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missimum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
- 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
- Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 7.15.
 - Línugjald kr. 0.40 á hvert orð.
 - Strandargjald kr. 0.55 hvert orð.
 - Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - Gjald fyrir aukahljónustu að beiðni sendanda.
- Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 4.00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 2.75.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukahljónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

- | | |
|--|--------------|
| 1.1. Númer í telexstöð | kr. 4 125.00 |
| 1.2. Bæjarlína | — 1 023.00 |
| 1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð | — 6 116.00 |
| 1.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði. | |

1.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð	kr. 1 089.00
1.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 1 089.00
1.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 3 025.00
1.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 3 828.00
1.9. Vélsendir	— 1 463.00
1.10. Vélgatari	— 3 025.00
1.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 2 508.00
1.12. Afriðill	— 539.00
1.13. Tengipúlt	— 803.00
1.14. Fyrir útskiptingu á telex- og fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald.	
1.15. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	— 539.00
1.16. Breyting á telexheiti	— 286.00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð	— 1 485.00
2.2. Bæjarlina	— 286.00
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	— 2 398.00
2.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrar-gjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrar-gjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	
2.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 352.00
2.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 352.00
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 1 287.00
2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 1 474.00
2.9. Vélsendir	— 594.00
2.10. Vélgatari	— 1 100.00
2.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 1 287.00
2.12. Afriðill	— 286.00
2.13. Tengipúlt	— 363.00
2.14. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir)	— 1 837.00
2.15. Fjölsendir (1 vélsendir — 1 númerasendir)	— 1 287.00
2.16. Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.17. Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.1. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.18. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símsstöðvar	kr. 1 023.00
3.2. Innanhúss	— 517.00
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símsstöðvar	— 1 540.00

4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0.35 fyrir hvert teljaraskref, og samsvavar það kr. 0.88 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjalds, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, $\frac{1}{3}$ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 4 433.00.

2. 2. Afnotagjald.

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirk val á milli hlutaðeigandi síma-miðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

- 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
- 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
- 2.1.3. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem eingöngu er notaður í sambandi við gæslu og öryggismál, en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti, skal nota margföldunarstuðul 0,347.
- 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
- 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
- 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.
- 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12,5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
- 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjald reiknast í 500 metra þrepum) og er á ársfjórðungi:
- 2.2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarsíma 0,4—0,7 mm kr. 64.35
- 2.2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm — 89.10
- 2.2.3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm eða loftlínu — 105.05
- 2.2.4. Fyrir ritsímarás í tónritsíma — 34.10
- 2.2.5. Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarsíma) — 81.40
- Skemmtur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 85.25 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 17.05 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 22.00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanothendur að sama síma, ber að greiða kr. 41.80 fyrir hvern aukanothanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 40.70 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutað-eigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 39.60
3.2. Aukanafn í skrá	— 41.80
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	— 22.00
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 39.60+41.80	— 81.40

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 41.80 sem aukanafn

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 22.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 39.60. Auglýsingalína kostar kr. 22.00.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI.

Radiótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Radióeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m.a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 102.30
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött—	225.50
1.1.3.	Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	48.40
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	148.50
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	48.40
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	61.60
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	112.20
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	90.20
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	75.90
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	52.80
1.3.4.	Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna—	75.90
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	kr. 95.70
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	48.40
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	40.70
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	22.00
1.4.5.	Fyrir skirteini loftskammtamanns	79.20
1.4.6.	Fyrir skirteini talstöðvarvarðar	39.60
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	52.80
1.4.8.	Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	105.60

Gjöld fyrir tegundaprófun.

- 2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt kr. 759.00
 2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna — 379.50
 2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
 2.4. Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
 2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
 2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:
- | | |
|------------------------------|-----------|
| Fyrir 1—5 báta | kr. 22.00 |
| Fyrir 6—15 báta | — 40.70 |
| Fyrir 16—30 báta | — 57.20 |
| Fyrir 31 bát og fleiri | — 75.90 |

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 3.3.1. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 39.60 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
 3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna sammingsbundinna viðskipta við fiskibáta.
 3.4.1. Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvarþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
 3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamálastofnunarinnar sem er.
 3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.
 3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunarinnar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.
 3.4.5. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu að-njótandi eru:

Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeig- andi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskild- um tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atríði, er varða út- gerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir minni báta en 100 tonn	kr. 128.70
b. fyrir báta 100 tonn og stærri	— 207.90

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 sím- tölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn- tölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 75.90.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert simtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í simakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 11.00.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldu- tilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 40.70
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 60.50
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 81.40
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 108.90

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram árs- fjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan ís- lensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og til- gang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

- 5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skirteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skirteini loftskreytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirráðum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfishrétt stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 5.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 5.8. Gjöld fyrir simtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símfremur hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglingjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglungar greiðir leyfishafi.
- 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 5.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundapröfun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

- 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnunum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótækki.

6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 6.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 6.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er hannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúgur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða samtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Séu það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá síma geymdan í umsáminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símsstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex og fjarskiptavélar og radióbúnað, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 60.00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 23.10 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 5. janúar 1981, sbr. auglýsingu um sama efni nr. 4, dags. 5. jan. 1981. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af sím-tölum, sem fram fara 5. jan. 1981 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 31. okt. 1980.

Samgönguráðuneytið 6. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

TEGUND SENDINGAR	Burðar- gjald aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Girðþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	240	Almennir böggjar (innanlands):	Pyngdar- mörk kg.
Póstávisanir.		Alm. böggjar aurar	Rúmfr. broth. aurar
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 10 000 nýkr. (Símapóstávisanir 5000 nýkr.).		Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd	
Burðargjald	420	20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	
b. Til annarra landa:		Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald	570	Um burðargj. fyrir böggja til útlanda	
Um hámarksupphæð póstaúsana til út- landa veita pósthúsin upplýsingar.		veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.			
Hámarksupphæð sama og póstaúsana (10 000 nýkr.) eða innborgunar á póstgíró- reikning (upphæð ótakmörkuð).		Verðbréf og -böggjar.	aurar
Burðargjald sendingar eftir tegund.		Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Skrásetningargjald	410
Með póstaúsun	790	Tryggingargjald.	
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	560	Fyrir hverjar 500 nýkr. eða minna	410
b. Til annarra landa		Blindaprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	
Burðargjald	880	Loftbréf: Söluverð 40 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (220 aurar).	
		Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	

Ymis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	410 aurar	Talning í verðbréfi innanlands: 410 aurar hver sending.
Afturköllan sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu 370 aurar		Alþjóða-svarmerki: Söluverð 400 aurar Skiptiverð í frímerkjum 220 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggja með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	880 aurar	Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 370 aurar
Móttökukvittun	230 aurar	Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 230 aurar
		Tollmeðferð böggja: 410 aurar
		Gjald fyrir að búa um böggja á ný: 230 aurar
		Geymslugjald böggja: 410 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús
		Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 230 aurar

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggja innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 100 nýkr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 750 nýkr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 21, 34, 42, 53, 63 nýkr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. febrúar 1981. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu frá 31. okt. 1980.

Samgönguráðuneytið 6. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits
flugmálastjórnar og gjaldskrá fyrir afnot flugvalla.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 31. desember 1980, um efnahagsráðstafanir, svo og 25., 37. og 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar, sbr. auglýsingu nr. 254 23. apríl 1980, svo og gjaldskrá nr. 448 22. desember 1977 fyrir afnot flugvalla, og tekur hækkun þessi þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1981.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1981

2. janúar 1981.

27

Nr. 8.

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda
og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppniðnaðar.

I. KAFLI

Um niðurfellingu og endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af vélum,
tækjum, vélahlutum og varahlutum.

Niðurfelling gjalda.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á toll, sérstakt tímabundið
vörugjald, jöfnunargjald og/eða sölugjald, af vörum í eftirtöldum tollskránum, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum:

14.05.00	73.35.09	84.11.21	84.30.12
39.07.76	73.40.56	84.11.29	84.30.14
40.09.01	74.15.00	84.13.01	84.30.19
40.09.09	74.16.00	84.14.00	84.30.20
40.10.00	74.19.06	84.15.39	84.31.10
40.14.04	76.16.04	84.15.49	84.31.20
40.14.05	82.02.00	84.16.00	84.31.30
42.04.00	82.05.00	84.17.29	84.32.10
44.26.00	82.06.00	84.18.13	84.32.20
45.04.03	82.07.00	84.18.19	84.33.10
48.08.00	83.08.00	84.18.22	84.33.20
48.15.33	84.01.10	84.18.24	84.34.10
48.20.00	84.01.20	84.18.29	84.34.20
48.21.10	84.02.10	84.18.32	84.34.30
48.21.51	84.02.20	84.18.39	84.35.10
59.16.00	84.03.00	84.19.29	84.35.20
59.17.00	84.05.10	84.19.39	84.35.30
68.04.00	84.05.20	84.21.00	84.35.40
68.06.00	84.10.20	84.22.12	84.35.50
68.10.02	84.10.32	84.22.13	84.36.10
68.13.01	84.10.39	84.22.61	84.36.20
69.09.00	84.10.41	84.22.69	84.36.30
70.20.39	84.10.61	84.22.71	84.37.10
70.21.09	84.10.69	84.22.79	84.37.20
73.27.05	84.11.11	84.29.10	84.37.30
73.29.03	84.11.12	84.29.20	84.38.10
73.32.00	84.11.19	84.30.11	84.38.20

84.38.30	84.47.01	84.61.15	85.19.30
84.39.00	84.47.09	84.62.00	85.19.40
84.40.29	84.48.10	84.63.03	85.20.20
84.40.40	84.48.20	84.63.04	85.20.40
84.40.62	84.48.30	84.63.05	85.20.50
84.40.63	84.49.10	84.63.06	85.21.31
84.40.64	84.49.20	84.63.07	85.21.32
84.40.72	84.50.00	84.63.09	85.21.39
84.40.79	84.56.10	84.64.00	85.21.40
84.41.12	84.56.20	84.65.09	85.21.50
84.41.20	84.56.31	85.01.10	85.21.60
84.42.00	84.56.32	85.01.21	85.26.10
84.43.10	84.56.39	85.01.29	85.26.20
84.43.20	84.56.40	35.01.51	85.26.30
84.44.10	84.56.50	85.01.60	85.28.00
84.44.20	84.57.00	85.01.71	90.01.09
84.45.10	84.59.10	85.01.76	90.02.09
84.45.15	84.59.30	85.01.79	90.07.12
84.45.20	84.59.40	85.01.80	90.07.32
84.45.25	84.59.60	85.01.85	90.09.01
84.45.30	84.59.70	85.01.89	90.10.10
84.45.35	84.59.81	85.01.90	90.10.20
84.45.40	84.59.84	85.02.00	90.10.32
84.45.45	84.59.89	85.11.10	90.10.33
84.45.50	84.59.91	85.11.20	90.24.01
84.45.55	84.59.99	85.12.69	90.24.09
84.45.60	84.60.00	85.18.00	90.26.09
84.45.65	84.61.01	85.19.11	90.27.01
84.45.70	84.61.02	85.19.13	91.06.00
84.45.75	84.61.11	85.19.16	96.01.02
84.46.00			

2. gr.

Nú eru vélar, tæki eða vélahlutar, sem falla undir 1. gr. auglýsingar þessarar og notað er við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sent til útlanda til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu og skal þá ekki innheimta við endurinnflutning þeirra aðflutningsgjöld eða söluskatt, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Að ábyrgðartíma loknum skal innheimta gjöld skv. 4. gr. tollskrárlaga, þó skal verðmæti véla- og varahluta, sem falla undir 1. gr. undanþegið gjöldum, enda beri viðgerðarreikningar greinilega með sér verðmæti þeirra.

3. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. og 2. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta sem notað er til framleiðslu á iðnaðarvörum í samkeppnisiðnaði, sbr. 9. gr. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi iðnfyrirtækis eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki. Fyrirsvarsmáður iðnfyrirtækis skal hvort sem það annast innflutning sjálfst eða innflutningsfyrirtæki fyrir þess hönd lýsa því yfir skriflega að varan sé eingöngu

flutt inn til eigin nota til aðvinnslu á hráefnum og efnivörum við framleiðslu á nánar tiltekinni iðnaðarvöru í samkeppnisiðnaði.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt auglýsingu þessari verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til að reka iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattyfirvöldum starfsemi sína skv. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og sýni ef óskað er skirteini frá skattyfirvaldi þess efnis, að viðkomandi hafi með höndum starfsemi sem framleiðandi iðnaðarvara og heimild til að kaupa vörur án söluskatts.

Við frágang aðflutningskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Endurgreiðslur gjalda.

4. gr.

Nú er vara, sbr. 1. gr., flutt inn til endursölu, sbr. þó 1. mgr. 3. gr., eða um er að ræða slíka vöru framleidda hér á landi og skulu þá gjöld innheimt að fullu við sölu en endurgreidd eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra), að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal borin fram í þrítíti á sérstöku eyðublaði sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru sem auk þess að tilgreina tollskrárnúmer viðkomandi vöru beri greinilega með sér hvaða gjöld hafi verið greidd og sundurliðuð upphæð þeirra eða reikningi fylgi sérstök útskrift frá seljanda er sýni tollskrárnúmer og slíka sundurliðun gjalda. Sé um vöru að ræða sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal í vörureikningi eða nefndri útskrift jafnframt tilgreina tollafgreiðslunúmer viðkomandi vörusendingar. Umsókn skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

- a. Tollskrárnúmer hvernar vöru og vörulýsingu.
- b. Kaupverð hvernar vöru fyrir sig og upphæð greiddra aðflutningsgjalda, sbr. 1. gr., og/eða sölugjalds.
- c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
- d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
- e. Yfirlýsingu umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 9. gr.

5. gr.

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 1000 nýkr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

Tollstjórar í hverju umdæmi munu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

6. gr.

Viðkomandi innheimtumaður skal við endurgreiðslu gjalda halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi númeraröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu send ríkisbókhaldi með mánaðarskilgrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í

Því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda viðkomandi umsækjanda.

II. KAFLI

Um niðurfellingu aðflutningsgjalda af efni.

7. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu iðnaðarvára í samkeppnisiðnaði svo og lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af efnivöru til framleiðslu annarar innlendrar iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Iðnfyrirtæki er framleiða slíkar vörur geta vegna innflutnings á ótollatgreiddum vörum sótt um tollviltun í skriflegu erindi til fjármálaráðuneytisins, þar sem gerð skal grein fyrir viðkomandi framleiðslu, aðföngum þeim sem óskað er eftir að njóti tollviltana og þyöngu þeirra fyrir framleiðsluna. Til frekari skýringa skulu fylgja erindinu tæknilegar upplýsingar um vöruna, teikningar, myndir og/eða sérstök lýsing.

Ráðuneytið mun þó eigi lækka eða fella niður toll af neðangreindu:

- a. Innfluttu efni sem jafnframt er framleitt innanlands og tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna samninga við EFTA og EBE. Nú fellur hráefni, efnivara eða hlutar til innlendrar framleiðslu undir tollskrárnúmer sem tollar hafa verið felldir niður af vegna samninga við EFTA eða EBE, en talið er að innlend framleiðsla sé engin eða óveruleg á slíkum vörum eða vörum með sama notagildi mun ráðuneytið að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið taka sérstaklega til athugunar beiðnir um niðurfellingu gjalda, enda verði beiðnir þar að lütandi studdar fullnægjandi gögnum m. a. um vægi kostnaðar þeirra í viðkomandi framleiðslu.
- b. Efni sem við aðvinnslu skiptir ekki um tollskrárnúmer samkvæmt tollskrárlögum, þ. e. óveruleg eða einföld aðvinnsla er eigi talin fullnægjandi svo sem sigtun, flokkun, umbuðaskipti, atöppun, ásetning merkimiða og blöndun.
- c. Efni sem tollar eru endurgreiddir af samkvæmt 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

8. gr.

Beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda af einstökum efnissendingum, þegar við tollafgreiðslu, skal fylgja auk þeirra gagna sem nefnd eru í 1. mgr. 7. gr. aðflutningsskýrsla ásamt öllum skjölum sem afhenda ber vegna tollmeðferðar vöru, sbr. 18. og 19. gr. tollskrárlaga. Vörureikningur þarf þó eigi að vera bankastimplaður. Að öðru leyti skal fullnægt skilyrðum 3. gr. auglýsingar þessarar.

Ráðuneytið getur veitt fyrirtækjum heimild til að fá tiltekna efnivöru tollafgreidda án greiðslu aðflutningsgjalda án þess að til ákvörðunar ráðuneytisins komi hverju sinni. Óski fyrirtæki slíkar heimildar skal þess getið sérstaklega í erindi þess. Teljast gögn þau sem nefnd eru í 1. mgr. 7. gr. fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Ráðuneytið getur bundið almenna heimild samkvæmt 2. mgr. skilyrðum sem við kunna að eiga hverju sinni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur til iðngreina sem framleiða vörur er tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um

aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, svo og iðngreina sem framleiða vörur sem tollar hafa verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga, án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði nefndra fríverslunarsamninga. Skipasmíðar skulu teljast til samkeppnisiðnaðar í þessu sambandi, sbr. þó c-lið 7. gr.

10. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

11. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara. Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

12. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980 og lög nr. 80/1980 um breyting á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 106 29. desember 1980 til að öðlast gildi frá og með 2. janúar 1981. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 284 11. ágúst 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1981.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldarinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 390.—
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 130.—
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 130.—
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 130.—
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 20.—
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 180.—
7. Fyrir fjármark	— 35.—
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 20.—
9. Fyrir innköllun	— 180.—
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 65.—
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 180.—
12. Fyrir dómshirtingu	— 180.—
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 100.—

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 16.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. janúar 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 538 30. október 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbertingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

G J A J D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld:

1. Vogarlóð:	
Þyngd 1—200 g	kr. 1.—
Þyngd ½ kg—20 kg	— 2.—
Þyngd 50 kg	— 6.—
Þyngd 4—8 oz	— 1.—
Þyngd 1 lb—13½ lb	— 1.—
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:	
Burðarþol: Allar stærðir	— 26.—
3. Jafnarma vogir:	
Burðarþol: Allar stærðir	— 13.—
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:	
Burðarþol 10— 100 kg	— 13.—
Burðarþol 150— 500 kg	— 20.—
Burðarþol 600— 2 000 kg	— 33.—
Burðarþol 3 000—30 000 kg	— 130.—

5. Vísavogir:		
Burðarþol	1— 5 kg	kr. 13.—
Burðarþol	10— 25 kg	— 21.—
Burðarþol	50— 200 kg	— 25.—
Burðarþol	300— 5 000 kg	— 51.—
Burðarþol	10 000—30 000 kg	— 135.—
Burðarþol yfir	30 000 kg	— 220.—
6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):		
Burðarþol	1— 25 kg	— 33.—
Burðarþol	30—100 kg	— 51.—
7. Kvarðar og málbönd:		
Lengd $\frac{1}{2}$ m—1 m		— 5.—
Lengd stálmálbönd allt að 50 m		— 13.—
Lengd mælivélar fyrir lengdarmál		— 17.—
8. Mælker:		
Rúmtak 1 dl—2 l		— 3.—
Rúmtak 10 dl—50 l		— 4.—
Rúmtak vínmælar (veltimælar og kúlum.) 3—6 cl		— 18.—
9. Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:		
Rennslismælar		— 20.—
Bensínsölumælar		— 13.—
10. Rennslismælar fyrir mjólk		— 20.—
	2. gr.	
Vottorðagjald		— 9.—

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxa hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 112 1. febrúar 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 10% hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, 336/1977 og 461/1980.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 463/1980.
3. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975 sbr. reglugerð nr. 464/1980.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 466/1980.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 467/1980.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 468/1980.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 469/1980.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 470/1980.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkaupþúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 471/1980.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkaupþúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 472/1980.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkur, nr. 138/1975, sbr. reglugerðir nr. 31/1980 og nr. 473/1980.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 474/1980.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 475/1980.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 476/1980.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 477/1980.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 478/1980.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 479/1980.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 480/1980.

19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 481/1980.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grænivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 484/1980.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 485/1980.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskaupþúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 486/1980.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 487/1980.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 488/1980.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 489/1980.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 490/1980.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 491/1980.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkaupþúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 494/1980.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkaupþúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 496/1980.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja nr. 120/1975, sbr. reglugerðir nr. 89/1977, 335/1977 og 497/1980.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og nr. 498/1980.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 499/1980.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 501/1980.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík, og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 500/1980.
35. Gjaldskrá fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 502/1980.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 503/1980.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda fram að álagningu á árinu 1981.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1981. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldandi hver greiða á hverjum gjalddaga 14% — fjórtán af hundraði — þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1980.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1981 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema að rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1979 og 1980 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1980 sé meira en 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1979, eftir að þær síðarnefndu hafa verið hækkaðar um 45%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástandur gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á fyrri hluta ársins 1981 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 49. gr. l. nr. 7/1980 um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. l. nr. 40/1978, sbr. 49. gr. l. nr. 7/1980 öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. janúar 1981.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

9. janúar 1981.

37

Nr. 13.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaefirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1. Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2. Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,17 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 165,00.
- 1.3. Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1 100,00 að viðbættum kr. 0,33 fyrir hvert kg.
- 1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1. Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf	Verkleg próf
Einkaflugmaður	kr. 110,00	kr. 88,00
Atvinnuflugmaður	— 132,00	— 88,00
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 165,00	— 110,00
Blindflugsréttindi	— 132,00	— 110,00
Flugkennararéttindi	— 110,00	— 88,00
Flugumsjónarmaður	— 165,00	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 44,00	

- 2.2. Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 44,00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 31 21. maí 1961, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi 6. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 7 6. janúar 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 254 23. apríl 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

- 1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot flugvalla við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Reykjavík og Sauðárkrók.
- 1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Húsavík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Reykjavík, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar.

2. Lendingargjöld.

- 2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 4,40 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
- 2.2. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.3., skal greiða kr. 2,20 fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
- 2.3. Fyrir notkun flugvallar utan auglýsts þjónustutíma er innheimt tvöfalt lendingargjald, og er lágmarksgjald þá kr. 33,00.

3. Stæðisgjald.

- 3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
- 3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greitt stæðisgjald samsvarandi 1,10 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

- 4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
- 4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- 4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalfrankvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
- 4.5. Eins-hreyfils loftför í innanlandsflugi, sem ekki hafa skráð fleiri en fjögur sæti.
- 4.6. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
- 4.7. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

- 5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
- 5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Eldsneytisgjald.

- 6.1. Af öllu eldsneyti, sem ætlað er til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:

- a. Flugbensín kr. 0.0154 á hvern lítra.
 b. Þotueldsneyti — 0.0110 á hvern lítra.
- 6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi oliufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

7. Flugskýlisgjald.

- 7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins:
 a. Innanlandsflug: Kr. 2.20 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 33.00 á mánuði.
 b. Millilandaflug: Samsvarandi 2.86 Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
- 7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1., miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinn hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

- 8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.
- 8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða giróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða giróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 6. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 7 6. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 448 22. desember 1977 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | |
|--|----------|
| 1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára | kr. 90.— |
| 2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra | — 50.— |
| 3. Fyrir staðfestingararitun í vegabréfi eða önnur persónuskilríki | — 16.— |
| 4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal) | — 16.— |

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1981. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkissáðuneytisins frá 9. janúar 1980.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	6.50
Einstakir miðar, börn	—	3.00
10 miðar, fullorðnir	—	40.00
10 miðar, börn	—	13.00
10 miðar, aldraðir	—	20.00
Gufubað	—	11.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir	—	125.00
Sundnámskeið, börn	—	90.00
10 miða kort 16 ára og eldri, sundfélög	—	14.00
10 miða kort yngri en 16 ára, sundfélög	—	7.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 566 24. október 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. mars 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómilna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómilnafjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvisandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvisandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. maí 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvisandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- A. 64°04'9 N, 23°45'0 V
- B. 64°04'9 N, 23°42'0 V
- C. 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvisandi.

3. gr.

Á tímabilinu 20. mars til 15. maí 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- A. 63°10'0 N, 22°00'0 V
- B. 63°25'3 N, 22°00'0 V
- C. 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá 1. febrúar 1981, fellur úr gildi reglugerð nr. 547 10. október 1980, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

G J A L D S K R Á

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hljóðvarp:

(Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1.

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur.

Tapað-fundið. Góðgerðarstarfsemi Nýkr. 6,00

Flokkur 2.

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00

— 10,00

Flokkur 3.

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir

— 12,00

Flokkur 4.

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir

— 24,00

II. Sjónvarp:

(Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	Nýkr.	816,00
10 —	—	1 266,00
15 —	—	1 584,00
20 —	—	1 974,00
25 —	—	2 219,00
30 —	—	2 475,00
35 —	—	2 925,00
40 —	—	3 150,00
45 —	—	3 375,00
50 —	—	3 750,00
55 —	—	4 125,00
60 —	—	4 500,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. febrúar 1981 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 13. janúar 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

27. janúar 1981.

43

Nr. 19.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir pósthjónustu, nr. 6 6. janúar 1981.

1. gr.

Burðargjald almennra, rúmfrekra og brothættra böggla innanlands, sem eru yfir 15 kg. og allt að 20 kg. að þyngd skal vera 6300 aurar í stað 8600 aurar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. febrúar 1981.

Samgönguráðuneytið, 27. janúar 1981.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur,
nr. 108 4. mars 1975, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 61 25. janúar 1977.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,36 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,18 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0,36 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 24,60 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 123,55.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0,13 af hverri brúttórúmllest skipsins en þó aldrei minna en kr. 28,75.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 73,15 fyrir hvert skip, auk kr. 0,18 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 15,95 í hafnsögusjóð.

5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 6,70 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 14,20 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 39,15 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 3,85 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 3,20.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 11 12. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 461 15. ágúst 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness,
nr. 267 11. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 388 26. nóvember 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,36 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,18 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0,36 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 24,60 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 123,55.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldþagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 73,15 fyrir hvert skip, auk kr. 0,18 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 15,95 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 6,70 fyrir hver 1000 kg.
Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Mosfellshreppi skal á meðan hreppsnefnd Kjalarneshrepps leyfir ekki fólksbifreiðastöð fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöð í Mosfellshreppi, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Mosfells- og Kjalarneshreppa, þannig að ein bifreið komi á hverja 500 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands. Í fyrstu skal þó úthluta 7 atvinnuleyfum til stofnenda bifreiðastöðvarinnar í Mosfells- og Kjalarneshreppum.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu er fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Mosfellshreppi, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Mosfellshreppi og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Mosfellshreppi.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Mosfellshreppi hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrirfram.

4. gr.

Í Mosfellshreppi skal bifreiðastöðin ávallt vera opin alla nóttina um helgar.

Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum sem stjórn bifreiðastöðvarinnar kann að setja í samráði við félag atvinnuleyfihafa, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélags Kjósarsýslu fyrir 1. okt. ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

- Vottorð frá bifreiðastöð í Mosfellshreppi um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
- Hegningarvottorð.
- Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili á fólks- svæði Bifreiðastjórafélags Kjósarsýslu.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu á félagssvæði Bifreiðastjórafélags Kjósarsýslu.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglum greinar þessarar um starfsaldur og búsetu í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðastjórar, sem hafa atvinnuleyfi en hafa lagt það inn hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár frá því það var lagt inn, minnst í 6 mánuði.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þesari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjórufélags Kjósarsýslu en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórufélags Kjósarsýslu skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusettt og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórufélags Kjósarsýslu, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigu-bifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar og sækji um upptöku í stéttarfélag bifreiðastjóra í Kjósarsýslu.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur eigin bifreiðar.

8. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðastjóra og bifreiðaeiganda.

III. KAFLI

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri bifreiðastöð í Mosfellshreppi sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af hreppsnefnd Mosfellshrepps.

Óheimilt er bifreiðastöðinni að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutninga milli stöðva hefur borist frá stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda stéttarfélagi bifreiðastjóra yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem leyfishafi flytur frá, skal félag atvinnuleyfishafa staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til félags atvinnuleyfishafa, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn félags atvinnuleyfishafa, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Hafi leyfishafi ekki átt bifreið í 1 ár eða lengur hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftari, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð leggja málið fyrir úthlutunarmenn. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörslu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgönguráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma, eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Tilkynna skal þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu á.

13. gr.

Heimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, þó báðir hafi ekki atvinnuleyfi. Þegar svo er gert getur samgönguráðuneytið ákveðið í samráði við stjórn félags atvinnuleyfishafa í Mosfellshreppi, verði tilfinnanlegur skortur leigubifreiða, að út verði gefnar tímabundnar undanþágur eftir reglum sem samgönguráðuneytið setur.

Einnig er stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra skylt að veita undanþágu í eftirgreindum tilvikum:

- a. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum, enda leggi hann fram yfirlýsingu frá lækni þeim sem hann hefur verið í meðferð hjá um að endurhæfing sé honum nauðsynleg í takmarkaðan tíma.
- b. Heimila má launþega að aka í atvinnuleyfi vinnuveitanda síns öðrum bíl en vinnuveitanda, sé um að ræða stöðvun vegna bilunar í minnst 7 daga eða lengur. Skal stjórn félags atvinnuleyfishafa athuga réttmæti umsókna samkvæmt grein þessari hverju sinni.

14. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 15. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði frá lækni.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu félags atvinnuleyfishafa, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna sem viðkomandi félag atvinnuleyfishafa á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé hann félagi í félagi atvinnuleyfishafa. Heimilt er að framlengja tíma þennan, ef sérstakar ástæður mæla með því, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.
- d. Félag atvinnuleyfishafa skal, ef sérstaklega stendur á, og ef verulegar ástæður mæla með því, heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig um ákveðinn tíma, enda séu úthlutunarmenn því meðmæltir.
- e. Félag atvinnuleyfishafa skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofs-tíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til félags atvinnuleyfishafa. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökuþing, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá skylt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum félagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá í aðgengilegu formi yfir veittar undanþágu samkvæmt reglugerð þessari og hafa úthlutunarmenn og samgönguráðuneytið aðgang að henni, hvenær sem óskað er.

16. gr.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, skal stjórn félags atvinnuleyfishafa veita undanþágu frá 1. mgr. 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219 9. maí 1979, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Fyrri málsgrein 1. gr. orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík, skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurkaupstaðar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

c-liður 2. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

4. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

3. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist þannig:

Þeir bifreiðastjórar sem vinna þau störf, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

4. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 632 18. desember 1980, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 632 18. desember 1980, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981 gilda um togveiðar allra loðnuskipa, án tillits til stærðar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 425/1980, með þessum breytingum:

1. Á tímabilinu 10. febrúar—30. apríl 1981, skal hvert loðnuskip láta af þorskveiðum í a. m. k. 25 daga.
2. Stundi skip loðnuveiðar eftir 10. febrúar 1981, telst sá tími ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks.

1. gr.

Markmið starfsmenntunar leiðsögumanna ferðafólks er að mennta og þjálfa fólk til að kynna Ísland fyrir ferðamönnum, erlendum og innlendum.

2. gr.

Í þessu skyni stendur Ferðamálaráð Íslands, svo oft sem þurfa þykir, fyrir námskeiðum, þar sem kennd eru undirstöðuatriði um:

- a) sögu landsins og þjóðmenningu, jarðfræði, náttúrufræði, þjóðfélagsleg málefni, bókmenntir og listir.
- b) þau landssvæði, sem ferðamenn heimsækja og þær ferðir, sem í boði eru fyrir ferðamenn.
- c) þróun ferðaþjónustu, skipulag ferðamála, skyndihjálp, starfsreglur og tækni-
legar leiðbeiningar í leiðsögu, framsögn og notkun talkerfa.

3. gr.

Á námskeiðum þessum skal leggja áhersla á fræðslu um eftirfarandi atriði:

I. Almennur fróðleikur.

1. **Jarðfræði:** Aldur jarðar. Jarðsöguleg tímabil. Aldur Íslands. Jarðsöguleg uppbygging landsins. Landrekskenningin og tengsl landsins við Atlantshafshrygginn. Jarðskjálftabeltin. Virku gosbeltin. Orsök eldvirkni og tíðni eldgosa hér á landi. Helstu þættir landmótunar. Helstu eldfjöll, bergtegundir og gerðir eldstöðva. Hraungerðir og stærð hrauna. Jarðhiti og skipting í háhita- og lághita-svæði. Notkun jarðhita hér á landi. Goshverir og orsök hveragosa. Holufyllingar, helstu tegundir og myndun þeirra. Jöklar og menjar jökulrofs. Ár, fossar og gljúfur. Áfok og uppblástur. Hagnýt jarðefni. Útskýring á helstu náttúrumyndunum.
2. **Gróður:** Einkenni íslenska plöturíkisins. Breytingar á gróðurfari frá því fyrir ísöld til þessa dags. Helstu orsakir gróðureyðingar. Gróðurmörk. Skógarmörk. Landgræðsla. Skógrækt. Friðaðar plöntutegundir. Íslenskar jurtir í þjóðtrú, til lækninga og litunar.
3. **Dýralíf:** Einkenni íslenska dýraríkisins. Helstu fuglategundir hérlendis. Uppruni íslenskra húsdýra. Einkenni íslenska hestsins. Íslenskir ferskvatnsfiskar. Laxa- og silungsrækt. Dýr í íslenskri þjóðtrú.
4. **Veður:** Helstu veðurfarsbreytingar hér á landi og afleiðingar. Einkenni veðurfars nú á dögum. Golfstraumurinn og áhrif hans á veðurfar og landshagi. Úrkoma. Meðalhiti.

5. **Náttúruvernd:** Lög um náttúruvernd. Mismunandi tegundir friðlýsingar. Friðlýstir staðir og staðir á náttúruminjasrá. Umgengnisreglur á gæslustöðum. Samskipti ferðamanna, leiðsögumanna og gæslumanna.
6. **Saga Íslands:** Elstu heimildir um Ísland og fyrstu heimsóknir manna til landsins. Uppruni víkinga. Kenningar um orsakir víkingaferða. Helstu víkingabyggðir. Ásatrú. Landnám Íslands. Uppruni landnámsmanna. Afdrifarríkustu atburðir Íslandssögunnar: Stofnun Alþingis. Þjóðveldi. Kristni. Mótun íslenskrar kirkju. Tíund. Sturlungaöld. Ísland fer undir stjórn Noregskonungs og síðan Danakonungs. Svarti dauði. Siðaskipti. Verslunareinokun. Einveldi Danakonungs á Íslandi. Sjálfstæðisbaráttan: Stjórnarskrá, heimastjórn, fullveldi, fullt sjálfstæði. Stjórn landsins. Alþingi. Stjórnsmálaflokkar. Alþjóðasamtök, sem Ísland á aðild að.
7. **Atvinnuvegir:** Helstu þáttaskil í þróun aðalatvinnugreinanna, landbúnaðar, fiskveiða, verslunar og iðnaðar. Ástand og horfur í atvinnumálum. Helstu viðskiptalönd. Skipting útflutnings og innflutnings eftir vörutegundum. Skipting mannafla eftir atvinnugreinum.
8. **Þjóðfélagsmál:** Íslensk menning. Kirkjumál. Menntamál. Heilbrigðismál. Skattamál. Húsnæðismál. Lífsafkoma o. s. frv.
9. **Bókmenntir:** Innihald íslenskra fornbókmennta. Kenningar, orsakir og gildi íslenskrar sagnaritunar. Helstu tegundir bókmennta frá landnámi til þessa dags. Íslensk bókagerð og bókaútgáfa. Þekktir íslenskir rithöfundar. Verðlaunahafar.
10. **Listir:** Íslenskur heimilisiðnaður. Þróun listgreina, sem hér eru stundaðar svo sem byggingarlist, myndlist, höggmyndalist, tónlist, leiklist, listdans. Leikhús og leikhússókn. Þekktir íslenskir listamenn. Verðlaunahafar. Styrkir til íslenskra listamanna.
11. **Söfn:** Byggðasöfn og listasöfn hérlendis. Safngripir og höfundar listaverka.
12. **Annað:** Helstu íþróttagreinir, sem hér eru stundaðar, og staða þeirra borið saman við árangur annarra þjóða. Helstu afreksmenn.
13. **Ferðamál:** Þróun ferðaþjónustu hér á landi. Skipulag ferðamála. Ýmsar greinar ferðaþjónustunnar svo sem ferðaskrifstofur, gisti- og veitingastaðir, flugfélög og ferðir, bílastöðvar, bílaleigur, minjagripaverslanir o. fl. Skipulagðar ferðir.

II. Svæðafraeðsla:

Landinu skal skipt í svæði og framangreindir málaflokkar athugaðir með tilliti til þess. Kynntir helstu áningarstaðir ferðamanna á svæðunum og þær ferðir, sem þar eru í boði.

III. Skyndihjálp og tæknilegar leiðbeiningar:

Lögð skal áhersla á, eftir því sem aðstæður leyfa, að búa þátttakendur undir að geta veitt farþegum fyrstu hjálpu, ef slys ber að höndum. Einnig skal eftir föngum kynna þátttakendum starfsreglur leiðsögumanna og gefa tæknilegar leiðbeiningar í leiðsögu, framsögn og notkun talkerfa.

4. gr.

Námsskrá og prófskilyrði skulu nánar ákveðin af stjórnarnefnd Ferðamálaráðs í samvinnu við stjórn Félags leiðsögumanna.

5. gr.

Námskeiðin skulu vera opin þeim, sem eru íslenskir ríkisborgarar og orðnir 20 ára og hyggja á vinnu við leiðsögu eða fararstjórn ferðamanna. Æskilegt er að þátttakendur hafi stúdentspróf eða hliðstæða menntun. Víkja má frá þessari reglu að fenginni umsögn stjórnar Félags leiðsögumanna.

6. gr.

Heimilt er að takmarka fjölda þátttakenda á hverju námskeiði og ef þörf krefur velja úr umsóknnum með tilliti til tungumálakunnáttu, framkomu, reynslu í ferðamennsku, hæfileikum til hópstjórnar og tjáningar.

Ofangreindir þættir skulu kannaðir með viðtölum við umsækjendur, áður en námskeið hefst.

7. gr.

Námskeiðin skulu standa frá hausti til vors og skiptast í tvær annir, haustönn og vorönn. Báðum önnum skal ljúka með munnlegum og skriflegum prófum, þar sem könnuð skal þekking á staðreyndum og hæfileikum til að koma þeim á framfæri á skýran og skipulegan hátt. Munnleg próf skulu tekin á þeim erlendu tungumálum, sem þátttakendur bjóða fram. Skrifleg próf skulu tekin á íslensku og/eða erlendum tungumálum að einhverjum hluta.

Þeir, sem standast munnleg og skrifleg próf í lok haustannar, fá rétt til þátttöku í vorönn. Þeir einir, sem standast bæði munnleg og skrifleg próf vorannar hljóta skirteini sem leiðsögumenn ferðafólks og gilda þau í 5 ár. Að 5 árum liðnum endurnýjast skirteinin sjálfkrafa, enda hafi leiðsögumaður unnið a. m. k. 15 dagsverk að jafnaði árlega á þessu tímabili, ella sæki hann endurhæfingarnámskeið.

Eldri félagar Félags leiðsögumanna skulu hafa starfsréttindi og sömu skirteini og þeir sem ljúka prófi frá leiðsögumannanámskeiðum Ferðamálaráðs, enda hafi þeir unnið a. m. k. 15 dagsverk að jafnaði árlega á s. l. 5 árum, en sæki endurhæfingarnámskeið ella.

8. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal, svo oft sem þörf krefur, halda endurhæfingar- og sérhæfingarnámskeið fyrir starfandi leiðsögumenn ferðafólks þar sem þeim gefst kostur á að sérhæfa sig í ákveðnu kjörsvæði eða kjörsvæði. Á slíkum sérhæfingarnámskeiðum skal lögð áhersla á fyllri og nákvæmari fræðslu um ákveðin svæði eða sérsvið en unnt er að veita á byrjendanámskeiðunum og búa þátttakendur undir að fræða hópa, sem gera sérhæfðar kröfur, svo sem um ákveðin svæði landsins eða sérsvið (t. d. sögu, fuglalíf, jarðfræði, þjóðfélagsmál o. þ. h.). Um námsskrá og kröfur fyrir þessi námskeið gilda ákvæði 4. gr.

9. gr.

Ferðamálaráð greiðir kostnað við nám og þjálfun leiðsögumanna að svo miklu leyti sem þátttökugjöld hrökkva ekki til.

Ferðamálaráð getur falið öðrum framkvæmd einstakra námskeiða að einhverju eða öllu leyti.

10. gr.

Ferðamálaráð skal halda skrá yfir alla þátttakendur á námskeiðum þessum og skrá við nöfn þátttakenda þá áfanga og sérhæfingu, sem hver og einn hefur aflað sér samkvæmt reglum þessum.

Ferðamálaráð skal starfrækja ráðningarmiðstöð fyrir leiðsögumenn og vinnuráðendur þeirra í samvinnu við samtök þessara aðila um a. m. k. þriggja mánaða skeið að sumrinu til.

11. gr.

Ef erlendur ríkisborgari stundar störf á Íslandi (leiðsögu, fararstjórn eða önnur skyld landkynningarstörf), skal hann hafa atvinnuleyfi frá Félagsmálaráðuneyti.

12. gr.

Leiðsögumanni ferðafólks er skylt að sjá um að farþegar hans fylgi settum reglum um umgengni við landið og náttúru þess, svo og vara þá við fyrirsjáanlegum hættum.

Leiðsögumaður skal í starfi sínu vera hlutlaus í frásögn og forðast að særa siðgæðisvitund og trúartilfinningu farþega sinna.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 81.

26. janúar 1981.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt nr. 137 26. júlí 1971
um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.**

2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00. Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 8.00—12.00 á tímabilinu 1. janúar — 1. júní og á tímabilinu 1. sept. — 31. desember.

Auk þess er að framan greinir er verslunum heimilt að hafa opið allt að 8 stundir í viku á eftirfarandi tímum:

Frá mánudegi til föstudags kl. 18.00—22.00. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 2 í hverri viku.

Verslanir, sem nýta sér framangreinda heimild, skulu tilkynna borgaryfirvöldum hvernig heimildin muni notuð og auglýsa það á áberandi stað í versluninni. Með eins mánaðar fyrirvara skal á sama hátt tilkynna um breytingar, sem gerðar eru á notkun heimildarinnar. Brjótí verslanir ákvæði reglugerðarinnar um aukinn afgreiðslutíma skal það varða niðurfellingu á ofangreindri heimild í 3.—12 mánuði í senn.

Í desember skal auk þess heimilt að halda sölubúðum opnum þannig:

Fyrsta laugardag til kl. 16.00, annan laugardag til kl. 18.00, þriðja laugardag til kl. 22.00 og 23. desember til kl. 23.00. Bæri 23. desember upp á sunnudag, skal heimilt að hafa opnar verslanir til kl. 23.00 laugardaginn 22. desember.

Borgarráð getur að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands heimilað sölustöðum að hafa opið til kl. 12.00—16.00 á laugardögum, þó eigi fleiri en 1—2 verslunum í hverri grein í einu og ekki á tímabilinu 1. júní — 1. september. Einnig getur borgarráð, að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands, heimilað smásöluverslunum að halda vörusýningar á sölustað utan venjulegs afgreiðslutíma, enda fari engin sala fram.

Brjótí verslanir framangreind ákvæði um heimildir til þess að hafa opið á laugardögum eða heimildir til þess að efna til vörusýninga getur borgarráð fellt niður heimildir þeirra í ákveðinn tíma.

Borgarráð getur að fenginni umsögn lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrr en segir í grein þessari.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Fylgiskjal.

Tillaga um vörulista skv. 3. mgr. 4. gr.:

Sælgæti
Kex- og brauðvörur
þ. á m. brauðsamlokur
Tóbaksvörur
Öl og gosdrykkir
Blöð og tímarit
Ís, iskökur, íssósur
Heitar pylsur
Rafhlöður
Skyndiplástur
Salthnetur
Kartöflulögur
Kaffi
Te
Mjólkurduft
G-vörur
Nýir ávextir
Niðursoðnir ávextir
Ávaxtasafi
Harðfiskur
Blöðrur
Flugeldar

Öryggi
Eldspítur
Dömubindi
Bómull
Rakblöð
Sólgleraugu
Kort
Frimerki
Bolluvendur
Spil
Greiður
Hárlakk
Hárkrem
Filmur
Stílabækur
Reiknibækur
Blýantar
Vinnuvettlingar
Rakspíritus
Raksápa
Sokkar
Sokkabuxur.

5. febrúar 1981.

Nr. 82.

R E G L U G E R ð

um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kaupúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

Vik í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannabústaðar.

Hella:

Prúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðarvegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtavegur (314) frá Pálsbæ að Gaulverjabæjarvegi (33).

Eyrbakki:

Álfsstétt frá Túngötu að Götunni. Gatan frá Álfsstétt að Búðarstíg. Búðarstígur frá Götunni að Einarshafnarvegi. Einarshafnarvegur frá Búðarstíg að bryggju.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardæla-vegar vestri. Eyrbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) um Eyrvæg að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) upp að Grýlu. Þelamörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings h.f., um Óseyrarbraut að Egilsbraut. Egilsbraut frá Óseyrarbraut að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Víkurbraut frá enda Grindavíkurvegur (43) við félagsheimilið Festi að kirkju. Ránargata frá Víkurbraut að höfn. Austurvegur frá Ránargötu að Mánagötu.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) frá tengingu að bræðsluverksmiðju að Strandgötu að enda Reykjanesbrautar. (41).

Gerðar, Gerðahreppi:

Garðskagavegur (41) frá vegi að Réttarholti að Útgarðsvegi. Útgarðsvegur frá Garðskagavegi (45) að vegamótum utan Hofa. Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg. Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar. Hafnargata frá Flugvallarvegi að Víkurbraut. Víkurbraut frá Hafnargötu að hafnarvog.

Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði. Njarðvíkurbraut frá Innri-Njarðvíkurvegi (422) að Hafnarbraut.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Hafnargata frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegur (420) og Vogavegur (421) að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal. Fjarðargata og Strandgata að Ásbraut. Ásbraut frá Strandgötu að Reykjanesbraut (41). Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Hafnarfjarðarvegur (40). Lækjargata milli Strandgötu og Reykjanesbrautar (41).

Bessastaðahreppur:

Álftanesvegur (416) frá Landakoti að Bessastaðavegi (415).

Garðabær:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegur (40) og Reykjanesbrautar (41). Bæjarbraut milli Vífilsstaðavegar (412) og Arnarnesvegur (411).

Kópavogur:

Nýbýlavegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) að Suðurhlíðarvegi. Suðurhlíðarvegur frá Nýbýlavegi að Reykjanesbraut (41).

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Ánanaust; Hringbraut, Mikla-
braut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að
Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breið-
holtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um
Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut
og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi. Sóleyjargata, Frikirkjuvegur, Lækjar-
gata, Kalkofnsvegur.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum
byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsvegur (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá
Þverholti ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog
(nálægt Hrossatanga).

Akranes:

Kalmannsbraut frá Esjubraut, Kirkjubraut að Akratorgi, Akratorg og Akurs-
braut að Faxabraut. Faxabraut frá Akursbraut að ferjubryggju. Esjubraut frá
Kirkjubraut að Víkurbraut.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá tengingu í Sandvík um Borgarbraut og Brákarbraut að
höfn í Brákarey.

Hellissandur og Rif:

Höskuldsbraut frá Útnesvegi (574) að Skólabraut, Keflavíkurgata frá Útnesvegi
(574) að enda hennar við Höskuldsá. Gata frá Útnesvegi (574) að Rifshöfn.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá tengingu við Innra-Klif um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma „Norðurtangi“ frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsvegur (57) frá því á móts við innri hafnargarð um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstig.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá vestri gatnamótum við Nesveg, um Aðalgötu og Hafnargötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum við mjólkurbú að gatnamótum 140 m norðan áhaldahúss Vegagerðar ríkisins og álma að höfn frá Vestfjarðavegi að Kaupfélagshúsum.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá Bergstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsstötu að hafnarbakka í Patreksstöðum.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðarvegur (617) (Strandvegur) frá innstu húsum í þéttbýlinu 170 m innan Geitár að ystu húsum í þéttbýlum 110 m innan við nýja brú á Hólsá.

Bíldudalur:

Ketildalvegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegur (63), við Litlu-Eyri, um Dalbraut og Tjarnarbraut að Jaðri. Hafnarsteigur að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622). Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk sem rennur utan til við ysta hús kaupsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Djúpvegur (61) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána um Aðalstræti og Hafnarstræti og Hafnargötu niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Djúpvegur (61) frá tengingu við íþróttavöll um Sólgötu og Fjarðarstræti að húsinu nr. 13 við Hnífsdalsveg, ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju. Í Hnífsdalsbyggð; Djúpvegur (61) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör, svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Túngötu, ásamt álmu að hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (58) frá sýslumannsbústað um Hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum við mjólkurstöð um Hvammstanga-
braut og Norðurbraut að Hvammavegi. Klapparstígur og Strandgata frá Hvamm-
stangabraut að nyrðri hafnargarði.

Blönduós:

Norðurlandsvegur (1) frá Blöndubrú að tengingu að áhaldahúsi V. r. Húnabraut
frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju. Gata frá Norður-
landsvegi (1) við Svínvetningabraut að Aðalgötu.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut,
Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skag-
firðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75)
frá mjólkursamlagi um Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Hofsós:

Skólagata frá Siglufjarðarvegi (76) að Suðurbraut og Suðurbraut frá Austurgötu
að nyrðri (vestari) hafnargarði.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Túngötu og Snorrögötu
að götu til hægri 990 m frá enda Túngötu. Aðalgata frá Túngötu, Tjarnarbraut að
höfn. Gránugata frá Tjarnarbraut að Lækjargötu. Lækjargata frá Gránugötu að Aðal-
götu. Norðurgata frá Gránugötu að Öldubrjót.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá vegamótum við fyrirhugaða bensinstöð um Aðalgötu
að brú á Ólafsfjarðará, ásamt álmu að hafnargarði. Ólafsfjarðarvegur eystri (802)
um Ægisgötu frá Aðalgötu að gatnamótum við Bylgjubygð.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að
Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karls-Rauða-torgi, Gunnarsbraut frá
Karls-Rauða-torgi að brú á Brimnesi og Karls-Rauða-torgi frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu og álma
um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðarbraut) um Hörg-
árbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi,
er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Grenivík:

Ægissíða frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að gamla útibúi KEA og að tengingu frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol, að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) gegnum Húsavík um Stangarbakka frá tengingu inn á iðnaðarsvæði í Hauksmýri (sunnan sláturhúss K. Þ.) og Héðinsbraut frá Stangarbakka að Baldursbrekku.

Reykjahlíð:

Hlíðarvegur frá Norðurlandsvegi (1) að Múlavegi.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kaptúnið og álma að höfn, þ. e. Sléttubraut frá gamla barnaskólanum að Aðalbraut. Aðalbraut frá Sléttubraut að Bæjarhálsi og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) í gegnum kaptúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Lauganesvegi. Lauganesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við olíustöð og Hafnarvegur frá Langanesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) gegnum kaptúnið með álmu að höfn, þ. e. Hamrahlíð frá syðsta húsi að Miðbraut. Miðbraut frá Hamrahlíð að Kolbeinsgötu, Kolbeinsgata frá Hafnarbyggð suður fyrir hús nr. 64 og Hafnarbyggð frá Kolbeinsgötu að bryggju neðan Kaupfélags.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) að tengingu verkstæðishúss Brúnáss. Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum Árskóga, Skógarlönd frá Tjarnarbraut að Árskógum, Árskógar frá Skógarlöndum að Ártröð. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi (92) að Mjólkurstöð.

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá kirkjugarði um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyrarvegur og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyrarvegur (951) um Ránargötu að götu að Vélsmiðjunni Stál. Hánefsstaðavegur um Austurveg að Hafnargötu og Hafnargötu frá Austurvegi að Flísarhúsalæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupsstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kviagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðavegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá ristarhliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) og gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 369 27. ágúst 1979.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir meðferð
húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.**

1. gr.

Í heilsugæslustöðvum, svo og á sérstöku göngudeildum, sem viðurkenndar eru af heilbrigðismálaráðuneytinu, má veita sjúklingum með hverskonar húðsjúkdóma viðeigandi meðferð samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið. Að meðferðinni starfi hjúkrunarfræðingar eða annað heilbrigðisstarfsfólk, sem ráðuneytið telur hafa næga kunnáttu til starfans.

2. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða fyrir meðferð, sem um ræðir í 1. gr., samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Í gjaldskránni má

ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð. Þegar um er að ræða stofnanir, sem daggjaldanefnd ber að setja gjaldskrá, samkv. 46. gr. almtr.laga, kveður ráðuneytið einnig á um skiptingu greiðslu milli samlags og sjúklings.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1978 um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
- Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- Stokk til útdráttar á lykिलölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvitugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d-liður 13. gr. orðist svo:

- Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976
um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórn að af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvitugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d liður 19. gr. orðist svo:

- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórn að af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stökk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera reglugerur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d-liður 13. gr. orðist svo:

- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.
nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 5 400.00 á ári.

Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar:

84.19.21 og 84.22.39.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980 og nr. 80/1980 um breyting á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 106 29. desember 1980 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. febrúar 1981.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

6. febrúar 1981.

Nr. 89.

AUGLÝSING

um samræmingu tolla samkvæmt 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tollskrárn. sem samræmt er við
38.19.49	Ryðvarnarefni	27.10.82
38.19.49	„GALFOR R502“ frysti- og kælimiðill	29.02.40
38.19.49	Efnið „HAFTVERMITTLER BS“	27.10.89
	(Ráðuneytisbr. 01.12.72 fellt úr gildi)	
39.01.59	Stagnir úr pólyamíd	74.03.01
39.02.35 o. fl.	Áprentuð filma í rúllum, framleidd þannig að „límt“ er saman „sellofan“ og plastfilma	48.16.08
39.07.16	Plastumbúðir með viðeigandi áletrun um útflutning, „laminat- ed“ pokar), þ. e. pokar framleiddir þannig að „límt“ er saman „sellofan“ og plastfilma	48.16.08
39.07.30	Glysvarningur úr plasti (imitation jewellery), sbr. aths. 8a við 71. kafla 1. gr. tollskrárlaga, þó ekki úrfestar	71.16.00
39.07.39	Bréfastaklemmur úr plasti	83.05.09
39.07.99	Vörumíðar og merkimiðar (þ. m. t. hólkar), einnig áprentað og límborið	48.19.09
39.07.99	Svonefnd „stoppnet“ fyrir gólfteppi	59.06.09
39.07.99	Verkfæratöskur og önnur áþekk ílát	42.02.49
46.03.09	Körfur úr fléttiefnum („Backschüsseln“)	44.24.00
46.03.09	Lampaskermar úr fléttiefnum	39.07.47
59.02.29	„ANGEL SET“ eða englamyndir úr flóka	49.11.21

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tollskrárn. sem samræmt er við
59.15.00	Vatnsslöngur og aðrar svipaðar slöngur úr spunatrefjum	40.09.09
68.10.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
68.10.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
70.14.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
73.38.19	Strauborð úr stáli	44.24.00
73.40.59	Verkfæratöskur og önnur áþekk ílát	42.02.49
74.19.06	Keðjur í metratali og einstakir tengihlutir fyrir þær, húðað góðmálmi	71.12.00
75.06.09	Keðjur í metratali og einstakir tengihlutir fyrir þær, húðað góðmálmi	71.12.00
76.15.10	Strauborð úr áli	44.24.00
83.02.09	Smávarningur og annað þess háttar úr ódýrum málmum til reiðtygjasmíði	39.07.66
84.08.49	„JET PUMPS“ eða „Hamilton Jet Units 750/770“, þ. e. vökva- dæla ásamt „gír“, sjó- eða vatnsinntaki og stillanlegri út- rennslispípu, sem ætlað er að koma í stað skipsskrúfu	84.65.01
84.15.32	Kæli- og frystivélar til framleiðslu á mjólkuris og kældum og frystum drykkjarvörum, enda séu þær með innbyggðum hræri- og blöndunarbúnaði, mótum o. s. frv. (Ákvörðun tók gildi 1. sept. 1980)	84.17.24
85.12.59	„Home Sauna“ og „Sunsaua“ geilsabúnaður	90.17.10

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt vatnalögum nr. 15 29. júní 1923 hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gildandi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 2. janúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um sölu varnarliðseigna.

1. gr.

Starfrækja skal verslun á vegum ríkisins með nafninu SALA VARNARLIÐS-EIGNA.

2. gr.

Sala varnarliðseigna skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérgreindum fjárhag og reikningshald.

Fyrirtækið heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Utanríkisráðherra skipar framkvæmdastjóra Sölu varnarliðseigna.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Hann ræður fast starfsfólk þess að fengnu samþykki utanríkisráðuneytisins.

Framkvæmdastjóri skal afla samþykkis utanríkisráðuneytisins til allra meiri háttar ráðstafana, svo sem kaup og sölu fasteigna og veðsetningu þeirra. Að öðrum kosti skulu slíkar ráðstafanir ekki vera gildar.

Utanríkisráðuneytið skal setja framkvæmdastjóra erindisbréf, þar sem starfskyldur hans eru nánar greindar.

4. gr.

Framkvæmdastjóri og fastir starfsmenn Sölu varnarliðseigna skulu taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

5. gr.

Hlutverk Sölu varnarliðseigna er þetta helst:

1. Að annast yfirtöku og kaup á umfram- og afgangsvörum frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli eftir því sem nánar er ákveðið í samningi varnarliðsins og utanríkisráðuneytisins frá 1962.
2. Að annast kaup á bifreiðum, rafmagnstækjum og öðrum búnaði, sem einstakir starfsmenn varnarliðsins óska að selja en hafa flutt hingað til lands án greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts samkvæmt heimild í lögum 110/1951.
3. Að annast kaup á vélum og bifreiðum, tækjum og búnaði, sem íslenskir verk-takar vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins hafa flutt til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts og óska nú að selja.
4. Að yfirtaka þær byggingar og mannvirki á varnarsvæðunum, sem yfirstjórn varnarliðsins óskar að verði fjarlægðar eða telur sig eigi hafa þörf fyrir lengur og ráðstafa þeim.

Sala varnarliðseigna hefur einkarétt til viðskipta þeirra, sem getur í 1.—4. tl. hér að framan og eru öllum öðrum þau viðskipti óheimil.

6. gr.

Sala varnarliðseigna skal annast sölu þessa varnings og verðmæta, sem hún aflar og kaupir samkvæmt 5. grein. Er fyrirtækinu í því skyni heimilt að starfrækja smásöluverslun í Reykjavík.

Heimilt er fyrirtækinu að óska tilboða í vörur og vöruflokka og skal það jafnan gert um bifreiðar og vinnuvélar.

Áskorun um tilboðsgerð skal auglýst í fjölmiðlum með hæfilegum fyrirvara.

7. gr.

Ríkisendurskoðun skal sjá um endurskoðun reikninga Sölu varnarliðseigna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 110/1951 og öðlast þegar gildi.

Utánrikisráðuneytið, 12. febrúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hvammstangahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar kaupsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hvammstangahreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgæmslu og hreinsun, sem sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorphlátá.

4. gr.

Sorpið sem sett er í sorphlát, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í poka er m. a.: Mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp, hey og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

6. gr.

Pakka skal innbeittum og oddhvössum hlutum t. d. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva t. d. olíu og bensin í sorphlát, hvort sem er laust eða í umbúðum. Bannað er að urða olíuleyfar og önnur efni í hreppslandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum, sem og öllu öðru sorpi, í hvaða mynd sem er, í sjóinn. Á sorphaugunum skal vera aðstaða til brænnslu slíkra hluta.

8. gr.

Sorphlát skulu að jafnaði losuð vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári. Ekki má losa sorphlát á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Aukahreinsun skal fara fram sé ástæða til t. d. um stórhátíðir.

9. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Minnst einn sorpskápur eða grind skal fylgja hverri fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá um að pokar yfirfyllist ekki milli tæminga. Eftir hverja losun er einn poki skilinn eftir við hvern skáp eða grind. Aukapokar fást afhentir í áhaldahúsi Hvammstangahrepps, gegn gjaldi, aðrar gerðir af pokum má ekki nota.

12. gr.

Sorppokarnir skulu vera í skápum eða grindum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Skáparnir skulu vera á stöðum, sem aðgengilegir eru fyrir sorphreinsunarmenn, á lóð húss þess, sem þeir tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm. breiðan frá grind til endamarka lóðarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald, ef sorpaðstaða er mjög óaðgengileg. Húsráðendur verða að sjá um að hafa skápa og grindur í góðu ásígnunulagi og endurnýja eftir þörfum.

13. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi að ekki hæfi viðurkenndum sorpilátum skal húsráðandi annast sorphreinsun eða óska eftir að sveitarfélagið annast hreinsanir gegn sérstöku gjaldi.

14. gr.

Mold, möl, grjót, og svipuð efni, sem ekki má setja í sorppokana, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Sama gildir um bílhrað og brotajárn.

15. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum eða því um líku skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugastað, skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og starfsmanna sveitarfélagsins.

16. gr.

Aukahreinsun skal fara fram á hverju vori, svo að húseigendur geti losnað við allt sorp, sem fellur til við vaxjulega lóðahreinsun að vori. Þessi hreinsun skal sérstaklega auglýst.

17. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

18. gr.

Allur kostnaður við almenna sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sérhverjum húseiganda er þó skylt að greiða sérstakt sorphreinsunargjald, sem sveitarstjórn hefur heimild til að ákvarða, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 1 000, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvammstangahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Sigurðsson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsfjarðar nr. 220/1972.

1. gr.

9. gr. hljóði svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæði sem vatn er lagt að sbr. 5. gr. skal greiða vatnsskatt 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar eins og það er hverju sinni.

Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,15% af fasteignamatsverði lóða þeirra:

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vörugemyslur og annað húsnæði ótilgreint	0,75	1,00
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	1,00	1,25
Iðnaðarhúsnæði	1,10	1,35
Verslunar- og skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	1,35	1,60

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 120.00.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

2. gr.

10. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatts skv. 9. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskattinn skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með 0,35 fyrir hvern rúmmetra vatns. Leiga fyrir mæli skal vera kr. 180,00 á ári. Gjald dagi aukavatnsskatts skal vera ársfjórðungslega.

3. gr.

12. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatta skv. 9. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 4,00 fyrir hvern rúmmetra, þó aldrei minna en kr. 100,00 hverju sinni. Gjald þetta greiðist við móttöku.

2. Fyrir fiskibáta og skip sem gerð eru út frá Ólafsfirði skal greiða sem hér segir:
Fyrir báta 12 tonn og minni kr. 180,00 á ári.
Fyrir báta frá 12 tonnum og allt að 100 tonnum kr. 400,00 á ári.
Fyrir skip stærri en 100 tonn kr. 180,00 á ári.
Gjald dagi er 1. júlí ár hvert.
3. Af þvottaplönnum greiðist kr. 1 000,00 á ári. Gjald dagi er 1. júlí ár hvert.
4. Fyrir önnur vatnsafnot greiðist skv. ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.
Gjöld skv. grein þessari breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati.

4. gr.

16. gr. hljóði svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2 000,00 nema þyngri refsing liggja við skv. lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni skal bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði
nr. 221/1972.

5. gr. hljóði svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi, við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, eins og það er hverju sinni.

Lágmark og hámark holræsagjalds skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,15% af fasteignamati lóðar þeirra:

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vörugeymslur og annað húsnæði ótilgreint	0,75	1,00
Íbúðarhúsnæði og bilskúrar	1,00	1,25
Iðnaðarhúsnæði	1,10	1,35
Verslunar- og skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	1,35	1,60

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 120.00.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli er selja tollfrjálsar vörur farþegum og áhöfnum millilandaflugvéla. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

Í sölubúð þeirri, sem ælluð er farþegum og áhöfnum, sem eru að koma til landsins, skal þó aðeins heimilt að selja eftirtalinn varning, svo sem tíðkast hefur, og innan eðlilegra takmarka, að mati tollgæslunnar:

Áfengi, tóbak, sælgæti, ilmvötn, snyrtivörur og filmur. Utanríkisráðherra getur heimilað fleiri tegundir varnings, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af forstjóra, sem skipaður er af utanríkisráðherra. Ber hann ábyrgð á rekstri hennar samkvæmt erindisbréfi, sem utanríkisráðherra setur honum. Störf hans heyra beint undir utanríkisráðuneytið. Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur frihafnarinnar, skal ráðið af forstjóra með samþykki ráðuneytis.

3. gr.

Að því er varðar farþega og áhafnir, sem eru að fara af landi brott, skal tollgæslan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á, að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, uns komið er um borð í flugvél þá, sem er á förum.

Þá skal þess og gætt, að farþegar og áhafnir, er versla við komu til landsins, færi varning sinn beint til tollgæslumanns. Áhöfnum er óheimilt að kaupa tóbak eða áfengi í brottfararverslun.

4. gr.

Frihöfnin fær, uns annað kann að verða ákveðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli, húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Frihöfnin skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Frihafnarinnar.

Þegar vörur eru seldar til Frihafnarinnar, skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæslan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með, að vörur þessar séu fluttar til Frihafnarinnar.

6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, ber að endurgreiða nefnd gjöld, ef Frihöfnin kaupir slíkar vörur sem söluvarning. Skulu gjöldin endurgreidd þá, er varan er komin í tollvörugæmslur samkvæmt vottorði tollgæslumanns.

7. gr.

Frihöfninni er heimilt að annast innflutning á öllum varningi, sem hún óskar að selja á sínum vegum.

Einnig er Frihöfninni heimilt að kaupa vörur beint úr tollvörugæmslu innflytjenda.

8. gr.

Verslanir Frihafnarinnar séu aðskildar frá birgðaskemmum og verði varningur, sem afhentur er verslunum frá birgðaskemmum, reiknaður á útsöluverði verslanna.

Í birgðaskemmum skal fært birgðabókhald, sem sýni nákvæmlega birgðir hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt að sem greiðastur aðgangur verði að samanburði birgða verslana og birgðaskemma. Birgðir Frihafnarinnar skal telja svo oft sem ástæða er til og fært þykir, og skal niðurstaða talningar send utanríkisráðherra og tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli hverju sinni.

9. gr.

Frihöfnin skal selja varning sinn í erlendum gjaldeyri, þó með þeirri undantekningu, að Íslendingum skal heimilt að versla í Frihöfninni fyrir þann íslenska gjaldeyri, sem þeim á hverjum tíma er leyfilegt að hafa með sér úr landi.

Erlendum flugfarþegum skal einnig heimilt að versla fyrir allt að þeirri upphæð í íslenskum gjaldeyri, sem þeir geta sýnt kvittun fyrir, að hafi verið keypt í íslenskum banka.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvelli, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæslumenn taka í sínar vörslur vörur, sem keyptar hafa verið í Frihöfninni eða gæta þess, að ekki sé farið með þær út úr flugvælinni.

11. gr.

Frihöfninni er heimilt að senda vörur í pósti til viðtakenda búsettra erlendis, í samráði við tollyfirvöld, enda hafi varan verið greidd fyrir fram.

Tollgæslan skal bera ábyrgð á, að réttar vörur séu sendar samkvæmt pöntunum og bera ábyrgð á, að vörunum sé komið í hendur pósthjónustunnar.

Útfylla skal afgreiðsluseðila vegna póstsendinga þessara og skulu tollgæslumaður og póstafrgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnar fyrir hönd kaupanda.

12. gr.

Ef Frihöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri, svo og til sölu varnarliðseigna.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæslu.

13. gr.

Skrifstofustjóri Frihafnar hefur yfirumsjón með færslu bókhalds Frihafnarinnar. Frihöfnin skal árlega senda utanríkisráðuneytinu sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar.

14. gr.

Frihöfnin skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o.fl., sbr. breyting á þeim lögum nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 258 frá 17. júlí 1978 um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurlugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 11. febrúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

G J A L D S K R Á

fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendum eða umráðamönnum eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða gjald fyrir ýmiss konar aukþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir farandvélar, farandvinnuvélar og lyftur greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald 228.00.

Fólkslyftur, málarástólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar.

Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 307.00.

Vegabjökkpur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn).

Skíðalyftur minni.

3. flokkur: Gjald kr. 454.00.

Farandkranar, byggingakranar. Skíðalyftur stærri.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald

3. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 262.00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 78.00.

4. gr.

Fyrir gasmælingu oliugeyma í skipum greiðist kr. 151.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 57.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m³ að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm² greiðist kr. 90.00, en fyrir stærri katla kr. 128.00.

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónustu framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins.

6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum um meðferð og notkun á sprengiefnum greiðir hver þátttakandi gjald sem svarar til heildarkostnaðar námskeiðis hverju sinni deilt niður á alla þátttakendur. Á sama hátt reiknast þátttökugjald vegna námskeiða vegna notkunar haglabýssa og námskeiða um öryggismál í meðferð og stjórnun farandvinnuvéla.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera	kr. 150.00
Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:	
Fyrir próf á lyftara	— 60.00
Fyrir próf á aðrar vélar	— 120.00
Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera	— 60.00

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr. 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 545, 30. október 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. janúar sl. staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Neskaupstað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Neskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 98.

29. janúar 1981.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Aðgangseyrir fullorðinna	kr. 6.00
Aðgangseyrir barna	— 2.50
Gufubað	— 10.00
Sundföt	— 5.00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 60,8 aurar/kW h. Lágmarksgjald er 202,30 kr. á ári.
- 2.2 2 874,70 kr/kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 56,2 aurar/W h. Lágmarksgjald er 202,30 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 60,8 aurar/kW h. Lágmarksgjald er 202,30 kr. á ári.
- 4.2 11,3 aurar/kW h og 583,60 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.
- 4.3 91,3 aurar/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 202,30 kr. á ári.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 22,9 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 32,6 aurar/kWh til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 3 260,00 kr/a.

- 5.2 12,0 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 17,2 aurar/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.
- 5.3 6,3 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 8,9 aurar/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	37,70 kr.
Orkumælir, þrífasa	151,00 —
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	254,50 —
Aflmælir	245,50 —
Aflmælir með straumspennum	386,90 —
Tvígjaldsorkumælir	245,50 —
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	386,90 —
Móttökuliði, einpóla	169,70 —
Móttökuliði, þrípóla	245,50 —

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1, 4.1 og 4.3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtauggjöld.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

7.3

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld
63 A 1-fasa	3 190,00 kr.
63 A 3-fasa	3 450,00 —
100 A 3-fasa	5 480,00 —
200 A 3-fasa	10 950,00 —
315 A 3-fasa	17 240,00 —
400 A 3-fasa	21 890,00 —
710 A 3-fasa	38 860,00 —
1200 A 3-fasa	65 670,00 —

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

7.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	617,00	92,00	1 164,00
63 A 3-fasa	868,00	92,00	1 351,00
100 A 3-fasa	920,00	119,00	1 551,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara_húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingi-skáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

7.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafi hjá notendum, ef úttekið launafi nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafi á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrar-gjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 44,00 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 83,00 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 83,00 kr. fyrir að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 540 6. nóvember 1980.

Íðnaðarráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 1,2366 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 0,6058 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 309,38 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 9,19 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—2 Kr. 0,5413 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélantöknun.

- C—1 Kr. 0,9039 hver kWst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 379,76 hvert kW, og kr. 0,1947 hver kWst.
 C—3 Kr. 0,6529 hver kWst. ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
 C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,0840/0,0759 hver kWst. og kr. 695,67 hvert kW.
 C—5 Kr. 1,2045 hver kWst. til nýbygginga.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 0,1284 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
 D—2 Kr. 0,088 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
 D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 0,1107 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmögu-
 leiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 0,2976 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
 E—2 Kr. 0,3871 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
 E—3 Kr. 0,1887 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
 F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0,2049 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

- Að vélafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu garðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverja og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	33,73	41,70	45,28		
3-fasa kWst.-mælar	67,68	87,78	113,19	188,27	413,72
Tvígj.- og mestastr.-mælar		113,19	188,27	302,84	606,96
Stýrikerfisliðar		113,19			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun			Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
			Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa	730,00	400,00	—	Innif.	660,00
25 A	3-fasa	1 090,00	550,00	—	—	930,00
63 A	1-fasa	2 670,00	550,00	Innif.	—	950,00
63 A	3-fasa	2 920,00	620,00	—	—	1 050,00
110 A	3-fasa	3 650,00	730,00	—	—	1 300,00
200 A	3-fasa	2 150,00	—	155,00	—	—
315 A	3-fasa	6 380,00	—	210,00	—	—
300 kVA	3-fasa	16 860,00	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA	3-fasa	26 570,00	—	—	—	—
800 kVA	3-fasa	41 580,00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 80.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 95.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-
lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr.

auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. febrúar 1981.

Nr. 101.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 64,5 au/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 80,6 au/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald 57,6 au/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 64,5 au/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskilyt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 20,1 au/kWh.
Aflgjald 557,00 kr/kW. á ári.

4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 29,5 au/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag.
Orkugjald 11,1 au/kWh.
- 4.3 Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald 6,7 au/kWh.
- 4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 12,5 au/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 45,00
Orkumælir, þrífasa	— 114,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 192,00
Aflmælir	— 180,00
Aflmælir með straumspennum	— 288,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1×63	2 876,00	95,00	1 064,00
3×63	3 112,00	95,00	1 318,00
3×100	3 702,00	105,00	1 686,00
3×200	5 900,00	145,00	
3×315	12 434,00	173,00	
3×400	17 410,00	Samkv. kostn.	
3×710	28 343,00	—	—
3×1200	46 170,00	—	—

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1×63A	kr. 634,00	3×63A	kr. 858,00
-------------	------------	-------------	------------

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfir-
lengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða
eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samn-
ingi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar
hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 40,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann
sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda til-
finnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-
lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr.
auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist
til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjald-
skrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 2.29.
12. Um kWst.-mæli á kr. 0.96 á hverja kWst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því
er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
 - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 0.77 á ferm. á mánuði.
 - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0.40 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 0.564 á hverja kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 4.17 á
mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi sem ætluð eru sem
íbúðarherbergi, hol, eldhús en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi
sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: á kr. 1.563 á hverja kWst.
32. Kr. 0.48 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 0.62 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafli fasttengdra véla er yfir 20 kW.
34. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 592.00.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.213.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 0.213 á hverja kWst., auk fastagjalds kr. 467.07 á ári fyrir hvert kW í málaun véla.

D. Hitun.

41. Til húsahtunar um kWst.-mæli kr. 0.25 hver kWst.
42. Til húsahtunar um kWst.-mæli kr. 0.13 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 0.96. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A—1.
52. Til bókunarofna á brauðgerðarhúsum kr. 0.394. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum	kr.	4.17 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp.	—	5.45 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	—	13.30 á mán.
4. Af mestaafismælum	—	24.34 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1. 60 A 1-fasa	kr.	3 883.00 innif. allt að 40 m.
2. 60 A 3-fasa	—	5 819.00 innif. allt að 40 m.
3. 100 A 3-fasa	—	7 502.00 innif. allt að 40 m.
4. 2000 A 3-fasa	—	10 373.00 innif. allt að 40 m.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitningar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 57.75.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 57.75 á skrifstofum Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23.5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á 245 aur. hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á 109,2 aur. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10,72 á ári af hverri einingu gólfplatá í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á 61,5 aur. hver kWst.

C. Vélanothkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á 136,5 aur. hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 244,83 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 55,9 aur. hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
- Um kWst.-mæli á 39,4 aur. hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - Um tvígjaldsmæli á 233,4 aur. hver kWst. í $1\frac{1}{2}$ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 43,6 aur. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á 505,70 kr. fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalalag og auk þess 26,6 aur. á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á 330,32 kr. fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 26,6 aur. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

- 4.1. Um kWst.-mæli á 25,5 aur. hver kWst., án rofs.
- 4.2. Um kWst.-mæli á 14,2 aur. hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
- 4.3. Um kWst.-mæli á 7,1 aur. hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 73,2 aur. hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 124,6 aur. hver kWst.

- 5.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á 17,9 aur. hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 55,8 aur. hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- 5.4. Til gatnalýsingar á 55,8 aur. hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|--|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 3,61 pr. mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 4,26 pr. mán. |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 10,69 pr. mán. |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 16,04 pr. mán. |
| 5. Af álagsstýringarliðum | — 16,04 pr. mán. |

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 79,16 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 60,50.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63A 1-fasa	3 898,00	93,96	1 237,89
63A 3-fasa	4 207,00	112,53	1 545,17
100A —	5 001,00	127,36	1 915,16
200A —	8 070,00	Samkv. kostnaði	
315A —	16 911,00	—	—
300kVA —	23 479,00	—	—
500kVA —	39 679,00	—	—
800kVA —	62 671,00	—	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
			Jarðstrengur	Loftlina
63A	1-fasa	691,00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	970,00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	1 029,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kilóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vaðnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lagn frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á 245 aur. hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á 109,2 aur. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10,72 á ári af hverri einingu gólfplatá í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á 61,5 aur. hver kWst.

C. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á 136,5 aur. hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 244,83 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 55,9 aur. hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á 39,4 aur. hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélaagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á 233,4 aur. hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 43,6 aur. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á 505,70 kr. fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess 26,6 aur. á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á 330,32 kr. fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 26,6 aur. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

- 4.1. Um kWst.-mæli á 25,5 aur. hver kWst., án rofs.
- 4.2. Um kWst.-mæli á 14,2 aur. hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3. Um kWst.-mæli á 7,1 aur. hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 73,2 aur. hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2. Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 124,6 aur. hver kWst.
- 5.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á 17,9 aur. hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 55,8 aur. hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- 5.4. Til gatnaljósingar á 55,8 aur. hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalín er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 3,61 pr. mán.
2. Af þrifasa mælum upp að 50 amp. — 4,26 pr. mán.
3. Af þrifasa mælum 50 til 200 amp. — 10,69 pr. mán.
4. Af þrifasa mælum yfir 200 amp. — 16,04 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum — 16,04 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 79,16 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 60,50.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald		
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa	
63A	1-fasa	3 898,00	93,96	1 237,89
63A	3-fasa	4 207,00	112,53	1 545,17
100A	—	5 001,00	127,36	1 915,16
200A	—	8 070,00	Samkv. kostnaði	
315A	—	16 911,00	—	—
300kVA	—	23 479,00	—	—
500kVA	—	39 679,00	—	—
800kVA	—	62 671,00	—	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
			Jarðstrengur	Lofllína
63A	1-fasa	691,00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	970,00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	1 029,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kilóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í lofllínuheimtaug.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. LÝSING.

1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli 2 874,70 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 60,8 au/kWh, Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 56,2 au/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 60,8 au/kWh, til véla.
2. 11,3 au/kWh, og 583,60 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 91,3 au/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 56,2 au/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 22,9 au/kWh, til húshitunar.
2. 32,6 au/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 10,3 au/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 17,2 au/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 6,3 au/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 8,9 au/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24.00.
7. 17,4 au/kWh, til hitunar á bilgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 24,7 au/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tíma-bilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrir mælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

- Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 9,5 au/kWh og 850,30 kr/kWh, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

- Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

	kr./mán.
1. Af einfasa mælum	5,00
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A	13,90
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A	20,40
4. Af mestummælum	51,20
5. Móttökuliði	11,10
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.	

II. HEIMTAUGAGJÖLD.**2.1 Aðalheimtaug.**

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark lengdargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3X63 kr.
220 V kerfi			
63 A 1-fasa	3 023,00	0	963,00
63 A 3-fasa	3 395,00	0	1 200,00
100 A 3-fasa	2 373,00	114,00	1 517,00
125 A 3-fasa	2 906,00	127,00	1 858,00
200 A 3-fasa	4 534,00	173,00	2 900,00
300 A 3-fasa	6 546,00	210,00	
380 V kerfi			
63 A 1-fasa	3 023,00	0	963,00
63 A 3-fasa	4 060,00	0	1 664,00
100 A 3-fasa	4 014,00	114,00	2 603,00
125 A 3-fasa	5 025,00	127,00	3 213,00
200 A 3-fasa	7 860,00	173,00	5 025,00
300 A 3-fasa	11 351,00	210,00	

- Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.
- Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 57,30 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

- 2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.
- 2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðamörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.
- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 100,00 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 83,00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 83,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
- 3.4 Ef launafi nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvisitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ¼ af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitanna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2 1981 um breytingu á gjaldskrár rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 541, 6. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar Aur. 117.60 á kwst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana. Aur. 56.2 á kwst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar Aur. 117.60 á kwst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafflsmælingu, lágmark 20 kw Aur. 20.60 á kwst.
Aflgjald með lýsingu Aur. 85 181 Kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun Aur. 66.2 hverja kwst.
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun — 44.0 hverja kwst.
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun — 40.5 hverja kwst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag Aur. 18.40 á kwst.

4.2 Orka til hitunar á iðnaði, roftíma 2x1.5 klst. á dag — 26.20 á kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrir-mælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 2 395,00	139,00
63 A 3-fasa	— 2 583,00	139,00
100 A 3-fasa	— 3 230,00	156,00
125 A 3-fasa	— 3 975,00	176,00
200 A 3-fasa	— 5 235,00	238,00
300 A 3-fasa	— 9 072,00	280,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf t. heimtaugargjald, ef loftlinu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 22.40. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 22.40 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42.5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjalda-lið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-lögum nr. 28 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafn-Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar.			
Orkugjald	kr.	209	au/kWh.
12. Til almennrar lýsingar.			
Orkugjald	—	63,1	au/kWh.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.			
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	10,70	kr/m ² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	3,96	kr/m ² á ári

13. Til götulýsingar.
Orkugjald — 63,1 au/kWh.
14. Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við
mannvirkjagerð.
Orkugjald — 104 au/kWh.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar.
Orkugjald — 47,7 au/kWh.
Fastagjald af hverju herbergi — 43.00 kr/á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi,
sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða
minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö. Þar
sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m²
má reikna með þeirri meðalstærð.
22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum
slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu
tæki fasttengd.
Orkugjald — 47,7 au/kWh.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Til véla o. fl.
Orkugjald — 104 au/kWh.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum
gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá
reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjung
lægga.
32. Til véla o. fl.
Orkugjald — 16,5 au/kWh.
Aflgjald, lágmark 2 kW — 1 653.00 kr/á ári
Aflgjald, umfram 2 kW — 551.00 kr/kW á ári
Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra
hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og
með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja
eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar
skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lág-
marksaflgjald af 20 kW.
33. Til véla.
Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Orkugjald — 16,6 au/kWh.
Aflgjald, lágmark — 1 540.00 kr/á ári
Aflgjald, af uppsettum kW. í málraun véla, umfram
2 kW. — 438.00 kr/kW. á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur
rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og ann-
arra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum hjá
notendum, eða takmarka notkun þeirra til tiltekna
tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	—	39	au/kWh.
42. Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Orkugjald	—	16,8	au/kWh.
43. Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til. Orkugjald	—	10,3	au/kWh.
44. Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annara hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til. Orkugjald	—	19,2	au/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	35.00
Orkumælir, þrífasa	—	78.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	192.00
Aflmælir	—	180.00
Aflmælir með straumspennum	—	288.00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1× 63	2 520.00	82.00	864.00
3× 63	2 725.00	82.00	1 070.00
3× 100	3 240.00	92.00	1 375.00
3× 200	5 160.00	125.00	
3× 315	10 890.00	174.00	
3× 400	15 240.00	Samkv. kostn.	
3× 710	25 250.00	—	
3× 1200	40 420.00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa hú sveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1×63 A kr. 555.00 3×63 A kr. 750.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 280.00 á ári. Misgun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 47.00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 2.450 hverja kWst. Við þessu verði skal stlja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1.015 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 10.719 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-

fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.573 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 0.615 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 1.365 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 675.23

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1.365 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 0.204 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 675.230. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
- b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0.204 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 638.900 hvert kW. í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 675.230 kW. á ári.
- b) Af allri notkun kr. 0.204 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heinilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 10.720 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 3.570 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 5.880 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0.253 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.152 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 0.152 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 127.600 hvert kW.
 - b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.076 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

- a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur boli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitabörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0.731 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1.300.

Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0.223 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0.178 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og aur. 55,8 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 0.724 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þá að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 3.60 pr.mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. — 4.25 pr.mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 10.70 pr.mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. — 16.05 pr.mán.
5. Af álagsstyringarliðum — 16.05 pr.mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafi kVa	Heimtaugargjald kr.
1.	3×60	22	3 074,00
2.	3×100	38	4 481,00
3.	3×200	75 sp.	8 868,00
4.	3×350	132 sp.	14 710,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hækvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 691,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 970,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	— 1 029,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppun kr. 87,30.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 87,30 fyrir enduroppun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimi^{tt} að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2. 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið. 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 2.45 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1.014 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 10.719 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.573 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 0.615 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 1.364 hver kWst. hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 675.235 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1.099 hver kWst.
4. Um mæli á kr. 675.235 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalág og auk þess kr. 0.203 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 10.003 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o.þ.h. en kr. 3.559 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 5.876 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst. mæli á kr. 0.155 hver kwst, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst. mæli á kr. 0.072 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kwst. mæli á kr. 0.255 hver kwst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0.731 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kwst. mælir á kr. 1.245 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á kr. 0.178 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 0.558 hver kwst á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 2.874.47 kr/kw á ári í uppsettu afli úti og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal selja eftir gjaldskrárlíð 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 4.77
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 13.21
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	— 19.45
Af mesta straumsmæli	— 57.64
Af liða fyrir álagsstýringu	— 16.01

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 60.52.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 60.52 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1. 63 A 1 fasa	kr. 3.898.00
2. 63 A 3 fasa	— 4.207.00
3. 200 A 3 fasa	— 8.070.00
4. 300kvað fasa	— 23.478.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styðstu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málmstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	691.00
63 A 3 fasa	970.00
100 A 3 fasa	1.029.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis

fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytlisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 25. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A1 Um kWh.-mæli á au. 82,0 hver kWh.
 A2 Um kWh.-mæli á au. 58,4 hver kWh. Auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 3.27 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.
 A3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWh.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWh.-gjaldi samkv. A1 og kWh.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B1 Um kWh.-mæli þannig reiknað:
 a. Orkugjald au. 58,4 hver kWh.
 b. Grunnjald (mælisleiga innifalin).
 Af einfasamælingu kr. 49.06 á ári.
 Af þrífasamælingu kr. 98.12 á ári.
 c. Herbergisgjald kr. 49,06 á ári.
 Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
 Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

- C1 Um kWh.-mæli á au. 82,0 hver kWh. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWh. á ári á hvert kW í málaun véla.
- C2 Um kW/kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málaun véla yfir 40 kW:
- Aflgjald af mældu afli kr. 934,94 á hver kW á ári.
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.
 - Orkugjald:
 - 0—2500 kWh/kW au. 29,6 hver kWh.
 - 2500—4000 kWh/kW au. 17,1 hver kWh.
 - Yfir 4000 kWh/kW au. 8,6 hver kWh.
- C3 Um kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málaun véla yfir 40 kW:
- Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 841,44 á hver kW í málaun véla.
 - Orkugjald:
 - 0—2500 kWh/kW au. 29,6 hver kWh.
 - 2500—4000 kWh/kW au. 17,1 hver kWh.
 - Yfir 4000 kWh/kW au. 8,6 hver kWh.

Ofangreindir taxtar C2 og C3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 40% á taxa C2.) Orkugjald miðast við, að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar, hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasvixsstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWh.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hver hundr- aðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0,85. Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasvixsstuðull spennanna sé eigi lægri en 0,85.

D. Hitun.

- D1 Um kWh.-mæli á au. 16,9 hver kWh. til húshitunar (án söluskatts og verð- jöfnunargjalds.)
- D2 Um kWh.-mæli á au. 24,1 hver kWh til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunar- gjaldi.)

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostnaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og árs- orkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

- F1 Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á au. 58,4 hver kWh. enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fast- tengd.
- F2 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWh.-mæli á au. 103,7 hver kWh.
- F4 Til götu og hafnarlýsingar á kr. 3 628 hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.
- F5 Til götu og útilýsingar á kr. 1 500 hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki stjórnar veitustofnana selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Af einfasa kWh.-mælum 60 A og minni | kr. 40 á ári |
| 2. Af þrífasa kWh.-mælum 60 A og minni | — 160 á ári |
| 3. Af þrífasa kWh.-mælum (straumspennamælum) | — 270 á ári |
| 4. Af mestaafsmælum 60 A og minni | — 260 á ári |
| 5. Af mestaafsmælum yfir 100 A (straumspennumælum) .. | — 410 á ári |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald 1) kr/m
63 A einfasa	3 580	104
63 A þrífasa	3 875	104
100 A þrífasa	6 150	133
200 A þrífasa	12 840	154
315 A þrífasa	19 350	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	24 570	—
710 A þrífasa	43 620	—
1200 A þrífasa	73 720	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald 1)2)
		Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	694	104
63 A þrífasa	974	104
100 A þrífasa	1 030	133

A merkir málstraumur stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til idráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarkna í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 88.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 88 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 88.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

23.5% söluskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innfalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 340 frá 10. maí 1980, með síðari breytingum.

Lönaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING				
A.1.	Með fastagjaldi	0.651	0.029	10.60/m ²
A.2.	Án fastagjalds	1.726		
B-HEIMILISN. OG FL.				
B.1.	Heimilisnotkun	0.490	0.115	42.00/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn.....	1.003		
C-VÉLANOTKUN				
C.1.	Með fastagjaldi	0.651	0.383	139.80
C.2.	Með rofi 1.5 klst. á dag	0.490		
C.3.	Stórnotkun (Aftaxti)	0.156	1.571	573.40
D-HÚSHITUN				
D.1.	Án rofs	0.353		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0.197		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0.182		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0.146		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0.103		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3. klst. á dag	0.119		
E-ANNAÐ				
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		83.60	
MÆLA- OG ROFALEIGA				
10	Einfasa		0.088	32.00
11	Einfasa með rofa		0.482	175.95
20	Þrífasa		0.352	128.50
21	Þrífasa með rofa		0.745	271.90
24	Þrífasa með 2 rofum		0.921	336.15
30	Þrífasa með afmæli		0.570	208.05

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x32 A. og 3x50 A. 220 V.

C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafla fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsúðu málna.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW. ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kilóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðal afl í 15 mín.

E. Annað.

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu Rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2x35	1x35	7	970,00
2.02	2x60	1x60	13	1 617,00
2.03	3x60		22	2 001,00
2.04	3x100	3x60	38	2 682,00
2.05		3x100	66	3 874,00
2.06	2x200		76	4 300,00
2.07	3x350	3x200	132	7 857,00
2.08		3x350	231	11 536,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1x35 Amp.			500,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3x35 Amp.			1 000,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3x60 Amp.			1 713,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			64,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	9 365,00
3.02	300	18 731,00
3.03	500	27 316,00
3.04	600	29 796,00
3.05	800	43 705,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: $Y_j = (61,30 + 17 \times \text{kVA})$ kr/m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (41,00 + 12 \times \text{kVA})$ kr/m. að viðbættum kr. 806,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvoru-veggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (V. A.). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

D. Hitun.

- Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í $14\frac{1}{2}$ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.

- c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselolíu á hverjum tíma.
- d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fast tengdir, hafi rofa og hitastilla.
- f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til almennrar lýsingar	114,7 au/kwh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kw.)	kr. 1 687,10 árskw.
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	57,9 au/kwh.
	Lágmarksgjald	— 8,60 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.	

Taxti C—1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	114,7 au/kwh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafslmælingu ..	18,8 au/kwh.
	+ aflgjald (lágmark 20 kw.)	kr. 762,60 árskw.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2x1,5 klst. á dag án söluskatts	13,5 au/kwh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2x1,5 klst. á dag	19,2 au/kwh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	14,9 au/kwh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minna kr. 2,85 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minna — 4,76 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 6,64 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og aflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	2 860,00	91,72
63 A 3-fasa	3 392,00	91,72
100 A 3-fasa	4 415,00	125,26
125 A 3-fasa	5 523,00	140,00
200 A 3-fasa	8 636,00	190,00
300 A 3-fasa	12 477,00	343,80

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu söðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 38,23.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 38,23 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds, til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% er talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á**Rafveitu Reyðarfjarðar.****I. GJALDSKRÁRLIÐUR.****1. Lýsing.**

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		1,62 kr. á kWst.
1.2 Fast gjald	F1+F2	
Orkugjald		75 aur. á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa.

2.1 Fast gjald	F1+F3	
Orkugjald		48 aur. á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald	F1+F2	
Orkugjald		92 aur. á kWst.
Lágmarksgjald	18×F1	á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW		2 000,00 kr. á ári
Aflgjald frá 3—5 kW		677,60 kr. á kW á ári
Fast gjald	F1+F3	
Orkugjald		23 aur. á kWst.
3.3 Aflgjald umfram 5 kW		600,00 kr. á kW á ári
Fast gjald	F1+F3	
Orkugjald		19 aur. á kWst.
3.4 Til súgurrkunar		
Fast gjald	F1	
Orkugjald		23 aur. á kWst.

4. Húshitun.

4.1 Fast gjald	F1+F4	
Orkugjald		36 aur. á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2 Fast gjald	F1+F4	
Orkugjald		15,5 aur. á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3 Fast gjald	F1+F4	
Orkugjald		8,2 aur. á kWst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald	F1	
Orkugjald		48 aur. á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**Föst gjöld.**

F1		11,33 kr. á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.		35,7 aur. á m ² mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.		18,8 aur. á m ² mán.
F3		3,60 kr. á gj. e. mán.

Gjaldeiningar eru:

- a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.
- b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
- c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
- d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW 47,30 kr. á kW á ári.

6. Hitun.*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 96,80.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 51,70 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug 20,00 kr.

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að 1 430,00 kr.

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70q og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 2. janúar 1981, sbr.

auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981, um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. janúar 1981.

Nr. 114.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

RAFORKUVERÐ, YFIRLIT.

Gjaldskrárliðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
A.1 Almenn notkun				
Orkugjald ..	44,14	8,39	10,37	62,90
Fast gjald F 1	215,00	41,00	50,00	306,00
A.2 Vinnuljósanotkun				
Orkugjald ..	66,18	12,57	15,55	94,30
Fast gjald F1	215,00	41,00	50,00	306,00
A.3 Utanhússlýsing				
Orkugjald ..	38,32	7,28	9,00	54,60
Fast gjald F1	215,00	41,00	50,00	306,00
A.4 Sumarbústaðir				
Orkugjald ..	29,00	0	0	29,00
Fast gjald F3	918,00	0	0	918,00
Fast gjald F1	215,00	41,00	50,00	306,00
A.5 Markaflmæling				
Orkugjald ..	14,30	0	0	14,30
Afl l.m. 4 kW	2 383,00	453,00	560,00	3 396,00
Afl. 5-20 kW	331,00	63,00	78,00	471,00
Orkugj. yfirn.	44,14	8,39	10,37	62,90
B.1 Aflmæling				
Orkugjald ..	17,12	3,25	4,02	24,40
Aflgj. 12 kW	6 349,00	1 206,00	1 492,00	9 048,00
Aflgj./kW ..	529,00	101,00	124,00	754,00
B.2 Súgþurrkun				
Orkugjald ..	10,11	1,92	2,37	14,40
Aflgj./kW ..	176,00	33,00	41,00	251,00
C.1 Hitun — Íbúðarhúsnæði				
Orkugjald ..	19,60	0	0	19,60
Fast gjald F3	918,00	0	0	918,00

Gjaldskrárlíðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
C.2 Hitun — íbúðarhúsnæði				
Orkugjald ..	13,60	0	0	13,60
D.1 Hitun — annað en íb.húsn.				
Orkugjald ..	29,00	0	0	29,00
Fast gjald F3	918,00	0	0	918,00
D.2 Hitun — annað en íb.húsn.				
Orkugjald ..	18,60	0	0	18,60
Lokunargj. ..	117,00	0	0	117,00

Ath.: Orkugjald er í aurum en annað í krónum.

I. SMÁSALA.

A. GJALDSKRÁRLÍÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	62,90 au/kWh
Fastagjald 1×F1	306,00 kr/a

A. 2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	94,30 au/kWh
Fastagjald 1×F1	306,00 kr/a

A. 3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	54,60 au/kWh
Fastagjald 1×F1	306,00 kr/a

A. 4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	29,00 au/kWh
Fastagjald 4×F1	1 224,00 kr/a

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	3 396,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	471,00 kr/kWh/a
Orkugjald af allri notkun	14,30 au/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	62,90 au/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.	
Lágmarksaflgjald, 12 kW	9 048,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	754,00 kr/kW/a
Orkugjald	24,40 au/kWh

B. 2. Súgurrkun.

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.	
Aflgjald	251,00 kr/kW/a
Orkugjald	14,40 au/kWh

C. 1. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	19,60 au/kWh
Fastagjald 3×F1	918,00 kr/a
Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.	

C. 2 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	13,60 au/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.	

D. 1 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	29,00 au/kWh
Fastagjald 3×F1	918,00 kr/a
Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.	

D. 2 Hitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald	18,60 au/kWh
Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.	

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 117,00.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A. 4 fylgir orkuverði D. 1.

3. Markmæling.

Liður A. 5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskibræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B. 1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla-og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos ϕ undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinningulegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaksár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	469,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	14,9 aurar á kW
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	8,6 aurar á kW
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	4,3 aurar á kW

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. g. um 5%.

4. gr.
Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálags-
toppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalág á afhendingastað.

5. gr.
Ársnýting.

Ársnýtingartími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh.
deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.
Ákvörðun aflsgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er
það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaup-
andi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.
Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé
ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kilóvatt-
stundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta-
stig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir
slíkt lágmark.

8. gr.
Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við
umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur.
Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi
er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir
eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um
hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla
hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaup-
anda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má
taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 581, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kaптúnunum og þorpum,
tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt
skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir
hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir vænlegri
raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæð-
inu fylgi heimaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk
er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugar-
gjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd ¹⁾	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 einfasa	4 250	128	
63 þriggjafasa	4 580	128	
100 þriggjafasa	7 260	160	
200 þriggjafasa	14 500	187	
315 þriggjafasa	22 840	235	
400 þriggjafasa	29 010	Samkv. kostn.	
710 kVA spst.	51 490	—	
1200 kVA spst.	87 010	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	1 020		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulinu, stystu greiðfæra leiða að varkassa.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tækni-
legum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hafur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánari samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 613,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðar-
áætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

¹⁾ Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raun-kostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagns úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu. Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbægingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 5 913.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa. mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832,00 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832.00 enda sé samarlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 5 913.00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunngjald, kr. 5 913.00, miðast við vísitalu byggingarkostnaðar, 626 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hver er lögð til grundvallar grunn-gjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumar-búða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 1, 1981 um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

Raforka:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

Lýsing.

1. Um kwst. mæli á kr. 2.45 hver kwst.
2. Um kwst. mæli á kr. 1.014 hver kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 10.719 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.573 af fermetra á ári.

2 Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst. mæli á kr. 0.615 hver kwst.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst. mæli á kr. 1.364 hver kwst. hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 675.235 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1.099 hver kwst.
4. Um mæli á kr. 675.235 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalalag og auk þess kr. 0.203 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 10.003 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o.þ.h. en kr. 3.559 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 5.876 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst. mæli á kr. 0.155 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegisd og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst. mæli á kr. 0.072 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kwst. mæli á kr. 0.255 hver kwst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0.731 hverja kwst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kwst. mælir á kr. 1.245 hver kwst.
3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á kr. 0.178 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr.0.558 hver kwst. á tímanum frá kl. 8.30 til 22.

4. 2.874.47 kr/kw á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhalds-kostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir þr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 4.77
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 13.21
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	— 19.45
Af mestastraumsmæli	— 57.64
Af liða fyrir álagsstýringu	— 16.01

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 60.52.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 60.52 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggja við.

9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1. 63 A 1 fasa	kr. 3.898.00
2. 63 A 3 fasa	— 4.207.00
3. 200 A 3 fasa	— 8.070.00
4. 300kva3 fasa	— 23.478.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dregin í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu

kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	691.00
64 A 3 fasa	970.00
100 A 3 fasa	1.029.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr 2, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 25. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.

A. Lýsing.

1.1. Fast gjald	kr.	19.47 á mán
Orkugjald	—	2.48 á kWst.
1.2. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	1.34 á kWst.

1.3. Útilýsing:		
Fast gjald	kr.	19.47 á mán.
Orkugjald	—	0.66 á kWst.
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald	—	19.47 á mán.
Fast gjald á ljósker	—	9.74 á mán.
Orkugjald	—	0.31 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald	—	19.47 á mán.
Orkugjald	—	1.03 á kWst.

B. Heimili.

2.1. Fast gjald	—	30.29 á mán.
Orkugjald	—	0.57 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
Markmæling:		
Aflgjald lágmark 4 kW (Fastagjald)	—	3.394.60 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	460.90 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	0.13 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	0.57 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	1.34 á kWst.
3.2. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald lágmark 3 kW	—	831.38 á kW á ári
Orkugjald	—	0.26 á kWst.
3.3. Súgþurrkun 1. júní — 31. október:		
Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald	—	258.50 á kW á ári
Orkugjald	—	0.11 á kWst.

D. Húshitun.

4.1. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	50.37 á kW á ári
Orkugjald	—	0.53 á kWst.
Enginn roftími.		
4.2. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	50.37 á kW á ári
Orkugjald	—	0.42 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3. Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	50.37 á kW á ári
Orkugjald	—	0.20 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4. Markmæling:		
Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald lágmark 5 kW hámark 20 kW	—	418.14 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	0.09 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	0.57 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturlitun.

4.5. Sumarhitun:

Fast gjald	—	19.47 á mán.
Orkugjald	—	0.12 á kWst.

4.6. Næturlitun:

Fast gjald	—	19.47 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW	—	50.37 á kW á ári
Orkugjald	—	0.12 á kWst.

Roftími 14 klst. á dag.

F. Annað.

5.1. Gjöld yfir lokun og endurofnun veitu í hvert skipti	—	118.60
5.2. Sérsmningar.		

1. Flatarmálgjöld.

Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	0.76 á m ² á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	0.38 á m ² á mán.

2. Mestaafismæling.

2.1. Afismæling miðast við 15 mín. meðalálág.

2.2. Gjaldskrárliður 3.2.

Gjaldskilytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskilytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar

2.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálág.

3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðullinn upp í það gildi.

Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.

3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka aflgjald af rafsuðuspennum kr. 24.00/kW á ári.

4. Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt óskum notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast O.V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O.V. takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilur O.V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 23,5% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húsa hitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar, sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Sér samningar o. fl.

- 7.1. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.
- 7.2. Orkubúinn er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

8. Heimtaugagjöld í þéttbýli.

- 8.1. Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, svo sem hér segir:
- 8.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 8.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald Kr.	Gjald af yfirlengd jarðstrengur Kr./m.
63	4.576.00	128.70
100	7.260.00	160.60
200	14.531.00	187.00
300	18.986.00	235.40

Bráðabirgðaheimtaug greiðist samkvæmt kostnaði

- 8.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.
- 8.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m. í lóð. Af vegalengd umfram 125 m. í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.
- 8.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim þörfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér

um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 8.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugagjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

9. Heimtaugargjald í sveitum.

- 9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubú Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
- 9.2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatverði. Grunnjald skal vera kr. 4 097.31 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 342 227.30 af matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatverðs, sem er fram yfir kr. 342 227.30, enda sé sam- anlögð lengd háspennu- og lágsþennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverjar 4 097.31 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunn- gjald kr. 4 097.31 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 398 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteigna- mat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlegt matsverð lands og húsa býlisins verði 188 220.00 kr.

Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðar- húsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heim- taugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 1/1981 um breytingar á gjaldskrá Rafmangsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Hafnarhrepps, og birtist til eftirbreyttri öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á**Rafveitu Borgarness.**

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.

Frá og með 2. janúar 1981 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 0,458 kr.

Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur,
a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI**RAFMAGNSSALA.**

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
A1 (Lýsing)	1	0,458	30	13,74 á fermetra, skilyrt notk. lágmark 1200 kwh/a
A2	2	0,916		
A3	3	1,374		
B1 (Heimili)	1	0,458	180	82,44 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	0,458	600	274,80 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,137	1600	732,80 á árskílóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	0,276	Án rofs	, 0,366 til annarra nota
D2 —	0,336	0,154	Rof 1,5 h/d	, 0,204 til annarra —
D3 —	0,316	0,145	Rof 2,5 h/d	, 0,192 til annarra —
D4 —	0,257	0,118	Rof 4,5 h/d	, 0,156 til annarra —
D5 —	0,178	0,082	Rof 14,6 h/d	, 0,109 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1-5, samtals 32,5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérsökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxa A3.

F. Mæli- og rofagjöld.

	g/a	Árgjöld		Daggjöld
		kr/a	kr/d	kr/d
F10 Einfasa mælir	300	137,40	0,376	
F11 Einfasa mælir m. rofa	900	412,20	1,129	
F20 Þrífasa mælir	600	274,80	0,753	
F21 Þrífasa mælir m. rofa	1200	549,60	1,506	
F30 Aflmælir	2800	1282,40	3,513	

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á tóxtum:

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1. — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvarar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í árgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3	4		
Gjald- skrár- liður	Málstraumur 220 V kerfi A	stofnvara í 380 V kerfi A	Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$ kVA	Gjaldstig g	Tengi- gjald kr.
T1	2×60	1×30	$0,22 \times 60 = 13$		5 360	2 454,90
T2	3×60		$0,38 \times 60 = 22$		6 570	3 009,10
T3	3×100	3×60	$0,38 \times 100 = 38$		8 730	3 998,30
T4		3×100	$0,66 \times 100 = 66$		12 510	5 729,60
T5	3×200		$0,38 \times 200 = 76$		13 860	6 347,90
T6	3×350	3×200	$0,66 \times 200 = 132$		21 420	9 810,40
T7		3×350	$0,66 \times 350 = 231$		34 780	15 929,20
T8				300	44 100	20 197,80
T9				500	71 100	32 563,80
T10				800	111 600	51 112,80

Heimilt er skattstjórum að veita leyfi til endurgreiðslu og undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum, hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar, eða flytja lögheimili sitt til útlanda. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Heimilt er að leyfa erlendum ríkisborgurum, sem hafa hér á landi tímabundið atvinnuleyfi, undanþágu frá þátttöku í skyldusparnaði. Skal getið um slíka undanþágu í atvinnuleyfi útgefnu af félagsmálaráðuneyti.

8. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss og látið nema brott úr bókinni blöð þau, sem eru með álimdum sparimerkjum.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur, skal nema brott umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna.

Blöð með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Vextir af sparifé teljast sparifjáreigenda frá þeim degi, sem sparimerkjabláð er mótttekið af póstmanni.

Þegar skyldusparnaður er sendur beint til Byggingarsjóðs ríkisins eða þess, sem fyrir hans hönd annast innheimtu skyldusparnaðar, skulu vextir og verðtrygging teljast frá þeim degi, sem skyldusparnaður berst til innheimtuaðila.

9. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar, og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku. Þó er heimilt að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjabláði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

10. gr.

Glatist sparimerkjabók, en sparimerki hafa verið afhent pósthúsinu til áfram-sendingar og fjárhæðin lögð á sparimerkjareikning bókareiganda, getur Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins stefnt til sín handhafa þessarar sparimerkjabókar með 6 mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnu samfleytt í Lögbirtingablaði. Ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn,

getur Byggingarsjóður ríkisins greitt þeim manni upphæðina, sem er skráður eigandi bókarinnar, þegar hann á rétt til endurgreiðslu samkv. reglugerð þessari, án þess að nokkur annar, er sparimerkjabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfur á hendur Byggingarsjóði ríkisins.

Kostnað af þessu ber bókareiganda að greiða.

11. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar póstleggja skilgrein póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilgreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilgreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilgreininni.

12. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði, og skal afhenda það Húsnæðisstofnun ríkisins eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja, svo og sparimerkjablöð greiddra merkja, skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr.

13. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 12. gr. Er henni berast sparimerkjablöð, sbr. 8. gr., eða skil á upplýsingum frá skýrslugerðarfyrtæki samkvæmt 4. mgr. 2. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt.

Ef innstæðu, sem er eingöngu vextir, sem reikningseigandi hefur ekki tekið út um leið og höfuðstóllinn, er ekki vitjað innan 20 ára, renna þær til Byggingarsjóðs ríkisins.

14. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á skyldusparnaðarreikningi samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar og rétt á til endurgreiðslu skv. 5. gr., 6. gr. og 7. gr. hennar, skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt samkvæmt þeim reglum, sem nánar er sagt frá hér á eftir.

Þann 1. hvers mánaðar þegar ný lánskjaravísitala tekur gildi er innstæða skyldusparnaðar uppfærð með sömu hlutfallslegri breytingu og orðið hefur á lánskjaravísitölu.

Vextir skv. 1. gr. reiknast sem dagvextir af stöðu uppfærðs sparnaðar og leggjast við höfuðstól um hver áramót.

Við næstu áramót eftir að skyldusparandi nær 26 ára aldri ber reikningur hans almenna sparisjóðsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, en verðtrygging skv. lánskjaravísitölu og vextir skv. 1. gr. falla jafnframt niður.

15. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði. Launagreiðendur þeir, sem um ræðir í 2.—4. mgr. 2. gr. skulu bera allan kostnað af afgreiðslu skyldusparnaðarins þar til gögn og greiðsla hefur verið afhent Húsnæðisstofnun ríkisins.

16. gr.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 2. mgr. 2. gr. er að launagreiðandi skuldbindi sig til að afla sjálfskuldarábyrgðar banka og leggi fram ótvíræða ábyrgðaryfirlýsingu hans fyrir greiðslu sparifjár og kostnaðar sem launagreiðandanum verður gert að greiða samkvæmt þessari grein, verði misbrestur á því að launagreiðandi standi skil á greiðslu eða gögnum til Húsnæðisstofnunar. Skal upphæð ábyrgðarinnar nema hið minnsta sem næst fjórðungi þeirrar heildarupphæðar, sem viðkomandi launagreiðanda bar að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. reglugerð þessari á síðasta almanaksári.

Húsnæðisstofnun ber að krefja launagreiðanda um greiðslu og gera viðkomandi banka aðvart, geri launagreiðandi ekki tafarlaust skil, sbr. 3. mgr. 2. gr. Sé kröfunum ekki sinnt, skal Húsnæðisstofnun krefja ábyrgðaraðila um greiðslu, þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga launanna.

Eigi ríkisfyrirtæki í hlut, ábyrgist fjármálaráðuneytið greiðslu til Húsnæðisstofnunar með sama hætti og greinir í 1. og 2. mgr.

Verði misbrestur á að skýrslugerðarfyrirtækið skili réttum gögnum, skal fyrirtækið greiða Húsnæðisstofnun allan kostnað, sem af þeim misbresti leiðir.

17. gr.

Launamiði, sem launþegi fær í hendur frá skýrslugerðarfyrirtækinu, skal svo úr garði gerður, að hann sé auðkenndur nöfnum og heimilisföngum launagreiðandans og launþegans og nafnnúmerum beggja. Jafnframt skal getið dagsetningar, þegar þar tilgreind upphæð var lögð til hliðar af launum hans og send Húsnæðisstofnun, sem sparifé skv. reglugerð þessari.

Þannig útbúinn er launamiði skýrslugerðarfyrirtækisins sönnun gagnvart Húsnæðisstofnun um inneign viðkomandi launþega vegna skyldusparnaðar.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, tekur gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 1 12. janúar 1971 um skyldusparnað, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

Fylgiskjal með reglugerð um skyldusparnað.

**Dæmi um skyldusparnað sem fær
grunngilið vísitölu innleggsmánaðar.**

Dagsetning	Lánskjara- vísitala	Innborgað fé	Vísitölu- reikn.	Höfnóstóls- saldó	Vaxtatal	Vaxtadagar	Vextir
1980 20/6	160	20 000	0	20 000	200 000	10)	—
30/6	1/7 167	0	875	20 875	146 125	(7)	—
7/7	167	20 000	0	40 875	613 125	(15)	—
22/7	167	20 000	0	60 875	487 000	(8)	—
31/7	1/8 172	0	1 823	62 698	313 490	(5)	—
5/8	172	20 000	0	82 698	1 240 470	(15)	—
20/8	172	20 000	0	102 698	1 026 980	(10)	—
31/8	1/9 178	0	3 582	106 280	3 188 400	(30)	—
30/9	1/10 183	0	2 985	109 265	3 277 950	(30)	—
31/10	1/11 191	0	4 777	114 042	3 421 260	(30)	—
30/11	1/12 197	0	3 582	117 624	3 528 720	(30)	—
31/12	197	0	5 374	122 998	(17 443 520)	(0)	969
31/12	1/1 206	0	0	123 967	—	—	—

Dæmi um úttekt 20/1 '81.

1981 20/6	206	Staða 31/12 '80	123 697	2 355 373	(19)	131
		0	0	124 105 útb.		

**Dæmi um útreikninga vísitöluálags og vaxta af sparnaði
sem stendur stutt inni í skyldusparnaðarkerfinu.**

Dagsetning	Lánskjara- vísitala	Innborgað fé	Vísitölu- reikn.	Höfnóstóls- saldó	Vaxtatal	Vaxtadagar	Vextir	Útborgað fé
1980 20/6	160	20 000	—	20 000	200 000	(10)	—	0
30/6	(1/7) 167	0	875	20 875	146 125	(7)	—	0
7/7	167	20 000	—	40 875	613 125	(15)	—	0
22/7	167	20 000	—	60 875	487 000	(8)	—	0
31/7	(1/8) 172	0	1 823	62 698	313 490	(5)	—	0
5/8	172	20 000	—	82 698	1 240 470	(15)	—	0
20/8	172	20 000	—	102 698	1 026 980	(10)	—	0
31/8	(1/9) 178	0	3 582	106 280	3 188 400	(30)	—	0
30/9	(1/10) 183	0	2 985	109 265	3 277 950	(30)	—	0
31/10	(1/11) 191	0	4 777	114 042	2 737 008	(24)	—	0
25/11	191	0	0	64 042	384 252	(6)	—	50000
30/11	(1/12) 197	0	2 012	66 054	924 756	(14)	—	0
15/12 reikn. eyðilagður	197	0	0	66 054	(14 539 556)	—	808	66862

REGLUGERÐ

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Lágmarks starfskjör.

1. gr.

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari laun og önnur starfskjör en hinir almennu kjarasamningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins ákveða skulu ógildir.

Lífeyrissjóðir.

2. gr.

Með lífeyrissjóði er í reglugerð þessari átt við lífeyrissjóð, sem starfar skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu.

Aðildarskylda að lífeyrissjóði.

3. gr.

Öllum launamönnum og einstaklingum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

Launamaður telst sá einstaklingur, félagsbundinn í stéttarfélagi eða ófélagsbundinn, sem fær skattskyldar greiðslur og/eða skattskyld hlunnindi sem laun fyrir að leysa eitt hvert starf af hendi í annars hágu, enda sé það ekki háttur í sjálfstæðri starfsemi hans. Til launa telst m. a. endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

Einstaklingur telst stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hafi hann tekiur af vinnuframlagi sínu í eigin rekstri. Ekki skiptir máli hvort hann er félagsbundinn í samtökum atvinnurekenda eða ófélagsbundinn.

Verði ágreiningur um það hvort einstaklingur teljist launamaður, atvinnurekandi eða stundi sjálfstæða starfsemi, skal fjármálaráðuneytið úrskurða um ágreininginn, að fenginni umsögn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgiöld vegna tiltekins starfs skuli greidd úrskurðar fjármálaráðuneytið um hann að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli, s. s. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands ísl. bankamanna, Bandalags háskólamanna og Vinnu-málasambands samvinnufélaganna. Sami maður getur átt aðild að fleiri en einum lífeyrissjóði samtímis, ef hann gegnir fleiri en einu starfi.

4. gr.

Trvggingaskylda b. e. skylda til að eiga aðild að lífeyrissjóðum skv. 3. gr., skal innt af hendi með hátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og skv. lögum eða reglugerðum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálf-sagða aðild að sjóði skv. 3. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé trvggingaskyldu ekki fullnægt með þessum hætti skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, sem fjármálaráðuneytið vísar til og með sam-

komulagi við viðkomandi lífeyrissjóð. Sé ágreiningur um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd skulu þau greidd til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til úrskurðað hefur verið um sjóðsaðild skv. 3. gr.

Lífeyrisskrá lífeyrisréttinda skal veita einstaklingum og atvinnurekendum upplýsingar um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða fyrir hvern mann eða um hvaða sjóði er að velja eigi það við.

Um stofn lífeyrisiðgjalda.

5. gr.

Iðgjald skal greiða í samræmi við lög eða reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs, sem maður á aðild að, sbr. 3. og 4. grein. Maður sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal greiða af þeim tekjum, sem hann hefur af vinnuframlagi sínu og í samræmi við lög eða reglugerð þess lífeyrissjóðs, sem hann á aðild að.

Um greiðslu iðgjalda.

6. gr.

Iðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a. m. k. 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs eða lögum.

7. gr.

Greiðsla iðgjalda skal fara eftir lögum eða reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóða. Atvinnurekendur er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt móttframlagi sínu skv. þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í lögum eða reglugerð viðkomandi sjóðs. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda skal viðkomandi lífeyrissjóður innheimta vangoldin iðgjöld hjá atvinnurekanda með vanskilavöxtum (dráttarvöxtum), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

Sé í lögum eða reglugerð lífeyrissjóðs ekki kveðið á um iðgjaldagreiðslutímabil og/eða gjalddaga, skal það eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi eigi vera síðar en 10. næsta mánaðar. Eindagi skuldar skal vera eigi síðar en innan 30 daga frá því að iðgjöld féllu í gjalddaga.

Endurgreiðsla iðgjalda.

8. gr.

Lífeyrissjóðum er einungis heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerðum einstakra lífeyrissjóða að endurgreiða hlut launþega til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott og á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því, sem skylt er að greiða skv. lögum eða kjarasamningum.

Önnur ákvæði.

9. gr.

Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða vegna starfsmanna sinna í sjúkra-sjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnu-markaðarins semja um hverju sinni, og skv. þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags skv. þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

10. gr.

Iðgjaldakröfur skv. reglugerð þessari njóta forgangsréttar í þrotabú atvinnu-
rekenda skv. 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878 sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 55 9. júní 1980 um starfskjör
launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 31. mars 1981.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

13. mars 1981.

Nr. 195.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Selfoskaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Upphot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn
þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir
vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur,
vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota. Um
samkomuhús gildir ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana,
samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér
þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn
í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til
að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttá-
lag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, að óþörfu, og
enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast
neitt það að sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki renna sér á sleð-
um, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Sömuleiðis
er bannað að hanga aftan í bifreiðum, eða öðrum farartækjum sem eru á ferð
um göturnar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum
æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimur efnur eða sprengiefnum. Þó getur lög-
reglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar
sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lög-
reglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að
allrar varúðar sé gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem mishýður velsæmi
eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslan-
lega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera
áberandi ólvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbrágð svo sem að
fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber
til geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur
er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bátum fyrir tjón, sem þeir kunna
að bíða á fatnaði eða limum.

II. KAFLI

Umferð um Ölfusá.

10. gr.

Umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja er bönnuð á Ölfusá í lögsögu
Selfoss nema til komi leyfi lögreglustjóra.

Veiðibændum er þó heimil vegna veiða nauðsynleg umferð á öruggum bátum.
Umferð á ís um Ölfusá er háð leyfi lögreglustjóra.

III. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu
leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra og vatnsveitustjóra.

12. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Heimilt er að
selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almanna-
færi aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrá, merki og annað þessu skylt.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá
kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferðina, frekar
en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnst-
an farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var.
Bifreiðar og vinnuvélar mega aldrei standa á götum eða vegum lengur en nauðsyn-
legt er til þess að fylla þær eða tæma, og aldrei mega þær standa á gangstéttum.
Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum bifreiðar
eða vinnuvélar megi standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

14. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda, né fara inn í híbýli í söluerindum.

15. gr.

Eigi má kasta á almannafæri hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi eða öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir jarðefni, gler, plast, ösku, járnarusl, vira, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina.

Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

16. gr.

Enginn má raska umferðarmannvirkjum bæjarins nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmunum með nægilega greinilegum ljósum er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess er hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús er rífið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn. Er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmiðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvoitt eða þess konar, skulu vera nægilega traustir. Enda á steypustyrktarjárnri má ekki láta standa bera upp í loftið á húsgrunnum eða byggingum, þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af.

20. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum né eignum einstaklinga.

21. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

IV. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

24. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

V. KAFLI

Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

26. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til. Unglingar undir 18 ára aldri mega ekki koma inn á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa, ef út af er brugðið.

27. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gisithúsum skal haldinn nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, gistihúsi eða öðru húsnæði sem er á móti reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra eða heilbrigðisfulltrúa heimilt að hanna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

29. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

30. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í göðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

31. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talið er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu.

VI. KAFLI

Um dýrahald.

32. gr.

Hundahald er bannað á Selfossi. Undanþágur skulu aðeins veittar samkvæmt staðfestri samþykkt um hundahald í kaupstaðnum. Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttðræpir.

33. gr.

Hænsni eða aðra fugla má ekki hafa nema þeir séu í afgirtu svæði eða tryggri vörslu, svo að þeir geti ekki gert óskunda.

34. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum, nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

35. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kaupstaðnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir, sem fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef ekki er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er búpeningurinn hefur valdið. Ef ætla má, að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kaupstaðnum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar aftur til kaupstaðarins.

Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

36. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að skulu lögreglumenn aflífa.

VII. KAFLI

Um umferð á götum o. fl.

37. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

VIII. KAFLI

Um umgengni.

38. gr.

Ökuhraði í bænum ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga.

39. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra.

IX. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

40. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri

umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

41. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiðir kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

42. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af öðrum.

43. gr.

Með þessari samþykkt eru úr gildi numin þau ákvæði í lögreglusamþykkt Árnes-sýslu nr. 134 10. júlí 1939, sem eiga við um Selfoss, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bág við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. mars 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun í Stykkishólmi.

1. gr.

Stykkishólmsshreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Stykkishólms.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og samþykktum sveitarstjórnar Stykkishólms.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppoka skal komið fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt.

Húseigendum ber að kosta uppsetningu og viðhald grinda og sorpskápa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af sveitarsjóði. Þó skal notandi greiða árlegt gjald, er miðast við fjölda þeirra sorpgrinda er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af sveitarstjórn og innheimtist með fasteignagjöldum.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í sorppoka, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot) eða sem er svo þungt að hætta sé á að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, s. s. oliu og bensín, í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo, að auðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

6. gr.

Allt það sorp, er eigi verður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Skylt er þeim að hlíta til fulls fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd sem næst vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið. Við hverja tæmingu skilja sorphirðumenn eftir nýja poka í hverri grind. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða Áhaldahúsi bæjarins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstöðum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu.

Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga eða á þau afmörkuðu svæði, sem sveitarstjórn gefur fyrirmæli um, skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og allur þrifnaður hafður í hávegum.

Sömuleiðis skal umgangur og frágangur á sorpi á sorphaugastað uppfylla þær kröfur, sem reglur um þá staði kveða á um, t. d. um losunartíma sorps og umgengnis-hætti alla.

9. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt, er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til sveitarstjórnar, náist ekki samkomulag við sorphirðumenn.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stykkishólmshrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og hollustueftirlit og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 23. mars 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

25. mars 1981.

Nr. 197.

AUGLÝSING

um gatnagerðargjöld í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu, svo og lagna í hana. B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu, svo og ganga frá gangstétt.

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldra húsnæði og skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlis- og tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús	0.8%
Raðhús á einni hæð	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Iðnaðarhús og annað atvinnuhúsnæði	0.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Gjald skal miðað við brúttórúmmál húss, samkv. samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkv. IST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, þá skal miðað við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða 1.50 kr. af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr. þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt og nær það einnig til eldri húsa, sem ekki hafa áður greitt gatnagerðargjald.

Skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Tvíbýlishús og sambygð einbýlishús á einni hæð	3.0%
Tveggja hæða fjölbýlishús	2.5%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	2.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	4.0%
Iðnaðarhús og annað atvinnuhúsnæði	2.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 1.50 af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Gjöld samkv. 3. og 4. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla sbr. 3. og 4. gr. svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til. Heimild er og til að fresta innheimtu gjalda í reglugerð þessari, af eigendum fasteigna, sem vegna aldurs eða sjúkdóma. að mati hreppsnefndar, ber að fresta. Verði húseignin seld sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjöldum, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Sveitarstjórn er þó heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins, eða í allt að 12 mánuði.

7. gr.

Gatnagerðargjald, samkv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

8. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Effirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir greiðast á sömu gjalddögum og miðast við vexti Bygðasjóðs á hverjum tíma, eins og þeir eru á skuldabréfum til sveitarfélaga vegna lagningu bundins slitlags, nú 22%.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps V.-Barðastrandarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. mars 1981.

Nr. 198.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af legu Norðurlandsvegur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. þ. m. staðfest uppdrátt af legu Norðurlandsvegur frá Völlum í Seyluhreppi yfir Héraðsvötn á nýrri brú og að Siglufjarðarvegi í Akrahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefndum Seyluhrepps og Akrahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. mars 1981.

Nr. 199.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 10. þ. m. staðfest deiliskipulag af „kvosinni“ þ. e. reitnum sem takmarkast af Lækjargötu, Skólabrú, Pósthússtræti og Austurstræti og eftirfarandi breytingar á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur þannig:

1. Framlenging Kirkjustrætis í Lækjargötu falli niður svo og götustæðið.
2. Í stað skrifstofu-verslunarbyggðar komi miðbæjarstarfsemi og íbúðarbyggð.
3. Í stað nýtingarhlutfallsins 2.0 komi 2.5 til jafnaðar.
4. Í stað 4—5 hæðir komi 1—5 hæðir.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktir af borgarráði Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983 að því er varðar vegakerfi borgarinnar innan Hringbrautar—Snorrabrautar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 10. þ. m. staðfest eftirfarandi breytingar á aðalvegakerfi Reykjavíkur innan Hringbrautar og Snorrabrautar þannig:

1. Suðurgata frá Túngötu að Geirsgötubru verði felld niður.
2. Suðurgata milli Hringbrautar og Túngötu verði felld niður sem stofnbraut og breytt í tengibraut.
3. Kirkjustræti — Amtmannstígur — Grettisgata falli niður sem samfelld tengibraut og hver um sig breytt í safngötu eða húsagötu.
4. Vonarstræti verði tengibraut (kemur í stað Kirkjustrætis).

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktir af borgarráði Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

1. gr.

Um gjaldskyldu til slysatryggingagjalds skv. 16. gr. almannatryggingalaganna.

Þeir aðilar, sem hafa í sinni þjónustu starfsmenn sem falla undir a-lið 1. mgr., sbr. 2.—4. mgr. 29. gr., og að auki þeir iðnmeistarar, sem hafa iðnnema á samningi, skulu greiða slysatryggingagjöld skv. 36. gr. almannatryggingalaga. Iðnskólar greiða iðgjöld vegna iðnnema, sem ekki eru á samningi við meistara.

Gjaldskyldan nær einnig til útgerðarmanna, sem sjálfir eru skipverjar, sbr. d-lið 1. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga. Ennfremur til þeirra atvinnurekenda í landbúnaði vegna þeirra sjálfra og maka og barna 12—16 ára svo og til þeirra atvinnurekenda, er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum, sem ekki undanskilja sig slíkri tryggingu með áritun á skattframtal.

Með sama fororði nær gjaldskyldan til þeirra, sem að staðaldri stunda lausavinnu, sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu, sbr. 4. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga.

Loks nær gjaldskyldan til þeirra, sem með áritun á skattframtal óska að tryggja sér slysabætur við heimilisstörf, sbr. 2. mgr. 30. gr. laganna, svo og til þeirra atvinnurekenda, sem með sama hætti óska að tryggja slysabætur mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem vinna með þeim að atvinnurekstrinum og atvinnurekenda í landbúnaði, að því er varðar börn innan 12 ára.

Um iðgjöld af trillubátum, bifhjólum, vélsleðum, reiðhjólum með hjálparvél, heimilisdráttarvélum o. fl. sbr. 4. mgr. 36. gr. almannatryggingalaga, svo og af bifreiðum, sbr. 71. gr. umferðalaga fer skv. reglugerð nr. 448 29. desember 1978.

2. gr.

Gjaldstofn slysatryggingagjalds.

Gjaldstofn til slysatryggingagjalds skal vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur, sem jafna má til launagreiðslna.

Hjá þeim aðilum sem greinir í 2. og 3. mgr. 4. gr. og hjá iðnnemum án náms-samnings sbr. 1. mgr. sömu gr. skal stofninn ákvarðaður eftir sömu reglum og greinir í lögum nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og reglugerðum og starfsreglum, sem settar eru með stoð í þeim lögum, sbr. og eftir því sem við eiga ákvæði 4. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 336/1976.

3. gr.

Gjaldstig.

Iðgjöld skulu á árinu 1981 nema 0,1% af gjaldstofni skv. 2. gr.

4. gr.

Um álagningu gjaldanna.

Iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari og reglugerð nr. 448 29. desember 1978, önnur en iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum, skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

Skattstjórar skulu því leggja á iðgjöld vegna óskráðra dráttarvéla. Ákvæði 40.—43. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum skulu gilda um álagningu, eftir því sem við á.

Iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum skulu lögð á af innheimtumönnum bifreiðagjalda.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld af skrásettum ökutækjum skulu innheimt árlega fyrirfram ásamt bifreiðagjöldum.

Önnur iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignar-skatt, og gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum um þau, þ. á m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða og þeim ríkisstofnunum, sem hún ákveður, svo og gjald það, sem ræðir um í f-lið. 1. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga. sbr. 4. gr. hér að framan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. og 65. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 58/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1981.

Svarar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983.

Hinn 25. febrúar 1981 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landspilda 0.8 ha að stærð austan Öskjuhlíðarskóla og sunnan væntanlegs Bústaðavegar breytist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 203.

8. apríl 1981.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins
á samþykkt byggingarsamvinnufélags.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 51 30. apríl 1973 hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag Hafnfirðinga.

Félagsmálaráðuneytið, 8. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 67,2 aurar/kW h. Lágmarksgjald er 223,90 kr. á ári.
- 2.2 3 179,40 kr/kW a í uppsettu aflri til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 62,2 aurar/kW h. Lágmarksgjald er 223,90 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 67,2 aurar/kW h. Lágmarksgjald er 223,90 kr. á ári.
- 4.2 12,5 aurar/kW h og 645,50 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
- 4.3 101,0 aurar/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 223,90 kr. á ári.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 25,3 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 36,1 aurar/kWh til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 3 610,00 kr/a.

- 5.2 13,3 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 18,9 aurar/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.
- 5.3 7,0 aurar/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 9,8 aurar/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	41,70 kr.
Orkumælir, þrífasa	167,00 —
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	281,50 —
Aflmælir	271,50 —
Aflmælir með straumspennum	427,90 —
Tvígjaldsorkumælir	271,50 —
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	427,90 —
Móttökuliði, einpóla	187,70 —
Móttökuliði, þrípóla	271,50 —

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1, 4.1 og 4.3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtaugargjöld.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

7.3

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld
63 A 1-fasa	3 530,00 kr.
63 A 3-fasa	3 820,00 —
100 A 3-fasa	6 060,00 —
200 A 3-fasa	12 110,00 —
315 A 3-fasa	19 070,00 —
400 A 3-fasa	24 210,00 —
710 A 3-fasa	42 980,00 —
1200 A 3-fasa	72 630,00 —

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

7.4

Bráðabirgðaheimtaumar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaumar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	682,00	102,00	1 287,00
63 A 3-fasa	960,00	102,00	1 494,00
100 A 3-fasa	1 018,00	132,00	1 715,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan loftlínuheimtaug.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaxsár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	549,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	17,5 aurar á kW
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	10,1 aurar á kW
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	5,0 aurar á kW

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.
Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálags-
toppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingastað.

5. gr.
Ársnýting.

Ársnýtingartími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh.
deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.
Ákvörðun aflsgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er
það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaup-
andi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.
Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé
ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvatt-
stundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta-
stig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir
slíkt lágmark.

8. gr.
Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda árgreiðslu hans miðað við
umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur.
Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi
er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir
eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um
hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla
hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaup-
anda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má
taka lög taki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 581, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum,
tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt
skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir
hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir vænlegri
raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæð-
inu fylgi heimaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk
er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugar-
gjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd ¹⁾	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 einfasa	4 660	140	
63 þriggjafasa	5 020	140	
100 þriggjafasa	7 960	175	
200 þriggjafasa	15 890	205	
315 þriggjafasa	25 030	258	
400 þriggjafasa	31 800		Samkv. kostn.
710 kVA spst.	56 430	—	
1200 kVA spst.	95 360	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	1 120		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leiða að varkassa.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánari samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 672,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðar-áætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagns úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu. Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbæggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 5 913,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa. mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832,00 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832,00 enda sé samantöl lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 5 913,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald, kr. 5 913,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 626 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hver er lögð til grundvallar grunn-gjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samantlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarþústaða, sumarþúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. mars 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 140, 1981 um breytingar á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 114 15. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

Raforka:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 2,710 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1,121 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 11,85 á hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3,95 af fermetra á ári.

2 Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 0.680 hver kWst.

3. Vélanothkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 1,509 hver kWst. hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 746,80 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1,215 hver kWst.
4. Um mæli á kr. 746,80 fyrir hvert kw mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalág og auk þess kr. 0,225 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 11,10 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 3,95 á hvern fermetra í vörugueymslum og kr. 6,50 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst. mæli á kr. 0,171 hver kwst, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst. mæli á kr. 0,080 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kwst. mæli á kr. 0,282 hver kwst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0,808 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kwst. mælir á kr. 1,377 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á kr. 0,197 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 0,617 hver kwst. á tímanum frá kl. 8.30 til 22.

4. 3 179,00 kr/kw á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 5,30
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 14,60
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	— 21,50
Af mestastraumsmæli	— 63,75
Af liða fyrir álagsstýringu	— 17,70

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 67,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 67,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggja við.

9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1. 63 A 1 fasa	kr. 4 311,00
2. 63 A 3 fasa	— 4 653,00
3. 200 A 3 fasa	— 8 925,00
4. 300 kva3 fasa	— 25 967,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dregin í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu

kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loflínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	764,00
64 A 3 fasa	1 073,00
100 A 3 fasa	1 138,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. mars 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 140, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 115 25. febrúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.

A. Lýsing.

1.1. Fast gjald	kr. 21,53 á mán.
Orkugjald	— 2,74 á kWst.
1.2. Fast gjald	— 21,53 á mán.
Flatarmálgjald	— skv. skýringu
Orkugjald	— 1,48 á kWst.

1.3. Útilýsing:		
Fast gjald	kr.	21,53 á mán.
Orkugjald	—	0,73 á kWst.
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald	—	21,53 á mán.
Fast gjald á ljósker	—	10,77 á mán.
Orkugjald	—	0,34 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald	—	21,53 á mán.
Orkugjald	—	1,14 á kWst.

B. Heimili.

2.1. Fast gjald	—	33,50 á mán.
Orkugjald	—	0,63 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
Markmæling:		
Aflgjald lágmark 4 kW (Fastagjald)	—	3 754,00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	510,00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	0,14 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	0,63 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald	—	21,53 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	1,48 á kWst.
3.2. Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald lágmark 3 kW	—	920,00 á kW á ári
Orkugjald	—	0,29 á kWst.
3.3. Súgburrkun 1. júní — 31. október:		
Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald	—	286,00 á kW á ári
Orkugjald	—	0,12 á kWst.

D. Húshitun.

4.1. Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	55,70 á kW á ári
Orkugjald	—	0,59 á kWst.
Enginn roftími.		
4.2. Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	55,70 á kW á ári
Orkugjald	—	0,46 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3. Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	55,70 á kW á ári
Orkugjald	—	0,22 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4. Markmæling:		
Fast gjald	—	21,53 á mán.
Aflgjald lágmark 5 kW hámark 20 kW	—	462,00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	0,10 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	0,63 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og n turhitun.

4.5. Sumarhitun:		
Fast gjald	—	21,53 � m�n.
Orkugjald	—	0,13 � kWst.
4.6. N�turhitun:		
Fast gjald	—	21,53 � m�n.
Aflgjald l�gmark 2 kW	—	55,70 � kW� �ri
Orkugjald	—	0,13 � kWst.
Roft�mi 14 klst. � dag.		

F. Anna .

5.1. Gj�ld yfir lokun og enduropnun veitu � hvert skipti	—	131,00
5.2. S�rsamningar.		

1. Flatarm lsgj ld.**Taxtar 1.2. og 3.1.:**

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	0,84 � m ² � m�n.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	0,42 � m ² � m�n.

2. Mestaafism ling.

- 2.1. Aflm ling mi ast vi  15 m n. me al lag.
- 2.2. Gjaldskr rli ur 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaks rs er me altal fj gurra h stu  lestra, en hj  fiskibr  slum, fiskimj lsverksmi jum og til hli st  dra nota, er gjaldskylt afl me altal tveggja h stu  lestra.  lestur fari   jafna i fram   byrjun hvers m na ar
- 2.3. Ef ekki eru t k     m la nota  afl, m  mi a afl ttak vi  80% af uppsettu afli.

3. V la- og t kja lag.

- 3.1. Ef fasviksstu ull hj  notanda er l gri en 0.8 skal hann gera r  stafanir   sinn kostna  til þess   h kka fasviksstu ullinn upp   það gildi.
Notandi grei ir h rra ver  fyrir raforku me an fasviksstu ullinn er undir 0.8.
- 3.2. Heimilt er   banna notkun rafsu uspenna og annarra t kja, er valda tilfinn-
anlegum truflunum, um lengri t ma eftir  st  dum hverju sinni. Heimilt er   taka aflgjald af rafsu uspennum kr. 26.50/kW    ri.

4. G tul sing.

Orkub  Vestfjar a s r um uppsetningu g tul singarkerfis samkv mt  skum notanda, sem grei ir stofnkostna . Vi hald g tul singar annast Orkub  Vestfjar a   sinn kostna .

5. Takm rkun   vali gjaldskr rli a o. fl.

Þegar um s rstakar  st  ur er   r  a, svo sem t mabundna notkun mikils afis, getur Orkub  Vestfjar a takmarka  val notanda vi   kve na gjaldskr rli i e a gert s rstaka samninga um skilyr i fyrir tengingu. Þar sem framlei slukostna ur orku er s rstaklega h r, svo sem   disilrafst   varsv  um. e a flutningsgeta og/e a spennuafli er takmarka ,  skilur Orkub  Vestfjar a s r r tt til þess   gefa ekki kost   gjaldskr rli um, þar sem orkugjald er l gt og/e a orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 23,5% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húsahtunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar, sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Sérsamningar o. fl.

- 7.1. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.
- 7.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

8. Heimtaugagjöld í þéttbýli.

- 8.1. Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, svo sem hér segir:
- 8.2. Orkubúid ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 8.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald Kr.	Gjald af yfirlengd jarðstrengur Kr./m.
63	5 061,00	142,00
100	8 030,00	178,00
200	16 071,00	207,00
300	21 000,00	260,00

Bráðabirgðaheimtaug greiðist samkvæmt kostnaði

- 8.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.
- 8.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m. í lóð. Af vegalengd umfram 125 m. í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.
- 8.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubú Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta þer skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsráms er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimiðsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim börfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubú Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér

um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 8.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugagjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

9. Heimtaugargjald í sveitum.

- 9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubú Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
- 9.2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 4 097.31 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 342 227.30 af matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 342 227.30, enda sé sam-
anlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverjar 4 097.31 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunn-
gjald kr. 4 097.31 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 398 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubústjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlegt matsverð lands og húsa býlisins verði 188 220.00 kr.

Heimtaugagjöld sumarhústaða, sumarhúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976. er hér með staðfest til að öðlast gildi 15. mars 1981, sbr. auglýsingu nr. 140 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtis til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 116 15. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 15. mars 1981 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 0,507 kr.

Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur,
a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
			g/a	kr/a
A1 (Lýsing)	1	0,507	30	15,20 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	1,014		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	1,521		
B1 (Heimili)	1	0,507	180	91,26 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	0,507	600	304,20 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,152	1600	811,80 á árskilóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	0,305	Án rofs	, 0,405 til annarra nota
D2 —	0,336	0,170	Rof 1,5 h/d	, 0,226 til annarra —
D3 —	0,316	0,160	Rof 2,5 h/d	, 0,212 til annarra —
D4 —	0,257	0,130	Rof 4,5 h/d	, 0,173 til annarra —
D5 —	0,178	0,090	Rof 14,6 h/d	, 0,121 til annarra —

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1-5, samtals 32,5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérsökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxa A3.

F. Mæli- og rofagjöld.

	Árgjöld	Daggjöld
	g/a	kr/a
F10 Einfasa mælir	300	152,00
F11 Einfasa mælir m. rofa	300	152,00
F20 Þrífasa mælir	600	304,00
F21 Þrífasa mælir m. rofa	1200	608,00
F30 Aflmælir	2800	1420,00

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á tóxtum:

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfplatár í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1. — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnokkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og setlum reglum. m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvarar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1 Gjald- skrár- liður	2 Málstraumur stofnvara í		3 Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	4 Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$		Tengi- gjald kr.
	220 V	380 V		Gjaldstig		
	kerfi A	kerfi A		kVA	g	
T1	2 × 60	1 × 60	0,22 × 60 =	13	5 360	2 718,00
T2	3 × 60		0,38 × 60 =	22	6 570	3 331,00
T3	3 × 100	3 × 60	0,38 × 100 =	38	8 730	4 426,00
T4		3 × 100	0,66 × 100 =	66	12 510	6 343,00
T5	3 × 200		0,38 × 200 =	76	13 860	7 027,00
T6	3 × 350	3 × 200	0,66 × 200 =	132	21 420	10 860,00
T7		3 × 350	0,66 × 350 =	231	34 780	17 633,00
T8				300	44 100	22 359,00
T9				500	71 100	36 048,00
T10				800	111 600	56 581,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$$Y(J) = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra.}$$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: $Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA})$ gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 10 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu. Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir endurofnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá rekna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með þremur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. mars 1981, sbr. auglýsingu nr. 140/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 117 25. febrúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. apríl 1981.

Nr. 223.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1. Um kWst.-mæli á kr. 2,70 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1,12 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 11,85 á hvern fermeter í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og og ganga skal greiða kr. 3,95 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 0.68 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

- C—1. Um kWst.-mæli á kr. 1,51 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunar-tíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 746,80.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1,51 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli kr. 0,23 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 746,80. Notað afl telst vera meðalalag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
- b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,23 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 706,60 kW. í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 746,80 á kW á ári.
- b) Af allri notkun kr. 0,23 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 11,85 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en 3,95 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða 6,50 á hvern fermeter á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,28 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,17 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 0,17 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 141,10 hvert kW.
 - b) ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,08 hverja kWst. með rofi frá kl. 08,00—23,00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a) Af aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að selja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0,81 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnuagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1,44.

Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,25 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,20 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 0,62 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 0,80 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 4,00
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 4,70
3. Af þrífasamælum 50—200 amp.	— 11,85
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 17,75
5. Af álagsstýringarliðum	— 17,75

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kva	Heimtaugargjald kr.
1.	3×60	22	3 400,00
2.	3×100	38	4 956,00
3.	3×200	75 sp.	9 808,00
4.	3×350	132 sp.	16 270,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húsegandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 764,00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 1 073,00
Fyrir 100 amp. þrífasa	— 1 138,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húsegandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 96.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 96.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalín í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. mars 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 140/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 14. apríl 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

30. apríl 1981.

363

Nr. 224.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 155 18. mars 1981.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 30. apríl 1981 og samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefir ráðuneytið staðfest 7% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur frá 1. maí 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. apríl 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristmundur Halldórsson.

30. apríl 1981.

Nr. 225.

AUGLÝSING

**um hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 99
15. janúar 1981 með síðari breytingum.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 30. apríl 1981 og samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 8% hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 1. maí 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 30. apríl 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 6. maí 1981.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 1 010,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri getur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefa-
teljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 171,10 að viðbættum kr. 0,38 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 54,65 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrár fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamála-
stofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5— 1.0 km	kr. 42,80
b. Lengd línuleiðar	1.0— 2.0 km	kr. 64,15
c. Lengd línuleiðar	2.0— 4.0 km	kr. 106,90
d. Lengd línuleiðar	4.0— 8.0 km	kr. 256,60
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 342,15

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 504,90
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða kr. 681,90

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 259,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 324,30 ef 6—12 mánuðir liða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 564,30.

Viðtökugjald lækkar í kr. 101,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 202,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tenningsgjald sbr. 3.1 og 3.2 hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar,
sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 796,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
	kr.	kr.
2 std.	74,85	59,90
4 —	98,60	78,90
6 —	111,65	89,30
8 —	124,75	99,80
10 —	137,80	110,25
12 —	140,20	112,15
14 —	142,55	114,05
16 —	144,95	115,95
24 —	171,05	136,85

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofanefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem standur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað kr. 398,00
- 3.2. Milli stöðvargjaldsvæða — 551,25
- 3.3. Til viðbótar 3.1 og 3.2 greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1 niður í allt að kr. 202,00.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 437,20.

Viðtökugjald lækkar í kr. 101,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 202,00.

Viðtökugjald fyrir sérþúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 3.1 og 3.2 hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af Póst- og símamálastofnuninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 535,80. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
- 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunar-

rétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnaði í samráði við ráðuneytið.

- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr. 39,20
4 —	— 43,75
6 —	— 56,90
8 —	— 66,65
10 —	— 73,20
12 —	— 74,75
14 —	— 76,40
16 —	— 79,60
24 —	— 84,45

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

- 2.4. Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

- 3.5. Símnótendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar simasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bændi í sveitum almennt, nema þeirra, sem húa í hverfum, þorpum, kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarþú-stöðum, veiðiskálum, íþrótaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðn-rekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl innanlands sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0	ót. tími	
1	60 sek.	0,38
2	12 —	1,90
3	10 —	2,28
4	8 —	2,85

1.2. Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1	120 sek.	0,19
2	24 —	0,95
3	20 —	1,14
4	15 —	1,52

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 2,55	kr. 0,85
— 10— 25 —	— 4,17	— 1,39
— 25—100 —	— 5,64	— 1,88
—100—225 —	— 6,78	— 2,26
Yfir 225 —	— 8,46	— 2,82

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfalli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
- 2.4. Kvaðning kr. 3,10. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 7,70 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 4,95 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 4,95 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radió-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 4,17 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 1,39 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 8,55, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, en annars kr. 12,00 fyrstu 3 mín. og kr. 2,85 eða kr. 4,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnugjald kr. 7,70 og kr. 0,45 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 4,30 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Símapóstávisanir: Gjald kr. 16,15 án tillits til orðafjölda.
- 1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 4,30 fyrir heillaskeytis-eyðublaðið.
- 1.6. Samúðarskeyti: Grunnugjald kr. 7,70. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalásjóðs.

- 1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símsstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 4,95 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
- Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkvæðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkja-samningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
- 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
- Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 7,70.
 - Línugjald kr. 0,45 á hvert orð.
 - Strandargjald kr. 0,60 hvert orð.
 - Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.
- Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 4,30 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 3,00.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

- | | |
|--|--------------|
| 1.1. Númer í telexstöð | kr. 4 455,00 |
| 1.2. Bæjarlína | — 1 105,00 |
| 1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð | — 6 605,00 |
| 1.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði. | |

1.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð	kr. 1 176,00
1.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 1 176,00
1.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 3 267,00
1.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 4 134,00
1.9. Vélsendir	— 1 580,00
1.10. Vélgatari	— 3 267,00
1.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 2 709,00
1.12. Afriðill	— 582,00
1.13. Tengipúlt	— 867,00
1.14. Fyrir útskiptingu á telex- og fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostn.	
1.15. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	— 582,00
1.16. Breyting á telexheiti	— 309,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð	— 1 604,00
2.2. Bæjarlína	— 309,00
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	— 2 590,00
2.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrar-gjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrar-gjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	
2.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 380,00
2.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 380,00
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 1 390,00
2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 1 592,00
2.9. Vélsendir	— 642,00
2.10. Vélgatari	— 1 188,00
2.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 1 390,00
2.12. Afriðill	— 309,00
2.13. Tengipúlt	— 392,00
2.14. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir)	— 1 984,00
2.15. Fjölsendir (1 vélsendir — 1 númerasendir)	— 1 390,00
2.16. Fyrir ritsmataeki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.17. Fyrir ICAO ritsmataeki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.1. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.18. Fyrir ritsmataeki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símsstöðvar	— 1 105,00
3.2. Innanhúss	— 558,00
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símsstöðvar	— 1 663,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,38 fyrir hvert teljaraskref, og samsvavar það kr. 0,95 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milli-ríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjalds, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, $\frac{1}{3}$ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 4 788,00.

2. 2. Afnotagjald.

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ.m.t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi síma-miðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

- 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
- 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
- 2.1.3. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem eingöngu er notaður í sambandi við gæslu og öryggismál, en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti, skal nota margföldunarstuðul 0,347.
- 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
- 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
- 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.
- 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
- 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjald reiknast í 500 metra þrepum) og er á ársfjórðungi:
- | | | |
|--------|---|-----------|
| 2.2.1. | Fyrir 1 línu í innanbæjarsíma 0,4—0,7 mm | kr. 69,50 |
| 2.2.2. | Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm | — 96,20 |
| 2.2.3. | Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm eða loftlínu | — 113,45 |
| 2.2.4. | Fyrir ritsímarás í tónritsíma | — 36,80 |
| 2.2.5. | Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarsíma) | — 87,90 |
- Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radióbúnað í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 92,00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 18,40 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 23,75. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 45,15 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 44,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutað-eigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 42,75
3.2. Aukanafn í skrá	— 45,15
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	— 23,75
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 42,75+45,15	— 87,90

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 45,15 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 23,75. Ef nafnið óskast skráð með breyttu lettri, kostar það kr. 42,75. Auglýsingalína kostar kr. 23,75.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI.

Radiótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Radióeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m.a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 110,50
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött —	243,55
1.1.3.	Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 52,30
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 160,40
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 52,30
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 66,50
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 121,20
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 97,40
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 81,95
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 57,00
1.3.4.	Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna —	81,95
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 103,35
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 52,30
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 43,95
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönnum	— 23,75
1.4.5.	Fyrir skirteini loftskeytamanns	— 85,55
1.4.6.	Fyrir skirteini talstöðvarvarðar	— 42,75
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 57,00
1.4.8.	Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 114,05

Gjöld fyrir tegundaprófun.

- 2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt kr. 820,00
- 2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna — 410,00
- 2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
- 2.4. Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
- 2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
- 2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
- 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
- 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta	kr. 23,75
Fyrir 6—15 báta	— 43,95
Fyrir 16—30 báta	— 61,80
Fyrir 31 bát og fleiri	— 81,95

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
- 3.3.1. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 42,75 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna sammingsbundinna viðskipta við fiskibáta.
 - 3.4.1. Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvapjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
 - 3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamálastofnunarinnar sem er.
 - 3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.
 - 3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunarinnar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.
 - 3.4.5. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu að-njótandi eru:

Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a. fyrir minni báta en 100 tonn | kr. 139,00 |
| b. fyrir báta 100 tonn og stærri | — 225,00 |

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn-tölur skulu greiddast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millilygju, kr. 81,95.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiddist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 11,90.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 43,95
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 65,35
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 87,90
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 117,60

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Öheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

- 5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrir mælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 5.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 5.8. Gjöld fyrir simtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með sínreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglið gjald, áður en enduopnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
- 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 5.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sú um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

- 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skál það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfrækta af talstöðvavörðum, sem hafi skirteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 6.5. Skýlt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 6.6. Stöðvum þessum er skýlt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{2}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðurstett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og þer þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlíkusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Bili símabúnaður, þer þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin þer ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Séu það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símsstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex og fjarskiptavélar og radióbúnað, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símsstöðvum.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vitaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngrri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist simnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 60,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 25,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 6. maí 1981. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af símtölum, sem fram fara 6. maí 1981 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 6. janúar 1981.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um staðalíbúðir.

1. gr.

Staðalíbúð er hugtak, sem notað er til þess að ákvarða fjárhæðir lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skv. l. 51/1980, sbr. rgl. 526/1980 og nánar þessa reglugerð.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skulu gera ítarlega áætlun um byggingarkostnað fjögurra flokka staðalíbúða, sem miðast við rýmisþörf eftirtalinna fjölskyldustærða:

- 1) Staðall I : einstaklingur.
- 2) Staðall II : 2—4 manna fjölskylda.
- 3) Staðall III: 5—6 manna fjölskylda.
- 4) Staðall IV: 7 manna fjölskylda.

Við útreikning á stærðum íbúða innan hvers staðals, skal fara eftir íslenskum staðli um það efni, sem gefinn verður út af iðnþróunarstofnun.

Fjölskylda teljast foreldrar og börn þeirra undir 18 ára aldri nema sýnt sé fram á að fleiri séu innan sömu fjölskyldu og hafi verið a. m. k. síðustu 2 ár. Heimilt er að taka sérstakt tillit til þess, ef fyrirhugað er að taka inn á heimili umsækjanda aldrað fólk, sem ekki getur séð um sig sjálf, og verður í umsjá umsækjanda.

3. gr.

Við gerð áætlana um byggingarkostnað staðalíbúða skal miða við fullgerða íbúð að öllu leyti með frágenginni lóð, en án bílskúrs eða bílskýlis. Miða skal við að staðalíbúðir séu vandaðar að öllum frágangi, þúnar venjulegum tækjum til heimilishalds og uppfylli kröfur byggingarreglugerða að öllu leyti, sbr. 5. gr.

4. gr.

Byggingarkostnað staðalíbúða skal endurreikna ársfjórðungslega samkvæmt kostnaðargreiningakerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Við ákvörðun á lánsfjárhæð skal miða við byggingarkostnað þess ársfjórðungs þegar fokheldisstigi er náð, sbr. 2. mgr. 7. gr. rgl. 526/1980.

5. gr.

Til grundvallar útreikninga á byggingarkostnaði staðalíbúða, skal leggja verk- og efnislýsingu Húsnæðisstofnunar ríkisins frá desember 1980. og skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um kostnaðargrundvöll staðalíbúða frá janúar 1981, rannsóknaverkefni V-152.

6. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal endurskoða staðal skv. 2. gr. og viðmiðunarreglur um rýmisþörf einstaklinga í samræmi við breyttar þarfir og kröfur til húsrýmis. Skal í samræmi við það gera nýja lýsingu sbr. 5. gr. og fela síðan Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að endurreikna byggingarkostnað staðalíbúðar, sbr. 4. gr.

7. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður hámarksfjárhæðir lána. Skulu lánin vera ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúða, sbr. 34. og 35. gr. l. 51/1980. Hámarkslán til hvers umsækjanda fer eftir fjölskyldustærð, sbr. 2. gr.

8. gr.

Hámarkslán til byggingar félagslegra íbúða miðast við 90% samþykktu byggingarkostnaðar íbúðar. Áður en bygging íbúðar hefst, skal liggja fyrir samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins við gerð íbúðarhúss, frágangi þess og búnaði, sbr. 44. og 45. gr. l. 51/1980 og rgl. 527/1980. Lánið getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en 90% af staðalíbúðaláni samkvæmt þeim staðli, sem íbúð fellur undir, sbr. 1. mgr. 10. gr. rgl. 527/1980.

Til grundvallar ákvörðun um hámark láns, skal leggja byggingarkostnað staðalíbúðar þeirrar, sem íbúð fellur undir í byrjun þess ársfjórðungs, sem fohheldisstigi er náð, sbr. 10. gr. rgl. 527/1980.

9. gr.

Ef þörf verður talin á, skal reglugerð þessi og forsendur hennar endurskoðaðar, sérstaklega 5. og 6. gr.

Við endurskoðun skal haft samráð við byggingafróða aðila.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 35. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 9. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1981.

Nr. 228.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1981.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18.00 8. maí 1981 til og með 20. maí 1981, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 21. maí 1981 til og með 31. desember 1981, er óheimilt að stunda veiðar í þorskfisknet án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. júlí 1981 til og með 15. ágúst 1981, eru allar þorskveiðar í net bannaðar.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net sbr. 1. mgr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildarafla einstakra veiðiferða, verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81

31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. apríl 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis.

1. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt að veita mönnum sem búsettir hafa verið erlendis leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings á bifreiðum og bifhjólum í allt að þrjá mánuði talið frá komudegi flutningsfars ökutækis til landsins að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum, sbr. einnig 2. gr.

1. Ökutækið sé skráð erlendis og innflytjandi skráður eigandi eða leigjandi þess.
2. Innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. tvö undanfarandi ár, sbr. þó 4. málsg. 5. gr.
3. Innflutningur ökutækis eigi sér stað við komu hlutaðeigandi til landsins eða í beinu framhaldi af komu til landsins.

Innflutningur samkvæmt reglum þessum er að öðru leyti háður því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

1. Að hann eða maki hans aki ökutækinu eða ökumenn, útlendir eða innlendir, sem ráðnir eru til þess að aka ökutækinu fyrir hann.
2. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
3. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda sé ætlun hans að fara þangað í síðasta lagi að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til landsins.

2. gr.

Eigi má veita heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings á ökutæki samkvæmt reglum þessum til aksturs hér á landi nema ökutækið sé váttryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt íslenskum umferðarlögum eða umráðamaður þess leggi fram við tollafgreiðslu „Grænt skírteini“ (Green Card) sem út er gefið í samræmi við reglur þær um alþjóðlegar bifreiðatryggingar sem mælt hefur verið með af undirnefnd um vegaflutninga í innanlandsflutninganefnd Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða ökutæki sé váttryggt á annan fullnægjandi hátt samkvæmt reglum settum af dómsmálaráðuneytinu skv. 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 með áorðnum breytingum.

3. gr.

Við veitingu leyfis til tímabundins innflutnings ökutækis samkvæmt reglum þessum skal innflytjandi útfylla til þess gert eyðublað og gera þar m.a. grein fyrir nafni, þjóðerni, heimilisfangi hér á landi verði því við komið, vegabréfsnúmeri, tegund og árgærð ökutækis, verksmiðjunúmeri, skrásetningarnúmeri ökutækis, og öðru því sem óskað er upplýsinga um í eyðublaði.

Í eyðublaði því sem um ræðir í 1. mgr. skal innflytjandi jafnframt gefa yfirlýsingu þess efnis að hann hafi kynnt sér skilyrði þau sem sett eru fyrir tollfrjálsum

innflutningi ökutækis, sbr. 1. gr., og skuldbindi sig til þess að flytja ökutækið úr landi eða greiða af því að öðrum kosti aðflutningsgjöld, þ.m.t. sölugjald, og önnur opinber gjöld innan þess frests sem tilgreindur er í leyfi tollyfirvalds.

4. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt að framlengja leyfi sem veitt hefur verið skv. 1. gr. um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi að mati tollstjóra fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki eða hafi framfærslu sína af aðila sem uppfyllir ekki þessi skilyrði. Sendikennarar og aðrir slíkir sem þiggja laun sín úr erlendum opinberum sjóðum skulu þó undanþegnir þessu ákvæði.
2. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
3. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

5. gr.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki skilyrði 4. gr. til framlengingar leyfis til tíma-bundins tollfrjáls innflutnings án þess þó að hafa tekið sér fasta búsetu hér á landi og getur tollyfirvald þá heimilað framlengingu tollfrelsis fyrir viðkomandi ökutæki í þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum talið frá komudegi flutningsfars, gegn greiðslu fyrirfram á 4% gjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð sem framlengt er. Skal gjaldið sem samtals er 12% reiknað af tollverði viðkomandi bifreiðar eins og það ákvarðast samkvæmt ákvæðum gildandi reglna um tollverð notaðra bifreiða. Tollverð annarra ökutækja skal ákveðið samkvæmt meginreglum 5.—7. gr. tollskrárlaga. Aðili sem óskar framlengingar tollfrelsis samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal gera tollyfirvaldi grein fyrir ástæðum beiðni um framlengingu tollfrelsis, áætluðum brottfarartíma og öðru því sem tollyfirvald telur tilefni gefa til.

Gjald sem greitt hefur verið skv. 1. málsgr. verður ekki endurgreitt við endur-útflutning viðkomandi ökutækis en skal hins vegar koma til frádráttar álögðum gjöldum við endanlega tollafgreiðslu hér á landi eins og þau verða ákveðin samkvæmt gildandi reglum þar að lútandi, sbr. m.a. 11. gr. og 1. tl. 14. gr. tollskrárlaga. Heimilt er þó að endurgreiða gjald sem greitt hefur verið skv. 1. málsgr., miðað við þann tíma sem eftir er af framlengdri heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis þegar það er flutt úr landi. Gjald skal þó ekki endurgreitt vegna hluta úr mánuði. Hafi ökutæki, sem gjald skv. 1. málsgrein þessarar greinar hefur verið greitt af, eigi verið flutt úr landi að liðnum tólf mánuðum talið frá komudegi flutningsfars til landsins eða óskað er endanlegrar tollafgreiðslu hér á landi fyrir þann tíma skulu ákvæði 3. málsgreinar þessarar greinar gilda um tollmeðferð ökutækis eftir því sem við getur átt. Vextir sem þar um ræðir skulu þó með sama hætti og þar greinir reiknaðir af áföllnum gjöldum að frádregnum greiðslum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Hafi viðkomandi tekið sér fasta búsetu hér á landi eða flutt búslóð sína hingað til lands skulu aðflutningsgjöld, þ.m.t. sölugjald, þegar greidd. Innflytjanda er þó heimilt að greiða aðflutningsgjöld, þ.m.t. sölugjald, gegn útgáfu skuldabréfs er greiðist með þremur jöfnum afborgunum ásamt hæstu lögleyfðu útlánsvöxtum af þeim eins og þeir eru á hverjum tíma ákveðnir samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, í fyrsta sinn að liðnum sex mánuðum talið frá komudegi flutningsfars til landsins og hina síðustu að liðnum 12 mánuðum talið frá sama tíma. Sjálfskuldarábyrgð banka fyrir greiðslu skuldar, vaxta og dráttarvaxta skal fylgja. Vextir skulu reiknaðir frá lokum þriðja mánaðar talið frá komudegi flutningsfars.

Nú uppfyllir viðkomandi eigi skilyrði 2. tl. 1. málsgr. 1. gr. um búsetu erlendis í minnst tvö ár en hefur þó dvalið samfleytt erlendis í eitt ár og er tollyfirvaldi þá

heimilt að veita viðkomandi greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og sölugjaldi í allt að þrjá mánuði talið frá komudegi flutningsfars gegn útgáfu skuldabréfs og greiðslu hæstu lögleyfðra vaxta og sjálfskuldarábyrgð banka, sbr. 3. málsg. þessarar greinar, sem reiknaðir skulu frá komudegi flutningsfars.

6. gr.

Leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings samkvæmt reglum þessum skal gefið út af tollyfirvaldi í því tollumdæmi þar sem flutningsfar tekur höfn og ökutæki er skipað upp og skal ökutækið jafnframt hljóta þar endanlega tollafgreiðslu, sbr. þó 2. málsg. þessarar greinar og 7. gr.

Tollyfirvaldi á innflutningsstað er þó heimilt að veita mönnum sem flytjast búferlum til landsins og fyrirhuga að taka upp fasta búsetu í öðru tollumdæmi sérstakt leyfi í allt að eina viku til tollfrjáls innflutnings á viðkomandi ökutæki að uppfylltum skilyrðum 1. til 3. gr. reglna þessara. Sama skal gilda um farangur viðkomandi, enda hafi hann verið skoðaður af tollstarfsmönnum og tollskoðunarskýrsla um hann gerð ef nauðsyn þykir. Tollyfirvald á innflutningsstað skal í því tilviki senda tollstjóra í því umdæmi sem viðkomandi aðili hyggst taka sér búsetu afrit af leyfi því sem út hefur verið gefið samkvæmt þessari málsgrein, ásamt tollskoðunarskýrslu hafi hún verið gerð. Ákvæði V. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit skulu að öðru leyti gilda um flutning þennan eftir því sem við geta átt. Aðili sem fær slíkt leyfi skal innan nefnds frests gefa sig fram við viðkomandi tollstjóra sem veita skal leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings á viðkomandi ökutæki í samræmi við ákvæði reglna þessara.

Ökutæki sem leyfður hefur verið á tímabundinn tollfrjáls innflutningur skulu auðkennd með sérstökum limmiða sem embætti tollgæslustjóra lætur gera í því skyni og límdur skal á framrúðu ökutækis eða þau auðkennd með öðrum þeim hætti er tollgæslustjóri telur fullnægjandi.

7. gr.

Farmflytjendum er óheimilt að taka til flutnings úr landi ökutæki sem innflutningur hefur átt sér stað á samkvæmt ákvæðum reglna þessara, nema uppgjör hafi áður farið fram á gjaldi því sem greiða ber skv. 1. og 2. málsg. 5. gr. svo og öðrum opinberum gjöldum enda liggja fyrir leyfi viðkomandi tollyfirvalds til útflutnings.

Tollyfirvald í því tollumdæmi þar sem útflutningur er fyrirhugaður skal í samráði við tollyfirvald sem leyfi veitti til tímabundins tollfrjáls innflutnings gera gjaldið upp og senda því afrit af greiðslukvittun.

8. gr.

Ökutæki sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur hefur verið leyfður á og aðflutningsgjöld, þ.m.t. sölugjald, hafa ekki verið greidd af skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, sbr. 54. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

9. gr.

Verði hækkun á tollum eða öðrum gjöldum álögðum við innflutning, t.d. vegna ákvarðana um breytingu á gengi íslenskrar krónu eða af öðrum ástæðum, undanþiggja ákvæði þessara reglna viðkomandi innflytjanda ekki greiðslu hækkaðra gjalda við endanlega tollafgreiðslu viðkomandi ökutækis, nema annað sé tekið fram í lögum.

10. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum

reglna þessara svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum reglna þessara getur m.a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 10. tl. 1. mgr. 3. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 316 22. október 1974 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um fullnaðartollafgreiðslu ökutækja sem heimilaður hefur verið á tímabundinn tollfrjáls innflutningur fyrir gildistöku reglna þessara skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 316/1974, svo og önnur fyrirmæli þar að lútandi.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1981.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	129	4200—4399	219
2000—2199	136	4400—4599	227
2200—2399	144	4600—4799	235
2400—2599	151	4800—4999	243
2600—2799	158	5000—5199	251
2800—2999	166	5200—5399	259
3000—3199	173	5400—5599	267
3200—3399	180	5600—5799	275
3400—3599	188	5800—5999	283
3600—3799	195	6000—6199	291
3800—3999	203	6200—6399	299
4000—4199	211	6400—6599	307

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
6600—6799	315	11800—11999	523
6800—6999	323	12000—12199	531
7000—7199	331	12200—12399	539
7200—7399	339	12400—12599	547
7400—7599	347	12600—12799	555
7600—7799	355	12800—12999	563
7800—7999	363	13000—13199	571
8000—8199	371	13200—13399	579
8200—8399	379	13400—13599	587
8400—8599	387	13600—13799	595
8600—8799	395	13800—13999	603
8800—8999	403	14000—14199	611
9000—9199	411	14200—14399	619
9200—9399	419	14400—14599	627
9400—9599	427	14600—14799	635
9600—9799	435	14800—14999	643
9800—9999	443	15000—15199	651
10000—10199	451	15200—15399	659
10200—10399	459	15400—15599	667
10400—10599	467	15600—15799	675
10600—10799	475	15800—15999	683
10800—10999	483	16000—16199	691
11000—11199	491	16200—16399	699
11200—11399	499	16400—16599	707
11400—11599	507	16600—16799	715
11600—11799	515	16800—16999	723

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 8 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

- b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi öikumælisbúnaði. sbr. reglugerð nr. 62/1977 um öikumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 636/1980 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma, sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal

innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti, sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum. sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlanbanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., til landsins skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að öikumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt, sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977.

Uppfylli öikumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur, sem gerðar eru til slíks búnaðar, skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa af öikumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkv. b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 636/1980 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr., skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 636/1980 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 265 30. maí 1980 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1981.

Ragnar Arnalds.

Sigurðeir A. Jónsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

1. gr.

Félagið heitir Verzlunarbanci Íslands hf., og er það nefnt Verzlunarbancinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands hf. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum 14. júní 1960 samþykkt eignayfirlýsuna.

2. gr.

Heimili Verzlunarbancans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar (aðalbankans) getur stjórn félagsins, sem nefnd er bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík svo og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verslun landsmanna.

II. KAFLI

Um hlutafé Verzlunarbancans.

4. gr.

Núverandi hlutafé Verzlunarbancans er 8 milljónir króna. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins sbr. 34. gr. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjäreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verða í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns, og eru þá hlutabréfin boðin til kaups með opinberu útbóði eða á annan hátt, eftir nánari fyrir mælum hluthafafundar.

Innborgað hlutafé 1. janúar 1981 er kr. 6 810 250,00 þ. m. t. jöfnunarhlutabréf. Hlutaféð er allt jafn rétt hátt.

Hluthafar eru ekki skyldir til að sæta innlausn á hlutum sínum.

5. gr.

Hlutabréfin hljóða á nafn. Í hlutabréfi skal greina: Nafn, heimili og skrásetningarnúmer félags, númer og fjárhæð hlutar svo og útgáfudag hlutabréfs og hvaða flokki það tilheyrir. Skulu allir stjórnendur setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 5,00 — 10,00 — 50,00 — 100,00 — 500,00 — 1 000,00 — 5 000,00 og 10 000,00.

Hlutabréfin skiptast í flokka, og bréf í hverjum flokki eru í framhaldandi töluröð. A-flokks hlutabréf tilheyra félagsmönnum í Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl- stórkaupmanna, en B-flokks hlutabréf félagsmönnum í Kaupmannasamtökum Íslands. Aðrir hluthafar sem ekki eru meðlimir í ofangreindum samtökum, skulu fá hlutabréf í A eða B flokkum, eftir því á hverra vegum þeir starfa innan greindra samtaka.

Arður af hlutabréfum skal sendur hluthöfum í ávísun innan mánaðar frá lokum aðalfundar.

6. gr.

Halda skal skrá um hlutabréf og skal þar greina:

1. Til handa hverjum hlutabréf var gefið út, nöfn þeirra, stöðu, nafnúmer, heimilisfang svo og síðari aðilaskipti.
2. Útgáfudag hlutabréfs, flokk og tölu þess, nafnverð þ. á m. hvort hluthafi í A-flokki teljist til Verzlunarráðs Íslands eða Félags íslenskra stórkaupmanna.
3. Hvort hlutabréf hafi verið ónýtt með ógildingardómi eða á annan hátt.

7. gr.

Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt, og gilda þá ákvæði 18. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, en þar segir að hömlur megi ekki leggja á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri.

8. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum hvort sem er fyrir framsal eða arf skulu tilkynnt bankaráðinu og taka þau eigi gildi gagnvart félaginu. fyrr en bankaráð hefir staðfest aðilaskiptin með áritun sinni á hlutabréfin, og breytingin færð í hluthafaskrá.

9. gr.

Verzlunarbankinn má eigi veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf og gefur bankaráðið þá út nýtt hlutabréf, að fengnum ógildingardómi á hinu glataða hlutabréfi.

Nú skemmist hlutabréf, en þó orkar ekki tvímælis um flokk skjalsins, tölu þess eða efni. Getur bankaráðið þá gefið út til aðila á hans kostnað nýtt hlutabréf í staðinn, enda skili hann hinu skemmda hlutabréfi.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Verzlunarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna.

Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI.**Um starfsemi Verzlunarbankans.****12. gr.**

Bankinn rekur hvers konar bankastarfsemi, svo sem:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði og sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að geyma verðmæta muni gegn endurgjaldi.

13. gr.

Verzlunarbancinn hefir sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. grein laga nr. 11/1961. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjöllum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum.

Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

IV. KAFLI

Stjórn Verzlunarbancans.

14. gr.

Með stjórn Verzlunarbancans fara:

- A. Hluthafafundir.
- B. Bankaráð.
- C. Bankastjórar.

A. Hluthafafundir.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Verzlunarbancans samkvæmt þeim fyrir mælum, sem hér fara á eftir:

16. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaðinu með lengst fjögurra vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Ennfremur skal birta fundarboðið með viku fyrirvara hið skemmsta í útvarpi og dagblöðum, og sé þar greint, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundar, og skal afhending fara fram þrjú síðustu daga fyrir fundardag, svo og á fundardegi, eftir nánari ákvörðun bankaráðs. Þó getur bankaráðið ákveðið að senda skuli út aðgöngumiða og atkvæðaseðla í ábyrgðarpósti tveim vikum fyrir fundardag.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs og skal boða þá innan 14 daga, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafunda, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar sem ráða yfir 1/10 hluta hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda fer þá um fundarboðun svo sem segir í næsta málslið á undan. Bankaráð boðar til funda og undirbýr þá ásamt bankastjórum.

Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík (eða nágrenni).

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundar, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem þar getur, svo og breytingartillögu við þau, sbr. þó 1. mgr. 72. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til bankaráðs, enda berist tilmælin bankaráði a. m. k. viku fyrir fundinn, hið skemmsta, svo unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því sem fong eru á.

18. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga bankans fyrir s. l. reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.
4. Önnur mál, sem tilkynnt hafa verið bankaráði með löglegum fyrirvara.
5. Kosning bankaráðs, sbr. 23. gr.
6. Kosning endurskoðenda, sbr. 31. gr.
7. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
8. Ákvörðun um greiðslu arðs, sbr. 33. gr. svo og sbr. b-lið 2. mgr. 67. gr. um hlutafélög.

19. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, sem fundarhald varðar. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana, ásamt ritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

20. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverjum 5,00 krónum í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða landslögum, en enginn hluthafi getur þó farið með meira en $\frac{1}{5}$ samanlagðra atkvæða í félaginu. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Verzlunarbancann, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 77. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

21. gr.

Stofufundur gengur frá reglugerð sem viðskiptaráðherra staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans.

22. gr.

Hver hluthafi, sem hyggst neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða síns innan frests, sem greindur er í fundarboði og á þeim stað, sem þar er tiltekinn, og gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum. Á aðgöngumiða skal greina, hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd, sbr. 64. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

B. Bankaráð.

23. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs með hlutfalls kosningu úr sínum hópi 5 menn í bankaráð, hvern til tveggja ára í senn, og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðs, hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Kosning bankaráðsmanna fer fram árlega, þannig að á aðalfundi hverjum skal kjósa tvo aðalmenn til tveggja ára, en formann annan hvern aðalfund til tveggj ára. Skal formaður kosinn sérstakri kosningu á undan öðrum aðalmönnum. Varamenn skulu kosnir árlega jafnmargir þeim aðalmönnum, sem kjósa á hverju sinni.

24. gr.

Bankaráð kýs sér varaformann úr sínum hópi til eins árs í senn. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kveður bankaráð til funda og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjórar telja þess þörf.

Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lögmætir að mættir séu 5 fulltrúar á fundi, aðalmenn eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirætlum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Bankaráðið setur sér að öðru leyti fundarskóp.

25. gr.

Bankaráð hefir æðstu forstöðu Verzlunarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum. Því ber þess vegna:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun þeirra og ráðningarkjör, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
2. Að koma fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans þar á meðal ásamt bankastjórum að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans að svo miklu leyti, sem slíkt er ekki lögbundið eða ákveðið af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, er bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
4. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú, hve útibúi hverju skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfínanlega.
6. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og setja þeim starfsreglur, svo og að veita þeim lausn frá starfanum og ákveða tryggingu þá, er gjaldkeri skuli setja. allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7. Að ákveða tölu starfsmanna Verzlunarbankans og setja reglur um laun þeirra.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum bankastjóra.
10. Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjórum með undirskrift sinni, svo og að ákveða, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum. sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum sem hluthafafundur eða bankastjórar skjóta til bankaráðs.

26. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum.

27. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmanna. Verzlunarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. Bankastjórar.**28. gr.**

Framkvæmdastjórar bankans, sem nefnast bankastjórar, hafa á hendi daglega stjórn Verzlunarbankans í samræmi við reglur þær, sem þeim eru eða verða settar af bankaráðinu samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjórar mega ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskýlt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Þeir mega ekki vera skuldskeyttir Verzlunarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn.

Bankastjórar ráða alla þá starfsmenn Verzlunarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri bankastjórar skuli vera við bankann og tiltekur þá bankaráðið verkaskiptingu milli þeirra.

29. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjórar og allir aðrir starfsmenn Verzlunarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þágu bankans.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting tekjuafgangs og varasjóður.

30. gr.

Reikningsár Verzlunarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega.

Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði.

31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 3 endurskoðendur og jafnmarga til vara, til eins árs í senn, að viðhafðri hlutfallskosningu. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Verzlunarbankans að öðru leyti. Má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Frá 1. janúar 1982, skal einn af kjörnum endurskoðendum vera löggiltur. Þá tilnefnir viðskiptaráðherra einn endurskoðenda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Fyrir marsmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skulu bankastjórar hafa samið svör sín Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Fyrir marsmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skulu bankastjórar hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

32. gr.

Ársreikningur skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum.

Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráðið ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftareikning vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 18. gr. 2. tl.

33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. $\frac{1}{3}$ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum sem hér segir:

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði á hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, uns innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað, vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.

4. Til annars, samkvæmt ákvörðun aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs.

Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum bankans.

34. gr.

Samþykktum bankans má breyta á löglegum hluthafafundum hans.

Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, sbr. 76. gr. hlutafélagalaganna. Samþykkt um breytingu á samþykktum bankans skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi, fyrr en hún hefir verið skráð.

VII. KAFLI

Um félagsslit.

35. gr.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum af heildarhlutafé bankans. Fundur sá, sem samþykkir á löglegan hátt að slíta félaginu, kveður á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

Framanritaðar samþykktir fyrir Verzlunarbanka Íslands hf. staðfestast hérmeð. Jafnframt eru úr gildi fallnar fyrri samþykktir, ásamt viðaukum og breytingum. Að öðru leyti gilda lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

Samþykktir þessar voru með ofangreindum breytingum samþykktar á aðalfundi 14. mars 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 19. mars 1981.

F. h. r.

Ásberg Sigurðsson.

Benedikt Þórðarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka sbr. rgl. nr. 451/1979, rgl. nr. 331/1980 og rgl. nr. 617/1980.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Lán úr Fiskveiðasjóði Íslands skulu skiptast í lánaflokka þá, sem tilgreindir eru í 2. gr., en um lánveitingar skv. þeim skulu eftir því sem við á gilda þessi almennu ákvæði:

- a) Lán vegna nýsmíði fiskiskipa skulu við það miðuð að fiskiskipastóllinn stækki ekki að brúttórúmlestatölu, en að árleg endurnýjun verði hið mesta af svipaðri stærðargráðu og sá fjöldi skipa sem hverfur úr flotanum á næsta ári á undan. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að leggja til grundvallar meðalbrúttórúmlestatölu þeirra skipa sem hverfa úr flotanum yfir lengri tíma, eða allt að 4 árum.
- b) Engin lán skulu veitt til smíða eða kaupa á hringnótaveiðiskipum.
- c) Umsóknum um lán vegna nýsmíði erlendis skal fylgja sambærilegt innlent tilboð.
- d) Lán vegna nýsmíði innanlands skulu ganga fyrir lánnum vegna innflutnings nýrra eða notaðra skipa nema um bersýnilega óhagstæðari kaup sé að ræða að mati stjórnar sjóðsins.
- e) Heimilt er að víkja frá reglum 1. og 2. greinar ef um það liggja fyrir skrifleg tilmæli frá sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

9. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-lánstími skal vera 18 ár að frádregnum aldri skipsins.

Áskilið er að úr fiskiskipaflotanum hverfi skip af svipaðri stærð og þau sem keypt eru. Það má verða með þeim hætti, að skip séu seld úr landi, tekin úr rekstri vegna úreldingar, samkvæmt reglum sem þar um gilda eða að skip séu dæmd algert tjón, enda sé ekki lánað úr sjóðnum til endurbóta á þeim. Ef um er að ræða skip 39 metrar eða lengri eða með aflvél 900 hestöfl eða stærri, skal a. m. k. jafnstór skip hverfa úr flotanum fyrir það sem inn er flutt. Einnig er áskilið, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs

verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innistæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innistæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innistæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breylist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 175 20. mars 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Dórður Ásgeirsson.

14. apríl 1981.

Nr. 233.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Sjúkrasamlög greiða heilsugæslustöðvum og sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.
- b. Greiðslur fyrir meðferð eru þessar:

I. Fyrir útfjólublá ljós smyrsl	kr. 25.00
II. Fyrir tjörubað, útfjólublá ljós og smyrsl	— 45.00
- c. Greiðslur fyrir meðferðir skv. framansögðu skulu taka sömu breytingum og verða á 15. launaflokki BSRB.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 83 3. febr. 1981 um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. apríl 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárn. Vöruheiti

úr 21.07 Efni sem falla undir tnr. 21.07.01, 21.07.12 og 21.07.19, þó ekki grænmetisafi, og tilreidd eru til framleiðslu á drykkjarvörum sem teljast til nr. 22.02, t. d. með blöndun vatns.

22.01.01 Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.

22.02.01 } Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar
og } drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisafi er telst til nr.
og 22.02.09 } 20.07.

22.03.01 } Öl gert úr malti.
og 22.03.09 }

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, sbr. lög nr. 12 30. apríl 1981 um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, öðast gildi frá og með 1. maí 1981. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 141 20. mars 1981.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 235.

6. maí 1981.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 105 frá 8. maí 1981, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

12. maí 1981.

403

Nr. 236.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 8% hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinnna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og 20/1981.
2. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975 sbr. reglugerð nr. 23/1981.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 24/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 26/1981.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 29/1981.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkur nr. 138/1975, sbr. reglugerðir nr. 31/1980 og nr. 34/1981.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 35/1981.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hól mavíkurkaupþúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 37/1981.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 38/1981.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 40/1981.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 41/1981.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 42/1981.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 43/1981.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 44/1981.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 46/1981.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grimseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 48/1981.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 49/1981.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskaupþúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 50/1981.

B 51

20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 51/1981.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 52/1981.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 54/1975.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 55/1981.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 185/1981.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 61/1981.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 62/1981.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120/1975, sbr. reglugerð nr. 89/1977, nr. 335/1977 og nr. 63/1981.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og nr. 64/1981.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 66/1981.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 67/1981.
31. Gjaldskrá fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 68/1981.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 69/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1981.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

- | | |
|---|------------|
| 1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga .. | kr. 440.00 |
| 2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma | — 150.00 |
| 3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði | — 150.00 |
| 4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) .. | — 150.00 |
| 5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum | — 30.00 |
| 6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar | — 200.00 |
| 7. Fyrir fjármark | — 40.00 |
| 8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross | — 25.00 |
| 9. Fyrir innköllun | — 200.00 |

10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 75.00
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 200.00
12. Fyrir dómsbirtingu	— 200.00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 115.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 18.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 25. maí 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 9 9. janúar 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtinga-
blaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1981

Nr. 238.

406

14. maí 1981.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1981 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða fyrir raforku frá og með 16. maí 1981:

- A: Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 219 30. mars 1981.
- I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 8%
 - II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 9%
 - III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um 8%
- B: Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 221 30. mars 1981. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 8%

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 239.

14. maí 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna er gildi frá og með 16. maí 1981:

- Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 210, 26. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 216, 26. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Borgarness nr. 222, 30. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks nr. 217, 30. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar nr. 211, 30. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Akrueyrar nr. 205, 30. mars 1981 hækki um 15%
- með eftirtöldum undantekningum:
- 1) Taxtar A—1 og C—1 verði óbreyttir að krónu tölu.
 - 2) Heimilistaxti B hækki um 18%.
- Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur nr. 207 30. mars 1981 hækki um 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 218, 30. mars 1981 hækki um .. 15%
 - Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja nr. 215, 30. mars 1981 hækki um 15%

Gjaldskrá Rafveitu Selfoss nr. 206, 30. mars 1981 hækki um	15%
með eftirfarandi undantekningu:	
Taxti 4.1 Til húshitunar, hitunar í gufukötlum o. þ. h. roftími 1 klst. á dag skiptist í 2 hluta:	
a) Til húshitunar. Orkugjald 37.5 au/kWh.	
b) Til hitunar í iðnaði (verðjöfnunargjald og söluskattur innifalið) Orkugjald 53.4 au/kWh.	
Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis nr. 212, 30. mars 1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur nr. 223, 14. apríl 1981 hækki um ..	15%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps nr. 213, 30. mars 1981 hækki um ..	15%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps nr. 209, 30. mars 1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur nr. 208, 30. mars 1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur nr. 214, 30. mars 1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar nr. 220, 30. mars 1981 hækki um	15%

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám hitaveitna er gildi frá og með 16. maí 1981:

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum síðast nr. 156/1981 hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum síðast nr. 157/1981 hækki um	16.6%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581 12. nóvember 1980 með síðari breytingum síðast nr. 159/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps nr. 130 29. janúar 1980 með síðari breytingum nr. 160/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum síðast nr. 161/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979 með síðari breytingum síðast nr. 162/1981 hækki um	33.7%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum síðast nr. 163/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum síðast nr. 164/1981 hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum síðast nr. 165/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977, með síðari breytingum síðast nr. 166/1981 hækki um	25%

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum síðast nr. 167/1981 hækki um	11.5%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum síðast nr. 168/1981 hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum síðast nr. 170/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977, með síðari breytingum síðast nr. 171/1981 hækki um	10%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977, með síðari breytingum síðast nr. 172/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460 1. nóvember 1979 með síðari breytingum síðast nr. 173/1981 hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980 með síðari breytingum síðast nr. 174/1981 hækki um	18.4%
Gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum síðast nr. 175/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum síðast nr. 177/1981 hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss nr. 179 18. mars 1981 hækki um	15%
Gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum síðast nr. 180/1981 hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980 með síðari breytingum síðast nr. 181/1981 hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum síðast nr. 182/1981 hækki um	9%

Iðnaðarráðuneytið, 14. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkurborg.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur skal skipuð 9 mönnum, kjörnum samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

2. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, ráðið til lykta án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
 1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, ennfremur skal þar sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 2. Bæjarstjórn skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
 3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, ennfremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.

- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um stjórn tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.
- E. Bæjarstjórn setur reglur um notkun merkis og fána bæjarins.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan á fyrri fundi í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helming bærarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um há tvo, sem flest atkvæði fengu. Er þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið iafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastöðunni, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn. áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir, séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Hann sér um, að allt fari reglulega og skipulega fram og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýða úrskurði hans um allt, er varðar fundarsköp, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Á sama fundi, sem forsetakosning fer fram, kýs bæjarstjórn tvo skrifara og tvo til vara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn. Skrifara skal kjósa hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar. Í gerðabók skal geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn. hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skal forseti og aðrir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Fulltrúar eiga rétt á, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók ef þeim þykir eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt svo og um ágreiningsatkvæði sín, fáeinum orðum.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi, og stendur fundur svo lengi, sem þörf gerist, en þó

eigi lengur en til miðnættis, nema meiri hluti bæjarfulltrúa samþykki. Þegar boðaður fundartími er kominn og meiri hluti fulltrúa mættur, skal forseti setja fund.

Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí og ágúst. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal halda hann einhvern næsta virkan dag ef þörf krefur.

Aukafundi skal halda, þegar bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar eða þrír bæjarfulltrúar hið fæsta óska þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. sveitarstjórnarlögum, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé tekið á dagskrá.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra eigi síðar en kl. 12.00 föstudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 18.00, tveim dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá, eftir því, sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 7. gr., skal að jafnaði boða til hans með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál biður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, ef brýna nauðsyn ber til, enda samþykki meiri hluti bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa opna fundi bæjarstjórnar með minnst 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum. Einnig getur bæjarfulltrúi krafist þess, að mál verði rædd fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust með meiri hluta atkvæða, hvort mál skuli rædd opinberlega eða fyrir luktum dyrum.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfríði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi og greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur horið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundar-mönnum ráðrúm til að semja þær, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Um kosningu bæjarstjóra og í stöður þær sem bæjarstjórn veitir, fer sem um kosningu forseta bæjarstjórnar.

Mál má afgreiða með því að sambykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, bæjarráðs eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr um hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál með einni umræðu, nema fiárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hlióðs. Heimilt er forseta að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um hann sjálfan, svo og til þess, að ræður skiptist jafnt með og móti málefni.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

14. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Þó er bæjarfulltrúa heimilt að taka oftari til máls til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæslu fundarskapa.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

Ræðumaður skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Eigi má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er gæslu góðrar reglu varðar.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslyrðum, eða víkur verulega frá umræðufninu, skal forseti víta hann fyrir það og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, má forseti svipta hann málfrelsi á

þeim fundi. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki, eða ef almenn ókyrrð kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir eða slíta fundi alveg, ef honum þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust, 2 bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúar rétta upp aðra hönd sína. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í staf-rófsröð og skal hlutkesti ráða hverju sinni á hverjum skal byrja. Nöfnum varafulltrúa skal bætt á skrána í rétttri röð, í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti tekur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðu.

17. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal senda öllum bæjarfulltrúum eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

18. gr.

Bregða má út af fundarsköpum þessum eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, enda samþykki að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ (tveir þriðju) þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðréttta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknir á segulband, til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setur í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendu. Bæjarfulltrúum er skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og féлага, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins, stofnana og fyrirtækja hans.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn. Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn, hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúa-starfi.

IV. KAFLI

Um bæjarráð.

25. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan á fyrsta fundi í júní ár hvert, skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði sex sinnum í mánuði. Heimilt er þó að fella niður fundi með samþykkt allra bæjarráðsmanna. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Keflavíkur-kaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum.

Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

27. gr.

Bæjarráð hefur í umboði bæjarstjórnar eftirlit með fjárreiðum bæjarins, sbr. sveitarstjórnarlög. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og, ef bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs, og einnig allra nefnda bæjarins ef hann óskar þess.

32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

33. gr.

Útgjöld sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarráðs eða bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

34. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

36. gr.

Bæjarráði er skylt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans, sbr. 35. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með uppsetningu ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Nefndir.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir, fulltrúa í nefndir og starfsmenn, auk þeirra sem áður getur, til að fara með tiltekin málefni:

A. Fyrir allt kjörtímabil bæjarstjórnar:

1. Fimm menn í bygginganefnd og fimm til vara.
2. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
3. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Keflavíkur og fjóra til vara.
4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
6. Þrjá menn í bókasafnsstjórn og þrjá til vara.
7. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd og þrjá til vara.
8. Þrjá menn í húsaleigunefnd og þrjá til vara.
9. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.

10. Þrjá menn í rafveitunefnd og þrjá til vara.
 11. Þrjá menn í sérleyfisbifreiðanefnd og þrjá til vara.
 12. Fimm menn í Þjóðhátíðanefnd og fimm til vara.
 13. Fimm menn í skrudgarða- og fegrunarnefnd og fimm til vara.
 14. Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara.
 15. Fjóra menn í íþróttaráð og fjóra til vara. Auk þess einn tilnefndur af íþróttabandalagi Keflavíkur, og einn til vara.
 16. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
 17. Sex menn í áfengisvarnarráð og sex til vara. Auk þess einn skipaður af ráðherra.
 18. Sjö menn í æskulýðsráð og sjö til vara, þar af fjórir samkv. tilnefningu.
 19. Þrjá menn í gatnagerðarnefnd og þrjá til vara.
 20. Þrjá menn í skipulagsnefnd og þrjá til vara.
 21. Fimm menn í náttúruverndarnefnd og fimm til vara.
 22. Þrjá menn í listasafnsnefnd og þrjá til vara.
 23. Tvo menn í starfsmannaráð og tvo til vara. Auk þess kýs starfsmannafélag Keflavíkurbæjar tvo menn og tvo til vara.
 24. Þrjá menn í skólanefnd Tónlistaskóla Keflavíkur og þrjá til vara. Auk þess tilnefnir Tónlistafélag Keflavíkur tvo.
 25. Fimm menn í jafnréttisráð og fimm til vara.
 26. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Auk þess einn frá Verkalýðsfélagi og einn frá Vinnuveitendafélagi Suðurnesja.
 27. Fimm menn í stjórn „Vatnsnes“ Byggðasafns Suðurnesja, og fimm til vara.
 28. Einn mann í stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Keflavíkur og einn til vara.
 29. Almannafræðingarnefnd samkvæmt lögum.
 30. Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, jafnmarga og heimilt er hverju sinni og jafnmarga til vara.
 31. Forðagæslumann og annan til vara.
 32. Fulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
 33. Tvo menn í sáttanefnd og tvo til vara.
- B. Til eins árs:
1. Fulltrúa í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn til vara.
 2. Fulltrúa í stjórn Sorphreinsunarstöðvar Suðurnesja og einn til vara.
 3. Þrjá fulltrúa á aðalfund Hitaveitu Suðurnesja og þrjá til vara.
 4. Fulltrúa í stjórn Brunavarna Suðurnesja og einn til vara.
 5. Fulltrúa í stjórn sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs og einn til vara.
 6. Fulltrúa í stjórn Heilsugæslustöðvar Suðurnesja og einn til vara.
 7. Fulltrúa í stjórn Fjölbrautarskóla Suðurnesja og einn til vara.
 8. Fulltrúa í Bláfjallanefnd og einn til vara.
 9. Fulltrúa í stjórn Reykjanesfólksvangs og einn til vara.
 10. Fulltrúa í stjórn Garðvangs og einn til vara.
 11. Kjörstjórnir samkvæmt lögum.
- C. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykktu bæjarstjórnar.
- Nú breytist meirihlutasamstarf í bæjarstjórn á kjörtímabilinu og má þá kjósa í nefndir, sem nefndar eru í A-lið, að nýju fyrir það sem eftir er kjörtímabilsins, þar sem lög leyfa.
- Formenn skulu sjá um, að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar, svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.
- Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falla niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt, eða bæjarstjórn leggur nefndina niður.

39. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu fundargerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstöku máli, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

40. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarráð getur falið forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins gilda ákvæði reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Keflavíkur, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri f. h. bæjarráðs getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

IX. KAFLI

41. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin Samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkurkaupstað nr. 113 22. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 26. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um matartækna.****1. gr.**

Rétt til þess að starfa sem matartæknir hér á landi og kalla sig matartækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi á matvæla-tæknibraut fjölbrautaskóla eða öðru prófi sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Matartækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara samkv. lögum um eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi.

4. gr.

Matartæknar skulu annast matreiðslu sérfæðis fyrir sjúka samkvæmt nánari skipun lækni eða annars sérfræðings undir handleiðslu og ábyrgð þeirra.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til matartæknistarfa aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

6. gr.

Um matartækna gilda að öðru leyti og eftir því sem við á, reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsréttinda réttinda og erdurveitingu.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976
fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****16. gr. orðist svo:**

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru samkvæmt 15. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.27% af heildarmati hvernar fasteignar, þó eigi minna en kr. 25 af m³ hvernar byggingar.

Gjalddagi skatts samkvæmt þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980
um vörugjald með áorðnum breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 87,45% heildsöluverðsins. Svarar það til 6,12% og 14,87% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981 um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, gildir frá og með 1. maí 1981.

Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1981.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um náttúruvætti.


Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Fjallfoss og aðra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra á Dynjandisvogi.

Mörk náttúruvættisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi á Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarströnd að Melanesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðuninni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Náttúruverndarráð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.

3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.



Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 6. maí 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98/1976 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, er verði 4. gr. VIII. og orðist svo:

VIII. Félagshjúkrun:

Eitt ár nám í félagshjúkrun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, sbr. lög nr. 32/1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur

Einstakt skipti:

Fullorðnir	kr. 7.00
Börn	— 3.00
Forsölumiðar:	
Fullorðnir (10 miðar)	— 45.00
Börn (10 miðar)	— 15.00
Leiga á handklæðum og skýlum	— 5.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 256 16. apríl 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa nr. 131/1971.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með, er lögreglustjóra heimilt, að fenginni umsögn Eiturefnanevndar, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerða og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. mgr. 3. gr.).

Leyfi þessi skal veita bréflega og senda Eiturefnanefnd afrit.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 17 20. janúar 1981, um sérstakt línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá kl. 18.00 8. maí 1981, er felld úr gildi reglugerð nr. 17 20. janúar 1981, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum fyrir Austurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 192 6. apríl 1981, um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1981.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Þórður Eyþórsson.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 63, 29. apríl 1960 fyrir Sparisjóð Vélstjóra.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Viðskiptakjör á innlánsreikningum við sparisjóðinn ákveður sparisjóðsstjórn í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir og/eða verðbætur af innlánsreikningum skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið færðir á viðskiptareikning viðkomandi viðskiptamanns skulu vextirnir færðir í viðskiptabókina, og skal þess nákvæmlega gætt, að upphæð innistæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það, sem viðskiptareikningurinn telur.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. apríl 1981.

F. h. r.

Dórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

Nr. 252.

12. maí 1981.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Fullorðnir, einstakir miðar	kr.	7.00
Börn, einstakir miðar	—	3.00
Fullorðnir, 10 miðar	—	45.00
Börn, 10 miðar	—	15.00
Aldraðir, 10 miðar	—	22.50
Gufubað	—	12.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir	—	140.00
Sundnámskeið, börn	—	100.00
16 ára og eldri, 10 miða kort, sundfélög	—	15.00
16 ára og yngri, 10 miða kort, sundfélög	—	8.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 16 14. janúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneskaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneskaupstaðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Seltjarnarneshreppi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 26. febrúar 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

5. maí 1981.

Nr. 254.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 183/1973 um nám- og starfsréttindi lyfjatakna með síðari breytingum.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skal haldið sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð, tvöföld einkunn.
2. Verklegt próf í vöruþekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hollustuháttum.
4. Skriflegt próf í almennri lyfjafræði.
5. Skriflegt próf í alþýðunöfnum á lyfjum og lyfjaþekkingu.
6. Skriflegt próf í lögum, reglugerðum og eyðublaðatakni.
7. Skriflegt próf í lyfjaverðlagningu.
8. Skriflegt próf í lyfjagerðarfræði.
9. Skriflegt próf í lyfhrifafræði og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna níu, ofangreindra prófa.

Vegna lokaprófs á neminn rétt á upplestrarfríi á fullum launum, allt að tíu dögum í samráði við lyfsala.

Geti neminn ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms, skal hann skila læknisvottorði. Skal honum heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Lokapróf skulu haldin í maí.

Nema, sem ekki stenst lokapróf, skal heimilt að endurtaka próf í september sama ár.

Nemi, sem ekki stenst lokapróf skal vinna sem nemi í lyfjabúð á milli loka-prófs og upptökuprófs. Nemi, sem ekki stenst lokapróf en óskar að þreyta hið næsta lokapróf skal vinna ekki skemur en sex mánuði í lyfjabúð á milli prófa. Sú vinna fer fram í sömu lyfjabúð (lyfjagerð) og neminn hefur verið vistaður í nema lyfsali (forstöðumaður) segi námssamningi upp. Skal skólinn þá útvega nemanum vistunarstað í samráði við Apótekarfélag Íslands. Slíkur nemi skal færa námsferils-bók yfir þann tíma, sem bætist við nám vegna endurtekninga á prófi.

Enginn getur gengið undir lokapróf í sömu grein oftari en þrisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra.

Auk lokaprófs, sem þreyta skal samkvæmt reglugerð þessari, er skólastjórn heimilt að ákveða, að nemi skuli skila þátttöku- eða hæfnisvottorði í námskeiðum af ýmsu tagi, enda hafi slík námskeið stöð í 10. grein þessarar reglugerðar. Slík námskeið skulu kynnt nemum við upphaf skólaárs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. gr. lyfsöðlulaga, nr. 30 29. apríl 1963, og 2. gr. laga nr. 64 16. apríl 1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjarins á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest deiliskipulag miðbæjarins á Akureyri.

Deiliskipulag þetta tekur til svæðis sem takmarkast af Glerárgötu og sjó að austan, Eyrarlandsvegi, Oddeyrargötu og Brekkugötu að vestan frá og með íþróttasvæði bæjarins að norðan og að lóð Samkomuhússins að sunnan.

Skipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi fallinn skipulagsuppdráttur sá, sem Stjórnarráðið staðfesti 1. september 1929.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur, nr. 187/1974.

I. KAFLI

Áburður.

1. gr.

Framleiðandi og/eða seljandi tilbúins áburðar skal tilkynna Eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) fyrir hver áramót, hvaða tegundir tilbúins áburðar: köfnunarefnisáburðar, fosfóráburðar, kaliáburðar, blandaðs áburðar, — eru fyrirhugaðar til sölu á næsta ári.

Óheimilt er að selja til notkunar aðrar tegundir tilbúins áburðar en þær, sem tilkynntar hafa verið til Eftirlitsdeildar RALA.

2. gr.

Eftirlitsdeild RALA skal gerð grein fyrir samsetningu fyrirhugaðra áburðar-tegunda, þ. e. hundraðshluta þess aðalnæringarefnis eða efna, hvers fyrir sig, sem við kunna að eiga, og er þá átt við þungablutfall.

Nota ber viðeigandi efnafræðitákn, köfnunarefni sem N, fosfór sem P_2O_5 og kalí sem K.O og K. Í þessu sambandi skal jafnan talað um eingildar tegundir, ef þær innihalda aðeins eitt aðalnæringarefni. Blandaðan tvígildan áburð, ef um tvö aðalnæringarefni er að ræða og blandaðan þrígildan áburð, ef aðalnæringarefnin eru þrjú.

3. gr.

Framleiðandi og/eða seljandi tilbúins áburðar skal veita Eftirlitsdeild RALA upplýsingar um, hvers konar efnasambönd sé að ræða í hverri tegund áburðar, og séu fleiri en eitt skal gera grein fyrir, hve mikill hluti aðalnæringarefnis er í hverri mynd. Skýra skal frá uppleysanleika einstakra efnasambanda þannig, að fram komi hlutdeild viðkomandi næringarefnis.

Ennfremur skal greina frá sem næst þeim hundraðshluta snéfilefna eða annarra fylgiefna, sem óhjákvæmileg eru, eða æskileg kunna að teljast, annaðhvort frá áburðarfræðilegu (jurtanæringarfræðilegu) sjónarmiði eða til þess að auðvelda áburðinn í meðförum.

Gera skal grein fyrir kornastærð einstakra áburðartegunda og því, sem framleiðandi telur eðlilegt rakainnihald áburðarins. Taka ber fram, ef um sérstaka raka-sækni er að ræða.

4. gr.

Framleiðandi og/eða seljandi tilbúins áburðar skal merkja umbúðir, sem áburðurinn er seldur í, á skýran og greinilegan hátt. Þar ber að taka fram: nettóþyngd, tegundarheiti áburðar, hundraðshluta aðalnæringarefnis eða efna, táknuð með viðkomandi efnafræðitáknum (sbr. 2. grein). Sé um blandaðan áburð að ræða, skal setja greinilegt þankastrik milli efnafræðitákna einstakra efna. — Á umbúðum skal einnig geta um pökkunarviku og ártal.

Ef tilbúinn áburður er afgreiddur og seldur í lausri vigt, þ. e. án umbúða, skulu samsvarandi upplýsingar fylgja afgreiðslu- og sölunótum.

5. gr.

Heimilt er að senda Eftirlitsdeild RALA sýni til rannsóknar og skal sá, er rannsóknar óskar, bera af henni allan kostnað samkvæmt gjaldskrá, enda sé ekki

um frávik frá yfirlýstri samsetningu áburðarins, rakainnihaldi eða kornastærð hans að ræða. Ef um frávik er að ræða eða Eftirlitsdeildin telur ástæðu til af öðrum orsökum, ber Eftirlitsdeild RALA að senda fulltrúa sinn á vettvang til að annast sýnatöku, og skulu þau sýni lögð til grundvallar formlegri rannsókn.

Sýni skulu tekin með þar til gerðu áhaldi og hverju sýni skipt í tvo jafna hluta strax að töku lokinni og hver hluti innsiglaður fyrir sig í loftþéttu íláti. — Annan hluta sýnisins skal nota strax til rannsókna hjá Eftirlitsdeildinni, en hinn hluta sýnisins skal varðveita ósnertan í a. m. k. 9 mánuði, eftir að rannsóknaniðurstöður liggja fyrir, í því tilviki að um veruleg frávik frá yfirlýstri efnasamsetningu, rakainnihaldi eða kornstærð sé að ræða og ágreiningur eða mál kunní að risa upp vegna rannsóknaniðurstaðna eða úrskurðar Eftirlitsdeildar RALA.

6. gr.

Leyfileg frávik frá uppgefnu innihaldi tilbúins áburðar skulu vera:

N	Plús/mínus 0.5
P ₂ O ₅	Plús/mínus 0.6
K ₂ O	Plús/mínus 0.5 (ef K ₂ O er gefið upp lægra en 20%)
K ₂ O	Plús/mínus 0.6 (ef K ₂ O er gefið upp hærra en 20%)
CaO	Plús/mínus 2.0 (ef um verksmiðjuframleitt kalk er að ræða).

Rakainnihald (laust bundið vatn) má ekki víkja meira en plús/mínus 0.3, nema í ammóníum nitrati skal frávik ekki nema meira en plús/mínus 0.1.

7. gr.

Óheimilt er að selja tilbúinn áburð, sem í hefur verið blandað skordýraeitri, sveppaeitri eða illgresiseyðingarefni, nema með sérstöku leyfi Eftirlitsdeildar RALA, og því aðeins að notkun slíkra efna stangist ekki á við lög eða reglugerðir hér að lútandi.

8. gr.

Varðandi verslun með kalk til jarðræktar skal veita Eftirlitsdeild RALA upplysingar hliðstæðar og með tilbúinn áburð. Á umbúðum og með sölu- og afgreiðslunótum, sé afgreitt og selt í lausri vigt, ber að gefa upp innihald af CaO og CaCO₃. Sé um dólómítkalk að ræða ber einnig að gefa upp innihald þess af magnesíum táknað sem MgO og MgCO₃.

Taka skal fram, hvort um verksmiðju-unnið kalk er að ræða, mulið kalk eða skeljakalk (skeljasand).

9. gr.

Gefi rannsókn Eftirlitsdeildarinnar á tilbúnum áburði tilefni til athugasemda, er skylt að gera bæði áburðarkaupanda og áburðarseljanda og/eða framleiðanda þegar í stað viðvart. Jafnframt skal Eftirlitsdeildin hlutast til um, sé þess óskað, að sá er misgert hefur verið við, hljóti viðeigandi bætur fyrir.

10. gr.

Gjald til eftirlitssjóðs vegna áburðareftirlits skal vera 0.1% af heildsöluverði hverrar áburðartegundar. Verði gjaldinu ekki breytt af hálfu ráðuneytisins fyrir 1. apríl ár hvert, skal gjaldið haldast óbreytt til jafnlengdar næsta árs. Áburðarverksmiðja ríkisins innir greiðslu eftirlitsgjalds til eftirlitssjóðs af hendi fyrir 1. október hvers gjaldárs.

11. gr.

Reglugerð þessi nær til hvers kyns tilbúins áburðar og kalks til jarðræktar, sem selt er í lausri vigt eða umbúðum stærri en 10 kg að þyngd.

12. gr.

Heimilt er Eftirlitsdeild RALA að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum, ef sérstaklega stendur á, að fengnu samþykki áburðarnefndar.

II. KAFLI

Sáðvara.

13. gr.

Reglugerð þessi nær til þeirrar sáðvöru, sem notuð er til framleiðslu fóðurjurta.

14. gr.

Innfluttri sáðvöru skal fylgja vottorð samkvæmt alþjóðareglum O.E.C.D. Þó getur Eftirlitsdeild RALA veitt undanþágu frá þessu, að höfðu samráði við sáðvörunefnd.

Innlendur framleiðandi sáðvöru skal tilkynna Eftirlitsdeild RALA nafn framleiðanda og/eða seljanda og heildarmagn sendingar ásamt eftirfarandi upplýsingum um sáðvöruna: Plöntutegund, stofn, uppskeruár, grómagn, slæðingsfræ og óhreindi.

Eftirlitsdeild gefur út vottorð um gæði vörunnar með tilgreindum gildistíma. Innflutningur eða sala á sáðvöru er því aðeins heimil, að henni fylgi gæðavottorð frá Eftirlitsdeild RALA.

15. gr.

Sá, sem rækta vill fræ til sölu hér á landi, skal tilkynna Eftirlitsdeild það í síðasta lagi 1. apríl ár hvert, hvað fræ hann hyggst rækta og á hve stóru landi. Eftirlitsdeildin skal fylgjast með ræktuninni, einkum með tilliti til íblöndunar annarra tegunda eða stofna.

16. gr.

Heimilt er að senda Eftirlitsdeild sýni til rannsóknar og skal sá, er rannsóknar óskar, bera af henni allan kostnað samkvæmt gjaldskrá, enda sé ekki um frávík frá yfirlýstum gæðum sáðvörunnar að ræða. Ef um frávík er að ræða eða Eftirlitsdeild telur ástæðu til af öðrum orsökum, ber Eftirlitsdeild að senda fulltrúa sinn á vettvang til að annast sýnatöku, og skulu þau sýni lögð til grundvallar formlegri rannsókn.

17. gr.

Skylt er að láta eintak af gæðavottorði því, sem Eftirlitsdeildin gefur út, með innfluttri sáðvöru og fræi, ræktuðu hér á landi, fylgja hverri sáðvörusendingu (hverjum poka) með nafni tegundar og heiti stofns.

18. gr.

Sáðvörunefnd skal fyrir 1. okt. ár hvert gera skrá yfir þá stofna, sem heimilt er að selja hér á landi án sérstaks leyfis frá Eftirlitsdeild. Vilji fræsali versla með aðra stofna, verður hann að fá til þess heimild frá Eftirlitsdeild. Sáðvörunefnd ákveður, hvort veita skal slík leyfi.

19. gr.

Fræsali skal tilkynna Eftirlitsdeild fyrir 1. febrúar ár hvert hvaða grasfræblöndur hann hyggst hafa á boðstólum, hvaða stofna hann ætlar að nota í blöndu og í hvaða hlutföllum. Einnig undir hvaða nafni blandan verður seld. Ekki má breyta hlutföllum né stofnum í fræblöndu nema með vitneskju Eftirlitsdeildar og þarf þá að breyta um nafn á blönduninni. Eftirlitsdeild getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

20. gr.

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal greiða gjald, er nemur tveimur hundraðshlutum af kaupverði (cif.) vörunnar. Gjald þetta greiðist Eftirlitssjóði RALA gegn afhendingu vottorðs.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 frá 16. maí 1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvöru, áburði og sáðvöru og verslun með þær vörur, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 53 27. mars 1971.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1981.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Njarðvíkurkaupstað:

1. Njarðvíkurbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart hliðargötum.
2. Akurbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart hliðargötum.

Lögreglustjórinn í Njarðvík, 13. apríl 1981.

Jón Eysteinnsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 8.1% frá og með 1. júní 1981 frá því sem þær voru í mars 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 127 24. febrúar 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

4. gr. 5. mgr. orðist svo:

Lögreglustjóra er heimilt að fengnum meðmælum Eiturefnanefndar að veita einstaklingum, er ekki hafa gild leyfisskírteini til kaupa á efnum og efnasamböndum í hættuflokki A, leyfi til kaupa á takmörkuðu magni slíkra efna og efnasambanda, ef sérstakar ástæður mæla með. Gegn innkaupaheimildum þessum má eigi láta úti oftár en einu sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

27. mars 1981.

Nr. 260.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að Hrafnseyrarsókn, sem nú tilheyrir Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, varðandi beiðni sóknarmanna í Hrafnseyrarsókn í Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi um að Hrafnseyrarsókn falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.

Með skírskotun til tillagna yðar, svo og samþykktu safnaðarfundar í Hrafnseyrarsókn og samþykktu héraðsfundar í Ísafjarðarprófastsdæmi og Barðastrandarprófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, að það samþykkir að Hrafnseyrarsókn falli til Þingeyrarprestakalls í Ísafjarðarprófastsdæmi.“

15. maí 1981.

Nr. 261.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Einstefnuakstur verður á Nýlendugötu til austurs frá Seljavegi að Ægisgötu.
2. Biðskylda verður á Einholti og Þverholti gagnvart umferð um Háteigsveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi 1. júní 1981.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. maí 1981.

Sigurjón Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir pósthjónustu.

Gildir frá 1. júní 1981.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	¹⁾ Flug- burðar- gj. aur.
Hámark stærðar og þyngdar								
Bréf.	20	190	190	²⁾	240	²⁾	240	410
Hámarksstærð:	100	380	380		580		580	1140
Lengd + breidd	250	760	760		1040		1040	3060
+ þykkt 900 mm.	500	1520	1520		1990		1990	5710
Mesta lengd 600 mm.	1000	2280	2890		3500		3500	11040
Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.	2000	5640	5640		5640		5640	21120
Mesta lengd 900 mm. Hámarksþyngd 2 kg. Lágmarksstærð: 90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm. Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				²⁾		²⁾		
Mest 105 × 148 mm Minnst 90 × 140 mm		170	170		170		170	210
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	170	170	180	170	180	170	210
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	250	250	290	260	290	260	530
Hámarksþyngd 2 kg.	250	400	400	530	430	530	430	1110
Bækur þó 5 kg.	500	690	690	1180	780	1180	780	2210
Burðargjald fyrir prent	1000	1120	1120	2170	1300	2170	1300	4180
yfir 1000 g til Norðurl. er sama og fyrir	2000	1600	1820	3830	1820	3830	1820	8870
„Önnur lönd“	3000	2470	2730	6020	2730	6020	2730	11170
	4000	3210	3640	8210	3640	8210	3640	13470
	5000	4000	4550	10400	4550	10400	4550	15770
Smápakkar.	100	250	250	290	260	290	260	530
Stærð sama og bréfa.	250	400	400	530	430	530	430	1110
Hámarksþyngd 1 kg.	500	690	690	1180	780	1180	780	2210
	1000	1120	1120	2170	1300	2170	1300	4180
Innrituð blöð og tímarit. Innritunargjald 1124,00 nýkr. Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	102		Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála- blöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir pósthjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. abr. breyt- ingu á þeirri reglu- gerð nr. 356 14. ágúst 1979				
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	40 80 116 200 260						

¹⁾ Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.²⁾ Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðar- gjalda aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Giróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	260	Almennir böggjar (innanlands):	Pyngdar- mörk kg.
Póstávisanir.		Alm. böggjar aurar	Rúmfr. broth. aurar
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 10 000 nýkr.		Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	1300
Burðargjald a). almenn póstaúvisun	450	Mesta lengd 1.50 m.	1800
b). símapóstávisun	2100	Um burðargj. fyrir böggja til útlanda	2700
b. Til annarra landa:		veita pósthúsin upplýsingar.	4200
Burðargjald	620		6000
Um hámarksupphæð póstaúvisana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.			6700
Póstkröfur.		Verðbréf og -böggjar.	
Hámarksupphæð sama og póstaúvisana (10 000 nýkr.) eða innborgunar á póstgír-reikning (upphæð ótakmörkuð).		Burðargjald sendingar eftir tegund.	aurar
Burðargjald sendingar eftir tegund.		Skrásetningargjald	440
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Tryggingargjald.	
Með póstaúvisun	850	Fyrir hverjar 500 nýkr. eða minna	440
Með innb. á póstgíreikn. (aðeins innanl.)	600	Blindraprent: Nýtur frígensis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	
b. Til annarra landa		Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (240 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	
Burðargjald	950		

Ymis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	440 aurar	Talning í verðbréfi innanlands: 440 aurar hver sending.
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfunupphæð, fyrirsýring um sendingu 400 aurar		Alþjóða-svarmerki: Söluverð 430 aurar Skiptiverð í frímerkjum 240 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggja með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	950 aurar	Fyrirframgreiðsla eftir frankósedli: 400 aurar
Móttökukvittun	250 aurar	Tollmeðferð bréfa, prents og snápakka: 300 aurar
		Tollmeðferð böggja: 500 aurar
		Gjald fyrir að búa um böggja á ný: 250 aurar
		Geymslugjald böggja: 500 aurar á dag frá 16. degi eftir komu böggula á ákvörðunarpósthús
		Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Útanlands og innan 250 aurar

Greiðsla skadabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggja innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 100 nýkr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 750 nýkr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
Bætur greiðast því aðeins, ef sending hafði verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthöfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 23, 37, 45, 57, 68 nýkr.

Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. júní 1981. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 6 frá 6. janúar 1981.

Samgönguráðuneytið, 27. maí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hjóðvarp: (Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað-fundið. Góðgerðarstarfsemi	kr.	7.00
--	-----	------

Flokkur 2

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00	kr.	12.00
--	-----	-------

Flokkur 3

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir	kr.	14.00
---	-----	-------

Flokkur 4

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir	kr.	28.00
--	-----	-------

II. Sjónvarp: (Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	kr.	1 000
10 —	—	1 550
15 —	—	1 940
20 —	—	2 410
25 —	—	2 710
30 —	—	3 020
35 —	—	3 570
40 —	—	3 850
45 —	—	4 120
50 —	—	4 580
55 —	—	5 040
60 —	—	5 500

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. júní 1981 og þar til öðru vísí kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1981.***Ingvar Gíslason.***Birgir Thorlacius.*

20. maí 1981.

435

Nr. 264.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 62/1977 um öikumæla.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öikumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælisnúmeri. Skal honum komið þannig fyrir að hann hindri ekki öikumann í notkun stjórnækja. Þegar öikumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, þ. e. ökuriti, skal honum komið fyrir í sjónmáli öikumanns. Því aðeins skal heimilt að nota ökurita til ákvörðunar þungaskatts að honum sé lokað með innsiglium á þann hátt sem greinir í 2. mgr. 26. gr.

2. gr.

Við 26. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er ökuriti notaður til ákvörðunar þungaskatts og skulu þá ákvæði þessa kafla eiga við um frágang á honum eftir því sem við á. Þá skal hann jafnframt innsiglaður þannig að mælishús verði ekki opnað nema að innsigli sé rofið. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökuriti skuli innsiglaður með þessum hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. 1. nr. 79/1974, sbr. 1. nr. 78/1977, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur eða umráðamenn þeirra bifreiða, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eru búnar ökuritum til ákvörðunar þungaskatts og hyggjast nota hann í því skyni framvegis, skulu fyrir 1. júlí 1981 færa bifreið til viðurkennds verkstæðis, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, sem innsiglar ökuritann á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari. Að öðrum kosti skulu þeir fyrir sama tíma útbúa bifreið sína viðurkenndum öikumæli.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1981.

Ragnar Arnalds.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum að morgni hinn 29. maí 1981 skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutnings-skjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollýfirvaldi fyrir ofangreind tímamörk.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

1. júní 1981.

437

Nr. 266.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 2. júní 1981 nema kr. 1,57 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 2. júní 1981. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 627/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 2. júní 1981, skal greiða kr. 0,33 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 2. júní 1981, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 2. júní 1981.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 627/1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 636/1980, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C. og d. liðir 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,39	15,0—15,9	0,70
5,0— 5,9	0,42	16,0—16,9	0,74
6,0— 6,9	0,45	17,0—17,9	0,77
7,0— 7,9	0,47	18,0—18,9	0,81
8,0— 8,9	0,50	19,0—19,9	0,85
9,0— 9,9	0,52	20,0—20,9	0,88
10,0—10,9	0,55	21,0—21,9	0,92
11,0—11,9	0,57	22,0—22,9	0,96
12,0—12,9	0,60	23,0—23,9	0,99
13,0—13,9	0,63	24,0—24,9	1,02
14,0—14,9	0,66	25,0—25,9	1,07

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

- d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 0,39 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin við- hlitandi öikumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athuga- semdadálk skráningarskirteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt sam- kvæmt öikumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælis- búnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, og lögum nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum. Reglugerðin öðlast gildi 10. júní 1981. Hafi ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 2. álestrartímabils 1980 (10. febrúar til 10. júní) á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álestrartímabils, skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla m. a. af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af fæðu sem flokkast í tollskrárnúmer 20.02.04, 20.02.05, 20.02.09 og 20.06.20, enda sé hún sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo og 2. tl. 1. gr. laga nr. 31 26. maí 1981 um breytingu á þeim lögum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landssvæðið Borgir í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Um mörk svæðisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Mörk friðlýsta svæðisins fylgja jaðri Borga að sunnan. Að vestan liggja mörkin 10—15 m frá lóðamörkum aðliggjandi húsa, en 205 m frá heim að norðan og norðaustan. Að austan fylgja mörkin jaðri Borga að því undanskildu að utan markanna er um 25 m breið spilda inn að kirkjunni og um 15 m breið landræma umhverfis hana.

Umhverfis friðlýsta svæðið afmarkast svonefnt jaðarsvæði. Ytri mörk þess liggja 10—15 m utan við mörk friðlýsta svæðisins að austan og sunnan, en að vestan og norðan eru mörk þess jafnframt lóðamörk.

Mörk friðlýsta svæðisins annars vegar og jaðarsvæðisins hins vegar, svo og út-mörk jaðarsvæðisins, fylgja hnítapunktum samkvæmt hnitaskrá sem fylgir með í viðauka. sbr. einnig kort bæjarverkefndingsins í Kópavogi nr. 31-3/L-1, apríl 1981. og eru þessar markalínur milli hnítapunkta, með þeirri undantekningu að á milli punkta 154 og 155 eru mörkin hringbogi með radíus 115.0 m með miðju í þríhyrninga-punkti 3409.

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins eftir föngum. Hvers konar rask, er breytt getur útliti þess, er óheimilt nema til komi samþykki Náttúruverndarráðs.
2. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið. Þá er heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að leggja gangstíga um svæðið og koma fyrir öðrum búnaði, svo sem bekkjum, í bágu útivistar á svæðinu. Hreyfi-hömluðu fólki skal gert kleift að nióta útivistar á svæðinu.
3. Öllum er skylt að ganga vel um hið friðlýsta svæði.

Skylt er að hafa samráð við náttúruverndarnefnd Kópavogs um framkvæmdir og viðhald mannvirkja á jaðarsvæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjaryfirvalda.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndar-laga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.



Mörk svæðis, sem friðlýsist sem náttúruvætti.

Hnitaskrá

Nr.	Mældir punktar		Nr.	Hnitaðir og reiknaðir pkt.	
	X	Y		X	Y
1	21220.372	14237.134	101	21243.580	14237.750
5	21223.546	14196.370	102	21247.790	14237.900
6	21231.219	14178.798	103	21250.910	14237.620
7	21271.773	14148.518	104	21254.550	14237.110
9	21297.346	14132.233	105	21258.460	14236.380
10	21332.018	14131.064	106	21262.140	14235.210
11	21369.411	14139.101	107	21266.180	14233.560
13	21371.152	14213.467	108	21269.870	14231.550
14	21381.687	14316.680	109	21272.960	14229.740
144	21281.786	14366.859	110	21276.400	14227.920
16	21263.813	14341.895	111	21280.260	14226.560
17	21223.099	14290.867	112	21284.850	14225.920
145	21219.220	14261.912	113	21306.860	14226.670
19	21238.902	14262.660	114	21310.160	14227.640
146	21280.178	14270.682	115	21312.290	14228.820
			116	21314.400	14230.580
			117	21316.200	14233.320
			118	21317.300	14236.160
			119	21317.860	14239.290
			120	21317.490	14242.410
			121	21310.770	14261.600
			122	21308.860	14264.620
			124	21304.230	14268.270
			125	21301.020	14269.490
			126	21297.770	14270.360
			127	21294.090	14270.810
			128	21290.310	14270.630
			152	21270.250	14263.000
			151	21317.425	14368.512
			150	21331.901	14366.797
			149	21350.403	14358.938
			148	21366.100	14346.320
			147	21377.367	14329.084

Flatarmál 27698 m²

Ytri mörk jaðarsvæðis.

Hnitaskrá

Nr.	Mældir punktar		Nr.	Hnitaðir og reiknaðir pkt.	
	X	Y		X	Y
4004	21366.232	14125.013	134	21317.560	14370.510
15	21283.201	14371.143	135	21332.420	14368.750
24	21271.428	14367.374	136	21351.440	14360.670
			137	21367.600	14347.680
			138	21379.210	14329.920
			139	21385.090	14308.920
			140	21385.820	14263.000
			141	21383.030	14262.940
			142	21383.050	14254.210
			159	21382.208	14245.574
			158	21382.635	14219.261
			157	21383.615	14158.849
			156	21384.148	14126.016
			155	21314.570	14122.120
			154	21211.904	14299.898
			153	21256.440	14367.974

Flatarmál 12337 m²

Fastmerkjaskrá.

Nr.	X	Y
3409	21308.140	14236.940
4004	21366.232	14125.013
4006	21271.543	14280.934
4007	21299.828	14223.961
4016	21327.707	14344.644
4021	21364.105	14304.170

11. maí 1981.

Nr. 270.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun
eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Ný efni, sem raðað er á lista I og II sem hér greinir:

Listi I.

(Sterk eiturefni, sterkt eitur).

AFLATOXÍN, hvers konar.

ISOFENPHOS (1-metýletýl-2 [[etoxí[(1-metýletýl) amínó] fosfinótíóýl] —
oxí] benzóat).

MEBÚMAL (PENTÓBARBÍTAL) og sölt þess, í lausn til aflifunar dýra.

Listi II.

(Eiturefni, eitur).

ALFA-KLÓRALÓSI.

CALCIFEROL, sjá KALCÍFERÓL.

CHLOROPHACINON (2-(4-klórófenýl-fenacetýl)-indan-1, 3-díón).

KALCÍFERÓL (D₂ og D₃ vítamín og efni með hliðstæða verkun).

KLÓRAL. KLÓRALHÝDRAT.

VÍNÝLKLÓRÍÐ (mónómer).

2. gr.

Nýtt efni, sem raðað er á lista III sem hér greinir:

Listi III.

(Hættuleg efni).

TETRADIFON (2,4,5,4¹ — tetraklórdífenýlsúlfón).

3. gr.

Nýtt efni, sem raðað er á lista V sem hér greinir:

Listi V.

(Hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningalegt gildi).

KLÓRFLÚORMETAN, hvers konar (Freon®).

4. gr.

Breytingar og lagfæringar á röðuðum efnum:

Listi I.

(Sterk eiturefni, sterkt eitur).

Nýtt heiti bætist framan við efnafræðiheiti í 18. línu, þannig:

DIMETILAN (1-dímetýlkarbamóýl-3-metýl-pýrazóýl-(5)-dímetýlkarbamát).

Listi II.

(Eiturefni, eitur).

Við „HEXICÍÐ . . . sbr. lista III“ bætist: „svo og ísómerar þess“, þannig:

HEXICÍÐ (LINDAN, gamma-1,2,3,4,5,6,-hexaklórécýklóhexan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda meira en 2% (w/w eða w/v) hexicíð, sbr. lista III, svo og ísómerar þess.

5. gr.

Breytingar og lagfæringar á röðuðum efnum:

Listi III.

(Hættuleg efni).

Við LINÚRÓN leiðréttist efnafræðiheiti, þannig:

LINÚRÓN (N'— (3,4-díklórphenýl)-N-metýlkarbamíð).

ALKÝLNÍTRÓSAMÍN, hvers konar og NÍTRÓSALKÝLAMÍN falla burt, í staðinn kemur:

NÍTRÓSAMÍN og NÍTRÓSAMÍÐ, hvers konar.

6. gr.

Breytingar og lagfæringar á röðuðum efnum:

Listi VI.

(Efni, sem eru hættuleg í formi ryks eða reyks, t. d. við logsuðu og ljósbogasuðu).

Á nokkrum stöðum er hætt við tilvisunum, þannig:

ARSEN og ARSENSAMBÖND, sbr. einnig lista I.

BLÝ og BLÝSAMBÖND, sbr. einnig lista III.

KADMÍUM og KADMÍUMSAMBÖND, sbr. einnig lista II.

KRÓM og KRÓMSAMBÖND, sbr. einnig lista II.

KVIKASILFUR og KVIKASILFURSSAMBÖND, sbr. einnig lista I og II.

ZINK og ZINKSAMBÖND, sbr. einnig lista I, III og III.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, og öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Inqimar Sigurðsson.

22. apríl 1981.

Nr. 271.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

1. gr.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja annast alla sorphirðu og sorpeyðingu í Gerðahreppi, Grindavík, Hafnahreppi, Keflavík, Miðneshreppi, Njarðvík og Vatnsleysustrandarhreppi, á þann hátt og með þeim takmörkunum sem samþykkt þessi setur.

I. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi eða umráðandi íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum er skyldur til að nota sorphreinsun Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja eftir nánari ákvæðum sem fram koma í þessari samþykkt og öðrum lögum og reglum sem málið varða.

3. gr.

Sorpeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða.

4. gr.

Sorphreinsunin hreinsar allt sorp, sem er í pokum er sorphreinsunin leggur til. Einnig tilfallandi eðlilegan úrgang, svo sem umbúðir af heimilistækjum og hluti sem rúmast illa í pokum, enda séu þessir hlutir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

5. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum, annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annar tryggilegan hátt. Þokar mega ekki vera þyngri en

svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætt á að þeir rifni. Yfirfyllta þoka verður húseigandi eða umráðamaður að flytja á eigin kostnað í sorpeyðingarstöðina.

6. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku á þeim tíma sem auglýstur er á hverjum stað.

7. gr.

Sorphreinsun leggur til alls 60 þoka á ári til hvernar íbúðar. Þokarnir eru að jafnaði afhentir tvisvar sinnum á ári. Einnig getur íbúðareigandi keypt aukapoka í sorpeyðingarstöðinni eða hjá viðkomandi sveitarfélagi.

8. gr.

Íbúðareigendur eða umráðamenn skulu koma pokum og öðrum úrgangi út á gangstétt eða út fyrir lóðamörk þar sem sorphreinsunarbíll kemst að. Á þeim dögum sem hreinsun fer fram. Bundið skal fyrir þokana og frá þeim gengið þannig, að ekki sé hætt á foki, né heldur að fuglar eða skepnur komist í þá.

9. gr.

Sveitarstjórn getur leyst íbúðareiganda undan kvöð 8. greinar gegn gjaldi, sem hún ákveður.

10. gr.

Sorppokagjöld eru lögð á samkvæmt sérstakri gjaldskrá með fasteignagjöldum ár hvert, og innheimtast með þeim.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.

11. gr.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja tekur að sér sorphreinsun hjá þeim fyrirtækjum á Suðurnesjum sem þess óska, samkvæmt þeirri gjaldskrá sem sveitarstjórnin setur og með þeim takmörkunum sem um getur í samþykkt þessari.

12. gr.

Frágangur sorpgeymslna skal vera í samræmi við byggingar- og heilbrigðisreglugerðir og aðkoma að þeim greið.

13. gr.

Sorp skal að jafnaði vera í gámum af gerð sem sorpeyðingarstöðin viðurkennir. Heimilt er að nota sorppoka, sé um lítið magn að ræða.

14. gr.

Sorp er hreinsað að jafnaði einu sinni í viku.

15. gr.

Óheimilt er að losa í gámanna efni sem sprengihætta getur stafað af, þunga málmhluti eða tærandi efni, svo og önnur þau efni sem sorpeyðingarstöðin tekur ekki við.

16. gr.

Óski umráðamaður fyrirtækis efir hreinsun á meiri háttar magni af sorpi (meira en 1600 lítra gám) skal gera um það sérstakan samning milli aðila.

III. KAFLI

17. gr.

Skýlt er hverjum þeim er hyggst losa sig við sorp, drasl eða annan úrgang á eigin vegum að flytja hann til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja við Hafnarveg.

18. gr.

Sorpeyðingarstöðin tekur á móti flest öllum úrgangi sem til fellur á Suðurnesjum, með takmörkunum þó.

19. gr.

Sorpeyðingarstöðin tekur á móti húsa-, iðnaðar- og verslanasorpi, brotamálmi, ónýtum bílum og vélahlutum, úrgangsolíum og úrgangsvökum, veiðarfærum, umbúðum hverskonar, affalli frá byggingariðnaði (þó ekki steinsteypu afgangum), húsgögnum, heimilistækjum og öllu öðru því sem eðlilegt getur talist að sorpeyðingarstöð taki á móti.

20. gr.

Takmarkanir á móttöku:

Olíur og vökvar verða að koma í ílátum séraðskildir.

Brotamálmur, ónýtir bílar og ónýt heimilistæki verða að koma aðgreind frá brennanlegum úrgangi.

Mjög stóra málmhluti verður að skera í hæfilega stórar einingar.

Ekki er tekið á móti: Mold, grjóti, torfi, salti, fiskúrgangi eða afbeitu.

Aðeins er heimilt að losa úrgang á auglýstum opnunar- og móttökutímum og skýlt er að hafa samband og fara eftir fyrirmælum starfsmanna stöðvarinnar um meðferð og losun á úrgangi.

21. gr.

Öll meðferð og flutningur á sorpi og úrgangi skal vera þannig að fyllsta hreinlætis sé gætt og ekki fjúki eða falli af flutningatækjum neitt það er óþrífnaði getur valdið.

22. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari fer skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

23. gr.

Ofangreind samþykkt Njarðvíkurbæjar, Keflavíkurbæjar, Gerðahrepps, Hafnahrepps, Grindavíkurbæjar, Vatnsleysustrandarhrepps og Miðneshrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi einstakar samþykktir ofangreindra sveitarfélaga um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMPYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Patreksfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslana á Patreksfirði, þ. á m. söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir, bensinsölur, að því er snertir sölu á bensíni, olíu, smurolium og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, blaðsöluvögnum og blaðsöluturnum, merkjasala og annað slíkt.

Akvæði samþykktar þessarar ná ekki til þjónustufyrirtækja, s. s. bifreiðaafgreiðslna, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv. að því er varðar þá starfsemi.

Um vinnutíma og önnur starfskjör afgreiðslufólks fer eftir kjarasamningum og venjum.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar hreppsnefnd Patreksahrepps ágreiningsefnið að fengnum tillögum lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

„Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 08.00 og halda þeim opnum til kl. 20.00, enda beri þá daga ekki upp á helgi eða fridaga samkvæmt 5. gr., þó skal heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag í viku.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00.“

3. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir mega vera opnar frá kl. 08.00 til kl. 20.00 virka daga. Á sunnudögum eins og öðrum dögum, sem taldir eru í 5. gr. 6.-lið, skal lokað eigi síðar en kl. 13.00.

4. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar. Afgreiðsla um söluop skal ekki heimil í þeim verslunum, sem hafa afgreiðslutíma samkvæmt 2. og 3. gr. þessarar samþykktar.

5. gr.

- Eftirfarandi reglur gilda um lokun sölustaða á helgidögum og hátíðisdögum:
- Jóladag, páskadag, hvítasunnudag og föstudaginn langa, 17. júní og nýársdag, skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
 - Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, verslunarmannafridaginn og annan jóladag, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. gr. og 6. gr. þessarar samþykktar.
 - Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

6. gr.

Hreppsnefnd getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna og aðra sambærilega sölustaði, þannig að þeir verði opnar til kl. 23.30, sbr. þó a-lið 5. gr.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr., skulu aðgreindir frá verslunum eða birgðageymslu verslunar.

Á sölustöðum þeim, er kvöldsöluleyfi hafa, má selja eftirtaldar vörur:

Sælgæti, kek- og brauðvörur, tóbaksvörur, öl og gosdrykki, blöð og tímarit, ís, ískökur, íssósar, heitar pylsur, raffhlöður, skyndiplástur, salthnetur, kartöflulögur, kaffi, te, mjólkurduft, G-vörur, nýja ávexti, ávaxtasafa, harðfisk, blöðrur, flugelda, öryggi, eldspýtur, dömubindi, bómull, rakblöð, sólgleraugu, kort, frímerki, bollu-vendi, spil, greiður, hárlakk, hárkrem, filmur, stílabækur, reikningsbækur, blýanta, vinnuvettlinga, rakspiritus, raksápu, rakkrem, sokka, sokkabuxur, grænar baunir, sveppi, aspargus, strásykur, molasykur, salt, kornflakes, sinnep, tómatsósu, súpur, húðingsduft, harðfisk, maís, egg, smjör, handsápu, wc-pappír, niðursoðnar kjótvörur, niðursoðnar fiskvörur, niðursoðna ávexti og niðursoðinn barnamat.

Vegna sölu á eftirfarandi vörutegundum ber að sækja um það sérstaklega til heilbrigðisnefndar: ís, heitar pylsur og sumrt brauð.

Hreppsnefnd getur breytt ofangreindum vörulista.

Hreppsnefnd getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verslanir, sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, öl og gosdrykki, mjólk eða þær vörutegundir sem taldar eru upp í 3. mgr. 6. gr. megi vera opnar alla daga, nema þá sem um getur í a-lið 5. gr., sbr. einnig c-lið sömu greinar.

7. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum skal heimilt að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar að selja samkomugestum sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má, að neytt verði á staðnum. Einnig má selja þar sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt, sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er í 2. gr. er nefndur, þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningarhléum og hálf tíma fyrir sýningu.

8. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunaryfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Ennfremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma, kol, salt, oliu, veiðarfæri og vistir til skipa.

9. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ásæður til m. a. þegar ákveðið er að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

10. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að greitt verði sérstakt gjald fyrir leyfi samkvæmt 6. gr. Ákveður hreppsnefnd þá gjald þetta til eins árs í senn.

Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Sé það ekki greitt á réttum gjaldþaga, skal leyfið úr gildi.

11. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 6. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað tiltekinn tíma.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 101 7. júní 1967 um afgreiðslutíma verslana á Patreksfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélagið Flóka, Haganeshreppi.**

1. gr.

Félagið heitir „Veiðifélagið Flóki“. Heimili þess og varnarþing er Haganeshreppur, Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að því vatnasvæði, sem félagið er stofnað um, Sandós, Hópsvatn, áin milli þess og Flókadalsvatns, Flókadalsá, svo og allar ár hér ótaldar og lækir, sem í vötn og ár þessar renna. Þessar jarðir eru: Brautarholt, Haganes I, Haganes II, Langhús, Dælir, Akrar, Barð, Minni-Reykir, Stóru-Reykir, Háls, Teigar, Austari-Hóll, Helgustaðir, Steinavellir, Krakavellir, Illuga-staðir, Neskot, Nes, Sigriðarstaðir, Vestari-Hóll, Steinhóll, Sjöundastaðir, Syðsti-Mór, Mið-Mór, Yzti-Mór, Haganeshreppur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt á félagssvæðinu og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn félagsins á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár. Annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn stjórnar og tvo endurskoðandendur, til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr eftir eitt ár og hinn eftir tvö ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins útávið, og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundinum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram tillögu um starfsemi á því ári. Þá skal hún leggja fyrir fundinn endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. maí 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 8/1968 um geislavarnir ríkisins.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Framkvæma skal að jafnaði árlega skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða geisla og leyfi þarf fyrir.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skuli greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni. Eigandi tækis eða efnis, getur óskað eftir aukaskoðun, sér að kostnaðarlausu. Skoðunargjald greiðist á hverju ári og skal vera sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

a. Föst tæki	kr.	700
b. Auka lampar	—	200
c. Móbiltæki	—	500
d. Tannröntgentæki	—	500

2. Röntgenlækningatæki (terapi).

Geislalækningatæki kr. 1 500

3. Röntgentæki í iðnaði.

Iðnaðartæki kr. 700

4. Geislavirk efni.

Fyrir hvern stað, sem slíkt efni er notað kr. 500

5. Önnur tæki.

Tæki, sem ekki falla undir lið 1—4 kr. 500

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald þetta.

Fyrir skoðanir á fólki skal taka eftirfarandi gjald fyrir einstakling:

a. Persónumælingar (filmumælingar) kr. 200

b. Persónumælingar (TLD. mælingar) — 400

Gera skal árlega skýrslu til ráðuneytis og landlæknis um skoðunina.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1981.***Svavar Gestsson.***Jón Ingimarsson.***AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu frá upphafi vertíðar 1981 til 31. maí n. k.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu frá upphafi vertíðar 1981 til 31. maí n. k.:

Kolmunnamjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Spærlingsmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1981.***F. h. r.****Jón L. Arnalds.***Kristín Magnússon.*

AUGLÝSING

um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 8% hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 22/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 28/1981.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 31/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 36/1981.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 56/1981.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 58/1981.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 57/1981.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 60/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskráum.

Samgönguráðuneytið, 29. maí 1981.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

14. maí 1981.

Nr. 277.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981:

	U. S. § pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpuðiskur	3,30
Blokkfrystur hörpuðiskur	3,05
Rauður hörpuðiskur	1,80

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Aðgangseyrir fullorðinna	kr. 7.00
Aðgangseyrir barna	— 3.00
Gufubað	— 12.00
Sundföt	— 5.00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar.

Fiskimjöl.

Vatn	kr. 30
Salt	— 35
Prótein (Kjeldahl)	— 75
Fita (Soxhlet)	— 50
Aska	— 40
Ammoníak	— 35
Sandur	— 35
Kalcium	— 50
Fosfór	— 60
Meltanlegt prótein	— 120
Lysin, nýtanlegt	— 240
Natríum nítít	— 60
DMNA gasgr.	— 150
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	— 60
Sýrustig pH	— 30
Útflutningssýni vottorð	— 40

Aminósýrur.

a. Lysin, histidin, ammoníak, arginin, asparaginsýra, threonin, serin, glutamínsýra, prolin, glysin, alanin, valin, isoleucin, leucin, tyrosin, phenylalanin	— 600
b. Methionin og cystin	— 300
Fullkomin aminósýrugreining	— 900

Lýsi.

Vítamín A, bein mæling	kr. 60
Vítamín A, með sápun	— 150
Óbundnar fitusýrur	— 35
Sýrutala	— 35
Joðtala	— 65
Sáputala	— 45
Eðlisþyngd (pyknometer)	— 35
Ósápanlegt	— 100
Peroxydtala	— 60
Litarmæling (Lovibond)	— 35
Vatnsmæling m. toluol	— 45
Vatn og óhreín. (skilv. aðferð)	— 35
Ljósbrott	— 35
Natríumsápa	— 50
Útflutningssýni vottorð	— 40

Salt.

Klorid (titer)	kr. 35
Kalcíum	— 50
Magníum	— 50
Súlfat	— 50
Óleysanlegt í vatni	— 50
Raki og bundið vatn	— 45
Járn	— 50
Kopar	— 60

Síld.**1. Undirbúningsvinna:**

a. Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slóg-dregin, flökuð og hökkuð	kr. 100
b. Sama og í a. nema síldin ekki flökuð	— 75
c. Síld vigtuð, flökuð og hökkuð	— 60
d. Síld lengdarmæld, vigtuð og hökkuð	— 30

Framangreind gjaldskrá gildir fyrir allt að 100 sílda sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðist 3/4 gjalds.

2. Efnagreiningar samkvæmt framangreindri gjaldskrá.**Aðrar efnagreiningar.**

Trimethylamin (TMA)	kr. 75
Alginsýra	— 120
Kvikasilfur í matvælum	— 100
Ákvörðun á málmum með atom absorption	— 100
Frítt klór í vatni	— 20
Skynmat (organoleptic test)	— 60
Rotvarnarefni með gasgreiningu	— 150
Skordýraeitur með gasgreiningu	— 400
Thiamín (B ₁ vítamín)	— 180
Ribloflavín (B ₂ vítamín)	— 180
Niacín (B ₃ vítamín)	— 180
C-vítamín í matvælum	— 180

Dryp	kr. 60
Járn í matvælum	— 180
Slip-point	— 40
Nítrat og nítrít í matvælum	— 100
Hexametylentetramín í lagmeti	— 100
Bórat í matvælum	— 200
Vigtun og talning á rækju o. fl.	— 50
Mæling á sykrum í síld o. fl.	— 60
Mæling á vítamín D ₃ í lýsi	— 600
Smásiárrannsóknir.	
Einföld rannsókn, án litunar	— 20
Einföld rannsókn, með litun	— 25—60
Talning í smásjá	— 50
Gerlarannsóknir.	
Talning við ræktun, eins konar	— 35
Talning við ræktun, tvenns konar	— 55
Talning við ræktun, þrenns konar	— 60
Kóligerlar, MPN, forpróf	— 45
Kóligerlar, MPN, staðfestingarpróf	— 30
Scherichia coli (indol +) MPN	— 35
Staphylococcus aureus, forpróf	— 35
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	— 35
Sulfit afoxandi clostridia	— 60
Clostridium perfringens, staðfestingarpróf	— 55
Salmonella forpróf	— 90
Salmonella staðfestingarpróf	— 55
Roðagerlar	— 55
Undirbúningur sýna (mölun, hökkun o. fl.)	— 20
Niðursuðuvörur.	
Framleiðslusýni (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	— 65
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	— 25
Vottorð	— 30

2. gr.

- a) Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá ákveðast með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.
- b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, greiðast kr. 60 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknarverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 330 18. júní 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. maí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Ingiimar Einarsson.

12. júní 1981.

Nr. 280.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistióra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1982.

Menntamálaráðuneytið, 12. júní 1981.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, og að fengnum tillögum Trygginga-
eftirlitsins, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 70.
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli frá 1. júní 1981 að telja breytast
sem hér segir:

- a. Í stað „kr. 180 000 000“ í 1. málsgr. komi: kr. 2 700 000.
- b. Í stað „kr. 360 000 000“ í 2. málsgr. komi: kr. 5 400 000.

Heimilt er að hækka váttryggingarfjárhæðir þessar fyrir lok tryggingatímabils.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júní 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna
eiturefna og hættulegra efna, ásamt breytingum nr. 5/1973 og 624/1980.

1. gr.

Ný grein, er verði 11. gr., orðist svo:

Blöndun Rícínusolíu (laxerolíu) og metanóls.

Heimilt er verslunum, er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fengnum með-
mælum eiturefnanefndar, að flvtja inn og selja sem eldsneyti á módel-mótora blöndur
rícínusolíu (laxerolíu) og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr.
ákvæði reglugerðar nr. 131/1971, og skal magn rícínusolíu í blöndum þessum vera
minnst 20%.

Leyfi þessi eru bundin nánari skilyrðum um flát, merkingar, varðveislu o. fl.,
er eiturefnanefnd ákveður.

2. gr.

11. gr. verði 12. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og
hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. 3. tl. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að breyta aukefnalistanum að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, eiturefnanefnd og Manneldisráð Íslands.

2. gr.

Seinni hluti aukefnalista XII. flokkur 2 (ýmsar drykkjarvörur) breytist sem hér segir:

	Matvæli	Aukefnaflokkur Náttúrleg	Gervi	Ákvæði um hámark og athugasemdir
XII. 2		SÆTUEFNI	Sakkarín Sakkaröt	Aðeins í gosdrykki 125 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við cyklamat. Skal koma fram á flösku að um sakkarínsættun sé að ræða og magn. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Sé sykri blandað saman við skal ennfremur standa: „Ekki ætlað sykursjúkum“. Sé svo ekki skal standa: „Ætlað sykursjúkum“.
			Cyklamat: a)	Aðeins í gosdrykki 200 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við sakkarín. Skal koma fram á flösku að um cyklamatsættun sé að ræða og magn. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Ennfremur skal standa „Ekki ætlað sykursjúkum“.
			Cyklamat: b)	Aðeins í gosdrykki 1600 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við sakkarín og sykur. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Skal koma fram á flösku að um cyklamatsættun sé að ræða og magn. Ennfremur skal standa: „Ætlað sykursjúkum“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 681 30. desember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.
B 58

REGLUGERÐ

um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi.

I. Hlutverk og starfssvið.

1. gr.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

2. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að ráða allt að 8 héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu.

3. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að ráða til afleysingastarfa menn, sem starfa eiga um tiltekinn afmarkaðan tíma, t. d. í sumarleyfum, í veikindaforföllum, meðan lögreglumaður sækir lögregluskóla o. s. frv.

Einnig er lögreglustjóra heimilt að fá héraðslögreglumenn til aðstoðarstarfa þegar vinnuálag er mest.

II. Ráðning, menntun og starfskjör héraðslögreglumanna.

4. gr.

Héraðslögreglumenn skulu sækja um starfa á eyðublöðum um lögreglustarf.

5. gr.

Eigi skal ráða til héraðslögreglustarfa aðra en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa gott mannorð, eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega. Þeir skulu hafa lokið prófi úr 9. bekk grunnskóla, eða hafa sambærilega menntun.

6. gr.

Reynslutími héraðslögreglumanna skal vera 4 mánuðir og á þeim tíma skulu þeir, sé þess nokkur kostur, sækja námskeið fyrir héraðslögreglumenn, sem haldið er á vegum Lögregluskóla ríkisins.

7. gr.

Að loknum reynslutíma skal tekin ákvörðun um ráðningu í starfið. Skal valnefnd lögregluskólans veita hlutaðeigandi lögreglustjóra umsögn um hann, enda hafi hann lokið námskeiði.

8. gr.

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við héraðslögreglumenn og skal dómsmálaráðuneytið staðfesta þá. Þeir skulu gilda til tveggja ára, en framlengjast ef þeim er ekki sagt upp með 3 mánaða fyrirvara.

9. gr.

Fyrir þá kvöð, sem hvílir á héraðslögreglumönnum, að þurfa ávallt að vera reiðubúnir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun, er greiðist eftir á tvisvar á ári, í júní og desember. Skal þóknunin nema fjárhæð er samsvarar 120 vaktálagsstundum með 33% álagi samkvæmt 9. launaflokk BSRB í hvort sinn.

Að öðru leyti skulu þeir fá greitt fyrir unnar vinnustundir.

10. gr.

Héraðslögreglumönnum skal afhentur einkennisfatnaður og annar nauðsynlegur búnaður, þegar skriflegur ráðningarsamningur er gerður við þá. Um einkennisföt, klæðaburð og búnað þeirra gildir reglugerð nr. 255/1980, nema hvað varðar húfumerki í 2. tl. 5. kafla reglugerðarinnar. Húfumerki þeirra skal vera lög-regluskjöldur.

III. Ráðning, menntun og starfskjör afleysingamanna.

11. gr.

Eigi skal ráða til afleysingastarfa aðra en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa gott mannorð, eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega. Þeir skulu hafa lokið 9. bekk grunnskóla, eða hafa sambærilega menntun.

12. gr.

Afleysingamenn skulu sækja undirbúningsnámskeið sem haldið er á vegum Lögregluskóla ríkisins, nema það sé mjög miklum erfiðleikum bundið. Valnefnd lögregluskólans skal veita hlutaðeigandi lögreglustjóra umsögn um frammistöðu nemenda, að loknu námskeiði.

13. gr.

Gerðir skulu ráðningasamningar á þar til gerðum eyðublöðum við afleysingamenn, þegar þeir eru ráðnir til starfa.

14. gr.

Námskeið skal halda fyrir héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglustarfi. Skólanefnd Lögregluskóla ríkisins ákveður hvaða námsgreinar skulu kenndar.

IV. Réttindi og skyldur.

15. gr.

Héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglustarfi skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og fastráðnir lögreglumenn á meðan þeir gegna störfum.

Kjör aðstoðarmanna skulu ráðast af þeim kjarasamningum sem í gildi eru milli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Héraðslögreglumenn skulu taka laun samkvæmt lægsta flokki í sérkjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Um kjör þeirra að öðru leyti gildir framangreindur sérkjarasamningur eftir því sem við á.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, tekur gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. maí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi Norðurbæjar í Hafnarfirði.

Samkvæmt Skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. maí 1981 staðfest breytingu á deiliskipulagi Norðurbæjar í Hafnarfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjóra ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 286.

22. maí 1981.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfa-viðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans og orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Upp-sagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsam-

þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hofsóshrepps í Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1981.

Nr. 287.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

- a) EUR. 1 flutningsskirteinis, hér á eftir kallað EUR. 1 skirteini,
- b) EUR. 2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hvernar sendingar ekki yfir 2 750 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 190 reikningseiningar,
- b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 550 reikningseiningar.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd vinnueftirlits í landbúnaði.

1. gr.

Félagsmálaráðherra skipar 5 manna stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd þeirra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er sérstaklega varða landbúnað.

Stjórnin skal skipuð tveim mönnum tilnefndum af stjórn Vinnueftirlits ríkisins, einum tilnefndum af stjórn Stéttarsambands bænda, einum tilnefndum af stjórn Búnaðarfélags Íslands auk stjórnarformanns Vinnueftirlits ríkisins sem skal vera formaður stjórnarinnar.

Skipunartími stjórnarinnar skal vera hinn sami og stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Um laun stjórnarinnar gilda sömu reglur og um laun stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Vinnueftirlit ríkisins annast framkvæmd eftirlits með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði.

Forstjóri Vinnueftirlitsins situr fundi stjórnarinnar og ennfremur aðrir starfsmenn þess, þegar við á. Þeir skulu hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Verkefni stjórnar vinnueftirlits í landbúnaði eru m. a.:

- a) Að fjalla um tillögur að reglugerðum og reglum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sem snert geta landbúnaðinn.
- b) Að setja reglur um framkvæmd einstakra ákvæða laga nr. 46/1980 í landbúnaði þegar ástæða þykir til að setja slíkar reglur sérstaklega fyrir landbúnað vegna sérstakra atvinnuhátta.
- c) Að fjalla um starfsáætlanir Vinnueftirlits ríkisins m. t. t. landbúnaðar.
- d) Að gera tillögu að gjaldskrá vegna skráningar og skoðunar búvéla sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980.
- e) Að fjalla um ákvarðanir forstjóra og starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins sem áfrýjað kann að verða af aðilum sem stunda landbúnað sbr. 2. mgr. 87. gr. og 98. gr. laga nr. 46/1980.
- f) Að heita sér fyrir rannsóknnum á atvinnusjúkdómum í landbúnaði og gerð leiðbeininga um varnir gegn þeim í samráði við forstjóra og starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðisyfirvöld.

4. gr.

Stjórn vinnueftirlits í landbúnaði getur beitt sér fyrir stofnun öryggisnefndar fyrir landbúnað sbr. 11. gr. laga nr. 46/1980.

5. gr.

Um greiðslu kostnaðar við framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar fer samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir
Byggingarsamvinnufélagið „Samtök aldraðra“.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973, sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélagið „Samtök aldraðra“.

Frá sama tíma falla úr gildi samþykktir fyrir félagið sem staðfestar voru 10. maí 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1981.

Nr. 290.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1. Fullorðnir, einstök skipti	kr. 7,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 45,00
2. Börn, einstök skipti	— 3,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 15,00
3. 67 ára og eldri greiði 1/2 gjald	
4. Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis	
5. Baðstofa: Almenningsstími	— 12,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 70,00
Einkatímar	— 55,00
6. Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum	— 5,00
7. Sólarauki, einstök skipti, 30 mínútur	— 35,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 300,00

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

9. júní 1981.

Nr. 291.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983.

Hinn 27. maí 1981 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983, að svæði um 40 hektarar að stærð í Ártúnsholti breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir og útivistarsvæði í íbúðar- og atvinnu-svæði.

Umrædd spilda afmarkast af Vesturlandsvegi að norðan, Höfðabakka og Árbæjarhverfi að austan, Árbæjarsafni og útivistarsvæði að sunnan og jarðhýsum o. fl. að vestan.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um flutning á lausu kísiljární í lestum skipa.

EFNISYFIRLIT

1. gr. Skilgreiningar.
2. gr. Notkun.
3. gr. Almenn ákvæði.
4. gr. Fyrirkomulag austursbúnaðar.
5. gr. Þil, sem afmarka lestar og dælurúm m. m.
6. gr. Loftræsting.
7. gr. Gluggar og dyr á framþili skutlyftingar m. m.
8. gr. Lokun lestarlúga.
9. gr. Loft-, mælirör og mannop botngeyma.
10. gr. Fasttengd slökkvikerfi m. m.
11. gr. Öryggisbúnaður.
12. gr. Auglýsing um borð.
13. gr. Teikningar.
14. gr. Eftirlit.
15. gr. Erlend skip.
16. gr. Refsiákvæði.
17. gr. Gildistaka.

1. gr.

Skilgreiningar.

- 1.1 Nýtt skip: Skip eða prammi, sem kjölur er lagður að þann dag, sem reglur þessar öðlast gildi eða seinna. Ennfremur skoðast skip eða prammi, sem breytt er til flutninga á lausu kísiljární í lestum, sem nýtt skip, þann dag, sem reglurnar öðlast gildi eða seinna.
- 1.2 Notað skip: Skip eða prammi, sem ekki er nýtt skip.
- 1.3 Viðurkenning: Viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins.

2. gr.

Notkun.

- 2.1 Þar sem annað er ekki sérstaklega tekið fram, skulu þessi ákvæði gilda fyrir flutning á lausu kísiljární í lestum nýrra skipa.
- 2.2 Farþegaskip hafa ekki leyfi til að vera með laust kísiljárn í lestum.
- 2.3 Greinar 3, 4, 5, 6, 8, 10.2, 11, 12, 14 og 15 í reglum þessum gilda um notuð skip.
- 2.4 Um skip, sem sigla eina og eina ferð með laust kísiljárn í lestum, gilda eftirfarandi greinar, nema annað sé sérstaklega tekið fram: 3, 4.2, 4.3, 5.1, 5.2, 6.1, 6.3, 7.2, 8, 10.2, 10.3, 11, 12, 14 og 15.

- 2.5 Fyrir skip, sem greint er frá í 2.4 tl. skal senda inn umsókn um slíka flutninga fyrir hverja ferð.

3. gr.

Almenn ákvæði.

- 3.1 Því aðeins má flytja laust kísiljárn í lestum skipa, að það innihaldi 70% silicon eða meira, eða undir 30%, að öðrum kosti skal um það búið samkvæmt alþjóðareglum um flutning á hættulegum varningi.
- 3.2 Fyrir fermingu, skal efnið hafa verið geymt undir þaki (til viðrunar) í að minnsta kosti tíu sólarhringa, og í geymslu, hleðslu og flutningum, skal það á tryggan hátt varið gegn vatni og raka.
- 3.3 Áður en ferming skips hefst, skal framleiðandi kísiljárnsins votta að Si-magnið sé meira en 70% eða minna en 30% og að farmurinn hafi verið geymdur eins og segir í tl. 3.2.
- 3.4 Á tveggja þilfara skipum er aðeins leyfilegt að flytja kísiljárn á millipilfari, þegar ákvæðum 5. gr. er fullnægt.

4. gr.

Fyrirkomulag austursbúnaðar.

- 4.1 Austurslagnir frá lestum, þar sem flutt er laust kísiljárn, skulu lagðar í vel loftræst dælurúm staðsett utan vélarúms og utan vistavera áhafnar.
- 4.2 Fyrir skip, sem eina og eina ferð eiga að flytja kísiljárn laust í lestum, og þar sem ekki er sérstakt dælurúm, má viðurkenna annað fyrirkomulag í hverju einstöku tilviki, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
- 4.2.1 a) Austurslagnir frá lestum, sem í er laust kísiljárn, skulu þrýstiprófaðar.
- 4.2.2 Lokakistur, lokar og austurslagnir skulu athugaðar, og loka skal slípa þar sem skoðunarmaðurinn álitur það nauðsynlegt.
- 4.2.3 Handföng loka fyrir austurslagnir, sem nefndar eru í tl. 4.1, skulu læst í lokaðri stöðu.
- 4.3 Frárennsli frá efri lest í neðri skulu vera með loka, sem hægt er að loka frá veðurþilfari. Lokinn skal vera læstur í lokaðri stöðu.

5. gr.

Þil, sem afmarka lestar og dælurúm m. m.

- 5.1 Þil sem skilja lestar og dælurúm frá vistarverum, vélarúmum og því um líku, eiga að vera gasþétt. Þau skulu vera heil soðin og án opa. Þar sem ekki er þurrými (kofferdam) milli lestarúms og vélarúms, skal þil að vélarúmi og/eða ketilrúmi búið viðurkenndri klæðningu og varin með sterkum hlífðarplönkum gegn hugsanlegum skaða af völdum losunarkrabba.
- 5.2 Vistarverur mega ekki vera staðsettar yfir lestum, þar sem flutt er laust kísiljárn, nema komið sé fyrir vel loftræstu þurrými milli lestar og vistarvera.

6. gr.

Loftræsting.

- 6.1.1 Lestar skulu loftræstar með að minnsta kosti tveim aðskildum sogviftum. Vifturnar skulu samanlagt geta afkastað að minnsta kosti 5 loftskiptum á klukkustund miðað við tóma lest.
- 6.1.2 Vera skal um borð tilbúin varavifta.
- 6.1.3 Þar sem eru tvær aðskildar sogviftur fyrir hverja lest og hvor vifta afkastar að minnsta kosti 5 loftskiptum á klukkustund, er ekki nauðsynlegt að hafa varaviftu eins og krafist er í 6.1.2.

6.2.1 Loftrásir fyrir útstreymi skulu ná niður að lestargólfi í framenda lestarinnar og vera þannig fyrir komið, að útstreymi sé bæði frá lestargólfi og upp undir þilfari í lestinni.

Opum á loftræstirásum uppi undir þilfari skal vera hægt að loka á einfaldan og virkan hátt, þannig að endanleg loftræsting eigi sér aðeins stað í botni lestarinnar. Hægt er að fallast á annað fyrirkomulag, hafi það í för með sér betri loftræstingu lestarinnar vegna lögunar hennar.

6.2.2 Fyrir op á útstreymisloftrásum skal setja hæfilega gróft og vandað sigti, þannig að agnir af kísiljárninu geti ekki stíflað þau.

6.3 Endar útstreymisopanna skulu vera að minnsta kosti 2,5 m yfir veðurþilfari og vera að minnsta kosti 9 metra frá opum loftinntaka til vistarvera áhafnar.

6.4.1 Loftrásir yfir- og undirlestar skulu vera fullkomlega aðskildar.

6.4.2 Dælurúm skulu hafa véldrifna loftræstingu. Blásarinn skal dæla lofti inn í rúmið og afkasta að minnsta kosti 30 loftskiptum á klukkustund.

6.4.3 Séð skal fyrir góðri loftræstingu í öllum rúnum, sem liggja að lestum og dælurúnum. Loftræst skal með véldrifnum þrýstiblásurum.

7. gr.

Gluggar og dyr á framþili skutlyftingar m. m.

7.1 Gluggar og þess háttar á framþili á yfirbyggingum eða þilfarshúsum fyrir aftan lestar skulu yfirleitt vera óopnanlegir. Séu dyr á slíkum framþiljum, skulu þær vera gasþéttar.

7.2 Á skipum, sem flytja kísiljárn laust í lestum eina og eina ferð, skal fyrirkomulagið viðurkennt hverju sinni.

8. gr.

Lokun lestarlúga.

Að lokinni fermingu skal loka lestarlúgum svo þétt sem unnt er.

9. gr.

Loft-, mælirör og mannop botngeyma.

Loft- og mælirör gegnum lestar til botngeyma skulu vera sérstaklega vönduð og vel varin stálrör. Lok á mannopum botngeyma skulu búin góðum pakkningum og lokast loftþétt.

10. gr.

Fasttengd slökkvikerfi m. m.

10.1 Rör fyrir CO₂ slökkvimiðil fyrir vélarúm má ekki leggja um lestar.

10.2 Fyrir skip, sem skal flytja laust kísiljárn í lestum eina og eina ferð, skal fyrirkomulagið viðurkennast fyrir hverja ferð.

10.3 Rörum frá reykskynjurum í lestum upp í brú skal loka þegar kísiljárn er flutt í lestarúminu.

11. gr.

Öryggisbúnaður o. fl.

11.1 Um borð skulu vera minnst 4 gasgrímur ætlaðar fyrir fosforvetni og arsenvetni. Notaðar skulu gasgrímur með síupatrónum. Þar sem gasgrímur eru til í mörgum stærðum skulu yfirmenn skipsins hafa eftirlit með því að hinar fyrirskipuðu gasgrímur séu hæfilegar áhöfninni. Við notkun skal vandlega að því gætt, að gasgríman hæfi þeim, er hana á að nota. Búnaðurinn skal ávallt vera aðgengi-
legur og nothæfur. Vara-síupatrónur skulu vera um borð.

- 11.2 Um borð skulu vera minnst 2 viðurkennd mælitæki til magnmælingar af fosfini og arsíni. Gerðar skulu reglulegar mælingar að minnsta kosti á 4 tíma fresti í þeim rúmum, sem liggja að lestarúmi, mælingar skulu færðar í bók. Heilsufarslegt hámark er fyrir arsín 0.05 p.p.m. og fyrir fosfin 0.3 p.p.m.
- 11.3 Skipstjórinn og yfirmenn skulu hafa nauðsynlega þekkingu til að nota mælitækin.

12. gr.

Auglýsing um borð.

Áhöfninni skal gerð ljós með auglýsingum um borð, sú hætta sem er samfara flutningum á kísiljárn.

13. gr.

Teikningar.

Senda skal Siglingamálastofnuninni til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast, 3 eintök af teikningum, sem sýna austurs- og loftræstikerfi.

14. gr.

Eftirlit.

- 14.1 Skip, sem smíðuð eru eða er breytt til flutnings á lausu kísiljárn í lestum í samræmi við þessar reglur, skulu skoðuð áður en flutningar hefjast og síðan við endurnýjun á haffærisskirteini og við aukaskoðanir á búnaði.
- 14.2 Skip, sem flytja laust kísiljárn í lestum eina og eina ferð, skulu skoðuð áður en ferming hefst til þess að ganga úr skugga um, að það fullnægi ákvæðum þessara reglna.

15. gr.

Erlend skip.

Ákvæði reglna þessara gilda um erlend skip, sem flytja laust kísiljárn í lestum frá íslenskri höfn.

16. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

17. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við hið sjálfvirka símakerfi.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin getur heimilað einstaklingum og fyrirtækjum að flytja til landsins, selja, leigja, smíða og gera við tæki til tengingar við hið sjálfvirka símakerfi stofnunarinnar með skilyrðum, sem í reglum þessum greinir og gildandi stöðlum um sjálfvirk símakerfi. Með orðinu „tæki“ í þessum reglum er átt við það „tæki“, sem sérstaklega er tilgreint í fylgiskjali nr. 1.

2. gr.

Samþykki stofnunarinnar á ákveðnu tæki takmarkar á engan hátt rétt hennar til þess að hafa sama eða tilsvarendi tæki á boðstólum.

3. gr.

Um heimild, sbr. 1. gr., gilda eftirgreind skilyrði:

- 3.1 Tækið skal uppfylla þær almennu tæknilegu kröfur, sem Póst- og símamálastofnunin setur um eiginleika slíkra tækja.
- 3.2 Tækið skal afhent Póst- og símamálastofnuninni til athugunar, rannsóknar og samþykktar eða synjunar.
- 3.3 Leggja skal fram nákvæma tæknilýsingu, teikningu yfir straumrásir, tenginga-teikningu og notkunarreglur með þeim tækjum, sem greind eru í gr. 3.2. Tæknilýsingin skal tilgreina nákvæmlega alla starfsemi tækisins með hliðsjón af teikningunum. Í tæknilýsingunni skal einnig vera upptalning á öllum tæknilegum eiginleikum tækisins ásamt mesta fráviki frá þeim. Ef mælingaskýrslur fyrir tækið liggja fyrir frá framleiðanda eða öðrum skulu þær fylgja ofangreindum gögnum.
- 3.4 Umsækjandi skal sanna í umsókn sinni um viðurkenningu á tæki samkvæmt þessum reglum, að hann hafi í þjónustu sinni sérhæft starfsfólk til að annast viðhald þeirra tækja, sem sótt er um viðurkenningu á.
- 3.5 Tækið skal greinilega merkt nafni framleiðanda, gerð og framleiðslunúmeri. Erlend tæki skulu auk þess merkt nafni innflytjanda.
- 3.6 Sé orka frá rafveitu nauðsynleg til notkunar á tækinu skal samþykki Rafmagns-eftirlits ríkisins liggja fyrir, áður en það er sent til Póst- og símamálastofnunarinnar, samkvæmt gr. 3.2.
- 3.7 Tæki af samþykktri gerð skal með tilliti til hönnunar og vinnslu svara nákvæmlega til þess tækis, sem athugað hefur verið af Póst- og símamálastofnuninni. Breyting á tæki af samþykktri gerð skal lögð fyrir Póst- og símamálastofnunina til samþykktar á sama hátt og um nýtt tæki væri að ræða.
- 3.8 Seljandi tækja skal láta skýrar og greinilegar notkunarreglur og upplýsingar á íslensku fylgja tækinu. Í þessum upplýsingum skal þess getið með hvaða skilmálum viðgerðarþjónusta er veitt af hálfu seljanda. Einnig skal seljandi tækja láta reglurnar í fylgiskjali nr. 2 fylgja með notkunarreglunum.
- 3.9 Tæki þau sem hér um ræðir skulu fylgja þeirri tæknipróun, sem hið sjálfvirka símakerfi stofnunarinnar kann að taka. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig ábyrgð, en prófanir eru aðeins gerðar til að forðast truflanir á sjálfvirka símakerfinu frá tækinu og tryggja aðlögun þess að kerfinu.
- 3.10 Valdi tæki í notkun truflunum eða óþægindum í rekstri sjálfvirka símakerfisins skal afturkalla leyfi fyrir viðkomandi tæki, þar til nauðsynlegar lagfæringar hafa verið gerðar og það viðurkennt á ný af Póst- og símamálastofnuninni.

- 3.11 Tækið skal útbúið með kló eða klótengli samþykktum af Póst- og símamála- stofnuninni til tengingar við sjálfvirka símakerfið og tilheyrandi notendabúnað.
- 3.12 Póst- og símamálastofnuninni áskilur sér rétt til þess að fylgjast með fjölda seldra tækja.
- 3.13 Fyrir rannsókn og viðurkenningu Póst- og símamálastofnunarinnar skal greitt gjald samkvæmt gjaldskrá.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu, samkvæmt X. kafla laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. gr. fjarskiptalaga nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftir- breytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Fylgiskjal 1.

Listi yfir tæki, sem seld eru á frjálsum markaði og leyfa má að tengja við sjálfvirka símakerfið, samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

1. Talfæri fyrir eina línu. Talfærið má tengja sem aðaltalfæri eða aukaltalfæri.
2. Símsvarar og tilheyrandi snældur.
3. Valminni, sjálfveljari.
4. Textasímar.
5. Mynda- og ljósmynda-sendi/viðtæki.
6. Viðvörðunarkerfi.
7. Fjarstýrikerfi.
8. Dyravítar og nýir dyrasímar.
9. Hljóðtengd „modem“ fyrir hraða allt að 300 bitar/sekúndu. Ekki fasttengd tæki.
10. Tölvur og endabúnaður sem tengd eru fjarskiptanetinu.
11. Símalásar, langlínulásar.
12. Viðtæki fyrir hringstraum.

Fylgiskjal 2.

Reglur um notkun tækja, sem seld eru á frjálsum markaði til tengingar við hið sjálfvirka símakerfi.

1. Tæki, þau sem hér um ræðir skulu fylgja þeirri tæknipróun, sem hið sjálfvirka símakerfi stofnunarinnar kann að taka.
2. Verði notandi var við bilun skal hann taka tækið úr sambandi, þar til viðgerð hefur farið fram. Ef í ljós kemur að tækið veldur truflunum á rekstri sjálfvirka símakerfisins, skal það svo fljótt sem við verður komið tekið úr sambandi.
3. Starfsmenn Póst- og símamálastofnunarinnar skulu hafa aðgang að öllum þeim búnaði, sem tengdur er sjálfvirka símakerfinu.

4. Tilkynningum um bilanir í sambandi við notkun tækisins skal beint til þeirra viðgerðaraðila, sem seljandi hefur tilgreint.
5. Tæki, önnur en venjuleg talfæri, skulu bera merki um viðurkenningu frá Póst- og símamálastofnuninni. Tæki án merkis um viðurkenningu má ekki tengja við sjálfvirka símakerfið eða tilheyrandi notendabúnað.
6. Auk framangreindra ákvæða gilda ákvæði um notendabúnað og sérþúnað í gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, eins og þau eru hverju sinni.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarkaupstaðar án sérstaks leyfis bæjarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögþýla innan bæjarmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta. Leyfisveiting er háð því að viðkomandi sé félagi í viðeigandi búfjäreigandafélagi.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfi að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglu- stjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á upp- hoði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um gæslu búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda. Visast að öðru leyti til 7. greinar.

7. gr.

Bæjarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Eskifjarðar- kaupstað og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum sem bundin eru í aðalskipulagi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumri og fóður á vetri, svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 500.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins nr. 87/1954, 129/1965, 122/1967, 377/1974 og 129/1979.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfelld í sex mánuði fyrir barnsburð, eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. gr. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna skal meta þær eftir reglum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

Réttar samkvæmt grein þessari nýtur kona án tillits til ráðningarforms.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar móður. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingarráði.

Ættleiðandi móðir, uppeldis- eða fósturmóðir á rétt á tveggja mánaðar fæðingarorlofi vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein, svo og ef móðir fæðir

andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar. Kona sem fer í barnsburðarleyfi skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduá-
stæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer samkvæmt sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Fjármálaráðuneytið, 15. maí 1981.

Ragnar Arnalds.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 42 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 42 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 42 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t. e. a. s. kr. 21 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 641/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.****1. gr.**

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 10 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 20 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 643/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

19. júní 1981.

Nr. 298.

REGLUGERÐ**um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.****1. gr.**

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1981:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 10 800
Hjón	— 15 120

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 4. gr. bætist nýr stafliður er verði stafliður e. og orðist svo:

- e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E, O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskírteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 300.

18. júní 1981.

GJALDSKRÁ

fyrir heyrnarmælingar Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands á vinnustöðum.

1. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarmælingu á vinnustöðum, sem unnin er á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, skal vera kr. 42.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Framangreind gjaldtaka, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. júlí 1981 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á
lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 16 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 42 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. kr. 8 og kr. 21 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 644/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 64, 30. mars 1943, fyrir Sparisjóð
Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Stofnendur sjóðsins eru undirritaðir 63 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón sem sjóðurinn kann að verða fyrir en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 1 000 kr. Hver ábyrgðarmaður skal leggja fram ábyrgðarupphæð sína sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlásvexti sjóðsins.

2. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikningi hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum þó svo að frá teljast móttökudagar og úttökudagar og gjaldast vextir í eigi minni þörtum en heilum eyri.

3. gr.

14. gr. 4. mgr. orðist svo:

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu vextirnir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það sem innstæðubókin telur.

4. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða, skal vera 21,0 mm. Í poka nótarinnar, sem miðast við 50 metra á korkateini, er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að nota til loðnuveiða loðnunætur með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm, sem teknar hafa verið í notkun fyrir útgáfu þessarar reglugerðar.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan

fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 166 3. apríl 1978, um lágmarksmöskvastærð loðnunóta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³
Vörugeymslur	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³
Aðrar byggingar	Minnst kr. 0,90 en mest 1,80 kr./m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 149,00 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 420,00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 42,00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 84,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. gr.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.

7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiddast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 420,00 opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

13. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Fiskiðnaður.

14. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari, er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1979—1980 og fylgir síðan breytingum á fasteignamatinu.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 9. febrúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. apríl 1981.

Nr. 305.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Magnúsar Guðbrandssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. apríl 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Magnúsar Guðbrandssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Magnúsar Guðbrandssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 240 000.00 (g.kr.), sem Magnús Guðbrandsson, fulltrúi afhenti Knattspyrnuráði Reykjavíkur á 60 ára afmælishátíð ráðsins 29. maí 1979, til minningar um þá menn, sem sátu í fyrsta Knattspyrnuráði Reykjavíkur ásamt Magnúsi, þá Egil Jacobsen frá Í. S. Í., Pétur Sigurðsson frá Fram, Erlend Ó. Pétursson frá K. R. og Axel Andrésson frá Víkingi, en Magnús sat í ráðinu frá Val. Magnús óskaði þess, að fénu yrði varið til unglinga- og kennslumála á vegum ráðsins, eins og segir í gjafabréfinu.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til þess að verða við þessari ósk Magnúsar Guðbrandssonar og til minningar um fyrsta Knattspyrnuráð Reykjavíkur.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir
- b) gjafir og áheit, sem sjóðnum kunna að berast
- c) tekjur, sem stjórn sjóðsins kann að afla honum.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja og efla unglinga- og kennslumál á vegum Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkv. nánari fyrirmælum ráðsins og ákvörðunum hverju sinni og annast stjórn sjóðsins veitingu styrkja, sem ráðið ákveður.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, sem fyrsta sinni eru kosnir af Knattspyrnuráðinu, en síðan kosnir árlega á aðalfundi ráðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir og annað er varðar sjóðinn. Stjórnin heldur og bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal láta skrá í sérstaka bók.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnuráðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og samþykkt aðalfundar Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976 fyrir
Vatnsveitu Sauðárkróks.

18. gr. orðist svo:

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnotkun er áætluð skv. 17. gr. skal greiða auk gjalds skv. 16. gr. kr. 1.14 fyrir hvern rúmmetra vatns. Gjöld samkvæmt þessari grein eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. janúar 1981 (626 stig) og breytast samkvæmt henni þegar breytingar verða á nefndri vísitölu. Gjöld samkvæmt þessari grein ber að greiða fyrir 2 mánuði í senn. Gjaldldagi er við framvísun reiknings. Gjöldin eru eindöguð ef greiðsla hefur ekki farið fram innan 10 daga frá gjaldldaga.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. júlí 1981.

483

Nr. 307.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaefirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þylur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,20 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 200,00.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1 100,00 að viðbættum kr. 0,04 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpening samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf	Verkleg próf
Einkaflugmaður	kr. 110,00	kr. 90,00
Atvinnuflugmaður	— 140,00	— 90,00
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 170,00	— 110,00
Blindflugsréttindi	— 140,00	— 110,00
Flugkennararéttindi	— 110,00	— 90,00
Flugumsjónarmaður	— 170,00	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 50,00	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 50,00.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 31 21. maí 1961, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 13 9. janúar 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 2. júlí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á síðari helmingi ársins 1981 nema nýkr. 1 500 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1981.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

Frá útgáfudegi reglugerðar þessarar þar til annað verður ákveðið eru íslenskum skipum, öðrum en þeim er frá greinir í 2. gr., bannaðar allar loðnuveiðar.

2. gr.

Frá og með 10. ágúst 1981, þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipaskrárn.:	Leyfilegt aflamagn:
Albert GK 31	1046	10 800
Ársæll KE 17	0965	9 400
Beitir NK 123	0226	16 800
Bergur VE 44	0968	10 000
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	14 800
Börkur NK 122	1293	15 100
Dagfari ÞH 70	1037	10 200
Eldborg HF 13	1525	18 800
Fífill GK 54	1048	11 000
Gígja RE 340	1011	11 900
Gísli Árni RE 375	1002	11 000
Grindvíkingur GK 606	1512	14 800
Guðmundur RE 29	1272	13 300
Gullberg VE 292	1401	10 800
Hafrún ÍS 400	1050	11 000

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipaskrárn.:	Leyfilegt aflamagn:
Haförn RE 69	1061	11 400
Harpa RE 342	1033	11 100
Hákon ÞH 250	1059	12 400
Heimaey VE 54	1035	10 200
Helga II RE 373	1018	10 300
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	11 900
Hilmir SU 171	1551	16 500
Hilmir II SU 177	1044	10 500
Hrafn GK 12	1006	11 300
Huginn VE 55	1411	10 800
Húnaröst ÁR 150	1070	11 000
Ísleifur VE 63	1056	9 400
Jón Finnsson RE 506	1283	10 800
Jón Kjartansson SU 111	0155	14 800
Júpiter RE 161	0130	16 500
Kap II VE 4	1062	11 400
Keflvíkingur KE 100	0967	10 100
Krossanes SU 5	1020	10 600
Ljósfari RE 102	0973	10 400
Magnús NK 72	1031	10 200
Óskar Halldórsson RE 157	0962	9 400
Pétur Jónsson RE 14	1069	12 500
Rauðsey AK 14	1030	10 500
Seley SU 10	1361	9 400
Sigurður RE 4	0183	17 300
Sigurfari AK 95	1413	12 900
Skarðsvík SH 205	1416	10 800
Skirnir AK 16	0233	9 500
Súlan EA 300	1060	12 400
Svanur RE 45	1029	11 400
Sæberg SU 9	0252	10 700
Sæbjörg VE 56	0989	10 900
Víkingur AK 100	0220	16 800
Víkurberg GK 1	0979	10 200
Þórður Jónasson EA 350	0264	9 900
Þórshamar GK 75	1501	10 700
Örn KE 13	1012	10 600

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Skipum þeim er tilgreind eru í 2. gr. eru allar loðnuveiðar bannaðar utan fiskveiðilögsögu Íslands og Jan Mayen.

Á tímabilinu frá og með 10. ágúst til og með 14. september 1981 eru allar loðnuveiðar bannaðar sunnan 68° n.br. og vestan 21° v.lgd.

Íslenskum loðnuskipum er heimilt að veiða samtals 82 615 lestir af loðnu í fiskveiðilögsögu Jan Mayen. Ráðuneytið mun tilkynna hvenær veiðum lýkur á því svæði, og verður afli fenginn eftir þann tíma í fiskveiðilögsögu Jan Mayen gerður upptækur samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

4. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m. a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

5. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

6. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnuninni í nóttinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynast fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

8. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

10. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt fyrir Sparisjóð Kópavogs nr. 170 9. október 1959.

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

R E G L U G E R Ð

um Ípróttakennaraskóla Íslands.

I. KAFLI**Hlutverk og réttindi.****1. gr.**

Kennslan í skólanum skal miðuð við að nemendur hljóti ákveðna undirstöðumennntun svo þeir geti síðar tekið að sér kennslustörf í skólum í ípróttum, slyshjálpi og líkams- og heilsufræði.

Skólinn skal veita nemendum kennslu í ípróttum og félagsstörfum svo að þeir geti leiðbeint í þessum greinum utan skólanna, þ. e. a. s. hjá íprótt- og ungmennafélögum og starfshópum fyrirtækja.

Í samráði við menntamálaráðuneytið og Ípróttakennarafélag Íslands skal skólinn efna til námskeiða fyrir ípróttakennara. Einnig skal hann efna til námskeiða fyrir leiðbeinendur í ípróttum, þegar fé hefur verið veitt til þeirra. Skal þar bæði vera um að ræða byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Að námskeiðum þessum skal unnið í samráði við Ípróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

2. gr.

Próf frá Ípróttakennaraskóla Íslands veitir réttindi samkvæmt lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra. Einnig veitir próf frá skólanum réttindi til kennslu í slyshjálpi og líkams- og heilsufræði á skyldunámsstigi.

Ípróttakennarar, sem lokið hafa námi í Ípróttakennaraskóla Íslands og fullnægja inntökuskilyrðum Kennaraháskóla Íslands, eiga rétt á námi í Kennaraháskóla Íslands. Um þetta nám skal sett reglugerð, sem byggð er á samkomulagi milli Kennaraháskóla Íslands og Ípróttakennaraskóla Íslands og staðfest af menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

Námstími skólans er tvö ár. Hvort skólaár skal skóli starfa í 8½ mánuð, þ. e. a. s. frá 15. sept. eða 1. okt. til 1. júní eða 15. júní. Náminu skal skipt í tvær námsannir hvort skólaár, haustönn og vetrarönn auk styttri vorannar.

Að sumrinu á milli hinna tveggja námsvetra, skulu nemendur kenna íþróttir í a. m. k. 70 kennslustundir hjá íþrótt- eða ungmennafélögum, starfshópum eða skólum. Nemendum er frjálst að ráða sig til starfa þar sem þeir kjósa helst að vinna við íþróttakennsluna. Óski nemandi eftir aðstoð skólans við leit að vinnu, skal skólinn í samráði við félagasamtök íþróttamanna eða skóla, leitast við að finna starf fyrir nemandann.

Skólinn lætur útbúa sérstakt eyðublað, sem afhenda skal forstöðumanni námskeiðs eða formanni félags þess, sem nemandinn starfar hjá. Hann útfyllir síðan eyðublaðið og greinir frá frammistöðu nemandans og gefur upp kennslustunda-fjölda og sendir til skólans.

II. KAFLI**Inntökuskilyrði, námsgreinar, próf.****4. gr.**

Nemendur, sem innritast í skólann, skulu vera heilbrigðir að dómi læknis og vel hæfir til íþróttaiðkana. Nemendur skulu vera reglusamir og hafa lagt stund á íþróttir með góðum árangri. Nöfn tveggja manna, annar þarf að vera íþróttakennari, er leita má til um upplýsingar, þurfa að fylgja umsókn um skólavist.

Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám og eigi eldri en 26 ára. Skólaráð getur veitt undanþágu frá hámarksaldri ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Umsókn um skólavist skal senda til skólastjóra en skólaráð eða skólastjóri í umboði þess, tekur lokaákvörðun um umsóknir. Skólaráð setur ákveðinn umsókn-arfræst.

Undirbúningsmenntun nemenda skal vera sem hér segir:

- a) stúdentspróf eða
- b) kennarapróf eða
- c) tveggja ára framhaldsnám að loknum grunnskóla með fullgildu prófi.

Annað undirbúningsnám veitir rétt til inngöngu í skólann sé það eigi metið minna en að framan greinir. Heimilt er að taka tillit til reglubundinnar þátttöku í íþróttum og félagsstörfum, tengdum íþróttum og æskulýðsstörfum. Skólaráð þarf að meta og mæla með slíkri umsókn og skólanefnd að samþykkja hana.

Sæki fleiri um skólavist en hægt er að taka í skólann gildir mat prófa, starfs-reynsla, færni í íþróttum, þátttaka í félagsstörfum, aldur og umsagnir kunnugra manna. Leiki vafi á um hæfni umsækjenda er heimilt að efna til sérstaks hæfnis-prófs meðal umsækjenda, þar sem hæfni þeirra til náms í íþróttakennarskóla er metin.

Til þess að hljóta inngöngu á íþróttanámskeið fyrir leiðbeinendur í félögum, skal þátttakandi hafa náð 18 ára aldri. Hann þarf að búa yfir góðri hæfni í íþróttum og hafa meðmæli stjórnar þess félags, sem hann er skráður félagi í.

6. gr.

Námsefni skólans skal skipt niður í kjarna, kjörsvið og valgreinar.

Kjarni nefnist það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans.

Kjörsvið er það námsefni, sem nemendur með þá menntun, sem metin er gild til náms í Kennaraháskóla Íslands, geta valið sér í þeim tilgangi að undirbúa og stytta nám í Kennaraháskóla Íslands svo þeir geti, að afloknu námi, hlotið réttindi til kennslu bóklegra greina. Kjörsvið komi til framkvæmda, eftir samþykkt reglugerðar um þetta nám.

Valgrein telst hver sú sérgrein í íþróttum sem kennd er við skólann og nemendur velja sér. Með náminu í valgrein á nemandinn að leitast við að auka þekkingu sína og hæfni í greininni með þjálfun og markvissu námi. Að valgrein skal unnið síðara ár nemendanna í skólanum. Valgrein skal aðeins vera ein og þarf nemandi að geta unnið að henni sjálfstætt á námstímanum. Kennarar eru nemendum til aðstoðar.

7. gr.

Í sérstakri námskrá skal gerð grein fyrir námsgreinum þeim, sem kenndar verða við skólann, svo og áætluðum kennslustundafjölda í hverri grein og lengd námsins. Heimilt er að fjölga eða fækka kennslugreinum. Skal skólaráð leita samþykkis menntamálaráðuneytisins fyrir slíkri breytingu. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis á námsskrá.

Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er hægt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

Námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur ákveður skólanefnd í samráði við aðila, en námsefni á námskeiði fyrir íþróttakennara ákveður skólanefnd í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands.

8. gr.

Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er heimilt að ákveða próf í lok annar eða á öðrum tíma, ef þannig stendur á námi. Til að fá að ganga undir próf í ákveðinni námsgrein við skólann, þarf nemandi að hafa sótt allar kennslustundir í námsgreininni og sótt skólann reglulega nema um eðlileg forföll hafi verið að ræða.

9. gr.

Kennarar prófa hver í sinni grein. Við áfangapróf, annarpróf og millibekkjapróf getur skólástjóri skipað prófdómara úr hópi kennara.

Við lokapróf skal vera prófdómari skipaður af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs. Öll prófgögn nemenda, er þeir hafa unnið og hafa ábrif á lokaeinkunn þeirra, skulu vera hinum stjórnskipuðu prófdómurum til reiðu. Prófverkefni skulu háð sambykki prófdómara. Við lokapróf dæma hlutaðeigandi kennari og prófdómari um frammistöðu nemenda. Verði þeir ekki sammála um einkunn skal taka meðaltal einkunna kennara og prófdómara.

10. gr.

Námi lýkur með prófi eða öðru námsmati. Miða skal próf við námstilhögun og kröfur í hverri grein. Heimilt er að halda lokapróf í hluta af grein, er kennslu í afmörkuðum þætti námsefnis lýkur (áfangapróf) og skal þá einkunn á því prófi reiknast sem hluti af lokaeinkunn í greininni.

Við áfangapróf skal þess gætt eins og unnt er að rétt vægi sé milli námsáfanga við heildar einkunnagjöf í námsgreininni. Vægi einkunnar á áfangaprófi skal ákveða fyrirfram. Þegar vægi námsþáttar er reiknað skal miða við magn námsefnis og kennslustundafjölda í námsgreininni.

11. gr.

Prófi skal ætla sérstakan prófdag. Þegar prófað er skriflega eða munnlega í áfanga námsefnis, skal ekki veita sérstakan undirbúningsdag fyrir prófið. Sé hins vegar um að ræða lokapróf í grein, þar sem áfangapróf gilda ekki sem hluti prófsins og námsefnið er tveggja anna nám eða meira er heimilt að veita einn undirbúningsdag fyrir prófið.

Geti nemandi ekki þreytt próf vegna veikinda eða annarra gildra forfalla, getur skólaráð leyft honum að ljúka prófi þegar endurtekningarpróf fara fram.

12. gr.

Í byrjun kennslu hvernar námsgreinar skal útskýra fyrir nemendum fyrirkomu- lag kennslunnar og námsefnið, sem ætlunin er að kenna og prófa í. Þá skal í upp- hafi gera nemendum grein fyrir hvernig háttað verði einkunnargjöf í hverri grein.

13. gr.

Við próf má nota þau gögn ein, er prófdómari leyfir. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf, hafa fyrirgert rétti til frekari þátttöku í prófi í greininni á námsárinu. Tilkynna skal nemendum þetta ákvæði, áður en skrifleg próf hefjast.

14. gr.

Þegar lokið er við að meta próf til einkunnar, skal kennari afhenda skólastjóra einkunnirnar. Skólastjóri birtir nemendum einkunnir í námsgreininni.

Verkefni nemenda og úrlausnir á prófum eru eign skólans. Skylt er að geyma öll prófgögn eigi skemur en eitt ár.

15. gr.

Próf skulu vera skrifleg, munnleg eða verkleg, eftir því hver námsgreinin er. Gefa skal eina einkunn í hverri grein.

Í stað eins ákveðins prófs í kennslu íþróttá, getur skólaráð, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, ákveðið að hver æfingakennari gefi einkunn, sem byggð er á frammistöðu nemandans yfir veturinn. Á prófskírteini skal geta einkunnar eða umsagnar í hverri grein íþróttakennslunnar. Meðaltal þessara einkunna skal vera prófseinkunn nemandans í kennslu íþróttá.

16. gr.

Einkunnir skal gefa í hverri grein í tölum 0—10 í heilum og hálfum bilum. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum:

9—10 er ágætiseinkunn, 7.25—8.99 er fyrsta einkunn

6.00—7.24 er önnur einkunn, 5.00—5.99 er þriðja einkunn.

Til þess að standast próf má aðaleinkunn eigi vera lægri en 5.00 og í engri náms- grein lægri einkunn en 4.00. Í sálarfræði, uppeldis- og kennslufræði, heilsufræði og slysa hjálp, kennslu, sundi og leikfimi skal einkunn þó ekki vera lægri en 5.0.

Ef nemandi fær í einkunn 0.0 í einni grein á áfanga- eða hluta úr áfangaprófi millibekkja- eða lokaprófi, telst hann fallinn á prófinu og á þá ekki rétt til að endur- taka próf á því ári.

17. gr.

Í leikfimi og sundi skal lokapróf samsett af getu, leikni og fræðilegri þekkingu og reiknast hver þessara þátta sem 1/3 hluti af loka-einkunninni. Í öðrum greinum íþróttá, sem prófað er í gildir verklegi þátturinn helming á móti fræðilegri þekkingu.

Í sundi þarf nemandi auk þess að leysa af hendi á tilsettum tíma, sérstakt getu-
próf í björgunarsundi. Þar verður hann að synda 100 metra marvaðasund með mann
svipaðrar þyngdar og ennfremur verður hann að synda alklæddur 25 metra, synda
síðan marvaðasund með mann svipaðrar þyngdar alklæddan 50 metra og afklæðast
á sundi.

18. gr.

Nemandi verður að skila á tilsettum tíma verkefnum þeim, sem skólinn felur
honum að vinna sem hluta af náminu. Þá ber nemanda að taka þátt í námskeiðum,
sem skólinn heldur fyrir nemendur og sækja skóla reglulega allt námstímabilið.

19. gr.

Ef nemandi nær tilskilinni aðaleinkunn á millibekkja- eða lokaprófi en stenst
ekki próf í einstökum greinum eða lýkur ekki námskeiði eða verkefni er honum
heimilt að endurtaka próf og ljúka öðru því, sem vanlokið var þegar skóla lauk,
innan ákveðins tíma, brjóti það ekki að öðru leyti gegn ákvæðum um próf.

Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn á fyrra annar- eða áfangaprófi vetrarins,
skal veita nemanda tækifæri til að fullnægja lágmarkskröfum með því að bæta sig
svo í greininni, að meðaltal næstu annar- eða áfangaeinkunnar og hinnar fyrri nái
lágmarki. Nái hann hins vegar ekki lágmarkseinkunn, verður hann að endurtaka
próf í öllu námsefni vetrarins.

Hljóti nemandi einkunn undir lágmarki í fleiri en þremur greinum á millibekkja-
eða lokaprófi, telst hann fallinn á prófinu og á þá ekki rétt á að endurtaka próf.

20. gr.

Endurtekningapróf er aðeins levft einu sinni. Endurtekningapróf svo og
sjúkrapróf, skal fara fram eftir að skóla lýkur að vorinu en áður en skólastarf hefst
að hausti. Nemandi fær ekki að hefja nám á seinna ári nema því aðeins að hann hafi
staðist öll próf, lokið verkefnum og lokið við að kenna íþróttir í a. m. k. 70 kennslu-
stundir um sumarið.

Áfangapróf eða lokapróf, sem tekið er á fyrra ári, gildir sem millibekkjapróf
og er því háð sömu ákvæðum og þar gilda.

Nemendur, sem ekki hafa lokið prófum með tilskilinni lágmarkseinkunn, eiga
rétt á að fá að vita um einkunnir sínar fyrir skólaslit.

21. gr.

Valgreinar skal getið sérstaklega á prófskírteini. Einkunn skal gefa fyrir val-
greinina, sem hó reiknast ekki til aðaleinkunnar. Til þess að standast próf má
einkunn í valgrein eigi vera lægri en 5.0.

Nemendur semja ritgerð um valgrein sína. Ritgerðin skal byggð á faglegum
grunni. líffræðilegum og kennslufræðilegum lögmálum, sem gilda um greinina. Rit-
gerðin skal eigi vera styttri en 2500 orð. Hún skal afhent eigi síðar en 1. apríl og er
hún eign skólans.

Nemendur skulu hafa valið sér valgrein í samráði við kennara áður en þeir fara
í sumarleyfi.

Kennarar meta ritgerð til einkunnar. Heimilt er kennara að óska eftir að nemandi
svari munnlega spurningum, sem snerta valgreinina og útskýri nánar ýmsa þætti
ritgerðarinnar.

Gefa skal nemanda sérstaka einkunn eða umsögn í kjörgrein á kjörsviði sem þó
reiknast ekki til aðaleinkunnar en hefur gildi fyrir framhaldsnám í Kennaraháskóla
Íslands. Geta skal þessa vitnisburðar á prófskírteini.

22. gr.

Námsgreina, sem ekki eru það viðamiklar að ástæða sé til að prófa í þeim eða erfitt er að koma við sérstöku prófi, skal samt getið á prófskírteini.

23. gr.

Við lok námskeiðs fyrir leiðbeinendur skal þreytt próf eða gefin umsögn. Próf-dómari skal skipaður af viðkomandi sársambandi með samþykki skólastjóra Íþróttakennaraskóla Íslands.

III. KAFLI**Um nemendur skólans.****24. gr.**

Nemendur skulu temja sér þrúðmannlega framkomu, reglusemi í skóla og utan hans. Þeir skulu sýna hæversku í samskiptum við skólafélaga sína og kennara og rækja nám sitt af alúð og kostgæfni.

25. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni skólans til félagsstarfa eftir nánari ákvörðun skólastjóra, enda gæti þeir reglu og háttþrýði.

26. gr.

Nemendur, sem ekki geta sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna skólastjóra forföll. Skólahjúkrunarkona fylgist með líðan nemenda og kveður til skólalækni, telji hún ástæðu til þess. Sé um alvarleg veikindi eða slys að ræða eða önnur gild forföll frá námi um lengri tíma, metur skólaráð hvað nemandi hafi misst mikið úr námi, bóklegu eða verklegu og hvort hann eigi rétt á að ganga undir próf í námsgrein eða greinum á skólaárinu.

27. gr.

Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans, ber honum að bæta þær að fullu. Þyki fullvíst að skemmdir hafi orðið af völdum nemenda skólans, og gangist enginn við þeim skulu nemendur skólans bæta tjónið sameiginlega.

28. gr.

Nemendur skulu sjá um herbergi sín og halda þeim hreinum. Þeir forðist háreysti í húsakynnum skólans. Nemendur hafa umsjón með höndum í skóla og heimavistum, eftir nánari ákvörðun skólastjóra og undir yfirumsjón hans. Skólastjóri og kennarar í umboði hans, hafa umsjón og eftirlit í skóla og heimavistum.

IV. KAFLI**Um aga og reglu.****29. gr.**

Agi í skólanum skal miða að því að friða starf hans og temja nemendum stjórnsemi, iðjusemi, hófsemd og þrúðmennsku. Kennarar og nemendur skulu leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

Sýni nemandi vanrækslu við störf og nám, veitir skólastjóri honum áminningu. Sé um alvarlegt brot að ræða eða ítrekað brot, fjallar skólaráð um málið og getur vikið nemanda úr skóla.

30. gr.

Nemendum er skylt að virða reglur annarra skóla á staðnum. Verði misbrestur á, áminnir skólastjóri nemanda, en sé um itrekað brot að ræða eða alvarlegt brot, fjallar skólaráð um það og getur vikið nemanda úr skóla.

31. gr.

Sé nemandi haldinn næmum smitandi sjúkdómi, er hættulegur getur talist, að dómi læknis, ber nemanda að hætta í skólanum. Sé nemandi haldinn skapbresti, sem gerir hann óhæfan í skólanum að dómi geðlæknis og kennara skal skólaráð víkja nemandanum úr skóla.

32. gr.

Í skóla og heimavistum er öllum óheimilt að hafa um hönd tóbak, fíkniefni og áfengi. Nemendum er óheimilt að nota tóbak og fíkniefni og neyta áfengra drykkja á starfstíma skólans. Verði nemandi uppvís að broti á ákvæðinu um bindindi á tóbak, fíkniefni eða áfengi fjallar skólaráð um málið og getur vikið nemanda úr skólanum.

33. gr.

Gerist nemandi brotlegur við almennt velsæmi og landslög getur skólaráð vikið nemanda úr skóla og meinað honum að ganga undir íþróttakennarapróf við skólann.

34. gr.

Óski nemandi, sem vikið hefur verið úr skóla, eftir að ganga undir íþróttakennarapróf utanskóla eða setjast í skóla á ný, þarf að sækja um það til skólaráðs, sem safnar gögnum og fjallar síðan um málið. Skólaráð metur umsóknina og ákveður hvort gefa skuli brottviknum nemanda tækifæri til að þreyta íþróttakennarapróf við skólann eða setjast í skólann á ný.

35. gr.

Væntanlegum nemendum skulu kynntar helstu reglur skólans, þar á meðal reglur um bindindi, jafnskjótt og þeim er veitt skólavist. Nemendur skulu samþykkja reglurnar og staðfesta með undirskrift, þiggi þeir skólavistina.

V. KAFLI**Stjórn og starfsmenn skólans.****36. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

37. gr.

Skólastjóra til aðstoðar við stjórn og rekstur skólans er skólaráð og skólanefnd.

38. gr.

Í skólaráði eiga sæti: skólastjóri, fastráðnir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda.

Skólastjóri er formaður skólaráðs og kveður skólaráð til fundar a. m. k. einu sinni í mánuði á starfstíma skólans eða oftar, ef þriðjungur skólaráðsmanna óskar þess.

Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár. Undir skólaráð heyra öll innri mál skólans, inntaka nemenda, rekstur skólans og stjórn. Þannig ræðir skólaráð aðbúnað skólans, húsakynni hans og tækjakost, fyrirkomulag kennslunnar og námsefni, framkvæmd prófa, árangur nemenda í náminu, framkomu þeirra og annað, það sem lög og reglugerð þessi felur því. Skólaráð getur falið skólastjóra eða ákveðnum hópi skólaráðsmanna sérstök verk skólaráðs. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra.

39. gr.

Í skólanefnd eiga sæti: íþróttafulltrúi ríkisins, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands, einn tilnefndur af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af nemendum skólans. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Íþróttafulltrúi ríkisins er formaður skólanefndar og kveður skólanefnd til funda eftir þörfum og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemanda eitt ár.

Undir skólanefnd heyra fyrst og fremst þau mál, er snerta starfsemi skólans út á við. Þannig fjallar skólanefnd um fiárhagslega afkomu skólans, aðbúnað hans í húsakynnum og íþróttamannvirkjum. Tengsl skólans við íþróttakennara og íþróttahreyfinguna, um ráðningu kennara og önnur málefni, sem skólanefnd eru sérstaklega falin í lögum og reglugerð þessari.

40. gr.

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri er skipaður af forseta Íslands en fastráðnir kennarar og aðrir fastráðnir starfsmenn skulu skipaðir af ráðherra, en áður skal leitað umsagnar skólaráðs og skólanefndar.

Til að vera skipaður kennari við skólann skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkendnum íþróttakennaraskóla að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

Lögð skal áhersla á, að ráða að skólanum kennara, sem hafa sérhæft sig til kennslu ákveðinna íþróttgreina.

41. gr.

Kennaralið skólans skal vera það fjölmennt, að skólinn geti annast þá kennslu íþróttakennaraefna, sem nauðsynleg er talin hverju sinni og lög mæla fyrir um og reglugerð gerir ráð fyrir. Að auki skal skólinn, með starfslíði sínu, annast alla íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum á Laugarvatni. Gert er ráð fyrir að í þeirri kennslu fái nemendur Íþróttakennaraskóla Íslands æfingakennslu sína undir handleiðslu viðkomandi kennara.

Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við menntamálaráðuneytið svo og annað lausráðið starfsfólk.

42. gr.

Að skólanum skal ráða starfsmann sem hefur umsjón með eignum skólans og sér um viðhald á þeim. Hann sér um hús skólans og íþróttamannvirki, böð og ræstingu húsa að vetrinum og íþróttavelli og lóðir skólans að sumrinu. Starfsmaðurinn tekur laun sín úr ríkissjóði.

Heimilt er að ráða að skólanum ráðskonu. Hún hefur umsjón með mötuneyti nemenda og tekur laun sín úr ríkissjóði.

43. gr.

Um launakjör starfsmanna skólans, skólastjóra, kennara og annarra, fer samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um kennsluskyldu kennara fer samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna en menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Laun námskeiðskennara skulu vera þau sömu og gilda um stundakennslu. Greiða skal þeim ferða- og dvalarkostnað samkvæmt gildandi reglum ríkisins.

44. gr.

Skólastjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytis, að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum og heimavistum. Fyrir slíka vinnu skal greitt samkvæmt gildandi kauptaxta. Ennfremur skulu kennarar, að fengnu samþykki ráðuneytis, sé þess óskað, starfa með nemendum utan kennslustunda við að undirbúa kennslu og annað nám eftir nánara samkomulagi kennara, nemenda og skólastjóra. Fyrir slík störf má greiða sérstaklega eða fækka kennslustundum kennara.

45. gr.

Eftir að kennari hefur starfað í 10 ár við skólann er menntamálaráðuneytinu heimilt að veita honum ársorlof á fullum launum til þess að auka þekkingu sína og kennarahæfni. Umsókn um orlof skal senda menntamálaráðuneytinu ásamt greinargerð um hvernig kennari hyggst verja orlofinu. Beiðni um orlof þarf að berast ráðuneytinu með árs fyrirvara. Þess skal gætt að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

46. gr.

Aðsetur skólans skal vera á Laugarvatni. Ýmsir þættir í starfi hans geta þó farið fram utan Laugarvatns. Má þar til nefna námskeið, æfingakennslu, kynnisferðir og ferðir til þess að fylgjast með íþróttaviðburðum.

Í fjárveitingu til skólans skal stefnt að því að skólinn taki þátt í ferðakostnaði nemenda, sem af slíkum ferðum leiðir. Nemendur greiða dvalarkostnað sinn, auk hluta ferðakostnaðar.

Á sama hátt geta námskeið fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur farið fram annars staðar en á Laugarvatni, eftir nánari ákvörðun skólastjóra og skólanefndar.

VII. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

47. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands, öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

1. gr.

Vatnsveita Bolungarvíkur er eign bæjarsjóðs Bolungarvíkur og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri bæjarsjóðs Bolungarvíkur með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Bolungarvíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Bolungarvíkurkaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Bolungarvíkur og í umboði hennar annast bæjarráð yfirumsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varðar. Bæjarstjórn skipar vatnsveitustjóra.

3. gr.

Vatnsveita Bolungarvíkur hefur einkarétt á sölu vatns í Bolungarvík og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umferð manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

6. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land sitt, landafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

7. gr.

Hver sá, sem á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsafnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði bæjarstjórnar.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðarmörkum.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðarmörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann allan kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús sé tengt sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upp-
hítuð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Húseiganda ber skylda til að ganga þannig frá tengistað á lóðarmörkum að unnt sé að loka fyrir ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókninni fylgi uppdráttur í tvíriti, og eigi í minni mælikvarða en 1:100. Uppdrátturinn skal gerður af hæfum manni, sem hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Áliti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Þegar uppdráttur hefur hlotið samþykki vatnsveitunnar, skal áritun þar um færð á bæði eintökin.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað.

10. gr.

Með samþykki uppdráttar og áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að leggja vatnsæðar samkvæmt honum, vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

11. gr.

Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa löggildingu bæjarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningarmeistari brýtur í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða reglna, settra samkvæmt henni, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

Sé skipt um pípulagningarmeistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

12. gr.

Eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa skal vera í höndum byggingafulltrúa.

Engar lagnir má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af byggingafulltrúa. Sé verk, að áliti hans, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllumum.

Eftirlit byggingafulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð pípulagningarmeistara, sbr. 11. gr.

13. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

14. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Bæjarráð getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn, og til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissan tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

15. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum eins og hann er ákveðinn í gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opið svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal innheimta af verksmiðjum, iðnaðarfyrirtækjum og öðrum atvinnufyrirtækjum svo og öðrum sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

16. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

17. gr.

Pegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 15. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er varðar eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi. Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli.

18. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

19. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætta á að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimil er öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinun á vatni í vatnsæð eða heimæð.

20. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur nr. 30 frá 23. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

1. gr.

Aftan við 64. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein 64. gr. A og hljóðar sú grein þannig:

Sild skal flokkuð í 1 gæðaflokk til manneldis.

1. flokkur. Vinnslusild, sem er fersk, með eðlilega lykt, útlit og blæ, og laus við átuskemmdir og aðra galla.

Úrgangssild. Sild, sem er með greinilega súr-, ýldu- eða slagvatnslykt, er slegin, kramin, marin, blóðsprungin með greinilegum átuskemmdum, sködduð eða gölluð á annan hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júní 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 314.

29. júní 1981.

AUGLÝSING

um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 1974, er hvers konar varsla og meðferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskildum: Oculoguttae cocaini 2% Ph. Nord. og Solutio cocaini 4% Ph. Nord., sem heimilt verður að nota í læknisfræðilegum tilgangi eftir lyfjaávisun læknis með sömu skilyrðum og áður hafa verið í gildi um afhendingu og eftirritun þessara lyfja.

Sjúkrahúsum er þó heimilt að nota s.n., „Bromptonmikstúru“, sem Lyfjaverslun ríkisins einni er heimilt að framleiða. Í einstökum tilvikum er notkun hennar heimil utan sjúkrahúsa, að fengnu leyfi ráðuneytisins.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 425/1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. janúar 1982 er framleiðsla eftirtalinna forskriftarlyfja og lyfja framleiddum skv. óstöðluðum forskriftum óheimil.

Syrupus diphenhydramini comp.

Tablettae acetylsalicylicae ent.obd.

Tablettae natrii fluoridi 0.55 mg DAK.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1982.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

30. júní 1981.

Nr. 316.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar nr. 145, 11. júní 1943.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknast út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstólinn á reikningi hans.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu vextir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

R E G L U G E R ð

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

6. gr., b-staflíður, III-tölulíður orðist svo:
Medazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 300 mg. (Dæmi: Nobrium 5 mg 60 hylki, 10 mg 30 hylki).

2. gr.

Eftirfarandi viðbóta verður við Viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Tetrachloroathylenum	Eur.	Ekki yfir 200 ml	
Trichloroathylerium	INN	Ekki yfir 100 ml	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

S A M P Y K K T

um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar-eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald, svonefnt A- gjald, til Kópavogskaupstaðar. Gjaldi þessu skal varið til greiðslu kostnaðar við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þær framkvæmdir sbr. 2. gr. laga nr. 51/1974.

2. gr.

Sem A- gjald, sbr. 1. gr., greiðist af hverjum rúmmetra húss ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

1. Einbýlishús allt að 600 m ³	9%
2. Sama umfram 600 m ³	12%
3. Raðhús og parhús	6%
4. Tvíbýlishús (þrívýlishús)	6%

5. Fjölbýlishús	4%
6. Iðnaðarhús í skálabyggingu á einni hæð allt að 2000 m ²	4%
7. Sama umfram 2000 m ²	3,5%
8. Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	5%
9. Allar byggingar á miðbæjarsvæði	10%
10. Bílgeymslur við hús samþ. fyrir 1. jan. 1978	3%
11. Gróðurskálar innangengir úr húsum	3%
12. Annað húsnæði	5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta íbúðarhæð undir þaki (ekki þortbyggt íbúðarris) skal aldrei teljast minni að rúmmáli (við útreikning gjalda) en flatarmál hennar margfaldað með 3.30 m.

Bílgeymslur og önnur útihús (úthýsi) skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af rúmmálsaukningu vegna endurbygginga þaka án aukinnar nýtingar húsnæðis, skal ekki greiða gatnagerðargjöld. Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá. Skilgreining húsa gerða skal miðast við skipulags-skilmála.

Nú ákveður bæjarstjórn að taka til byggðar nýtt hverfi gatna, er þá bæjarráði heimilt að ákveða að A-gjöld skuli lögð á miðað við meðalkostnað samkvæmt sérstakri kostnaðaráætlun fyrir það hverfi gatna. Gjöldin skulu lögð á hinar einstöku gerðir húsa í sömu hlutföllum og hér að framan greinir.

Bæjarráði er heimilt að ákveða við lóðarúthlutun endanlega fjárhæð A- gjalda á grundvelli áætlaðs hámarksrúmmáls í húsrými samkvæmt deiliskipulagi.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og byggir nýtt á sömu lóð, skal gjald skv. 2. gr. reiknað af rúmmetrum nýja hússins að frá-dregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlæggt er. Skal miða við rúmmetragjald nýja hússins. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslum samkv. 2. og 9. gr.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag sem teikning er samþykkt í bygginganefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjald-flokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

5. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram og skal greiða 75% þess innan eins mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar falla í gjalddaga, þegar byggingarleyfi er veitt, og skal greiða það eigi síðar en innan eins mánaðar frá gjalddaga. Séu greiðslur eigi inntar af hendi á réttum tíma, fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og skal bæjarráð þá úthluta lóðinni á ný.

Þegar byggt er á eignarlóð, áður veittri lóð eða eldra hús stækkað, skal greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfið er veitt. Þegar liðinn er mánuður frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti á sama hátt og hjá lánastofnunum.

Bæjarráði er heimilt að vikja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila. Skal þá greiða vexti í samræmi við form greiðslufrestsins.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi þ. e. sömu krónutölu ásamt almennum innlánsvöxtum á hverjum tíma. Heimilt er bæjarráði að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 6 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir, ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á úthlutunarskilmálum.

7. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma sem liður frá því 75% greiðslan skv. 5. gr. er innt af hendi og til þess dags, sem teikning er samþykkt, skal umreikna þá greiðslu í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefur orðið. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins innan þess tímafrests, sem úthlutunarskilmálar veita til þess að leggja fram teikningar til samþykktar í bygginganefnd.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar, skal reikna gjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur þá til frádráttar þ. e. sama krónutala ásamt almennum innlánsvöxtum á hverjum tíma.

8. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða sérstakt gjald, svonefnt B- gjald, til Kópavogs-kaupstaðar, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. B- gjald reiknast samkvæmt 9. gr. og má nema allt að áætlunum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir, sbr. 4. gr. laga nr. 51/1974.

9. gr.

Sem B- gjald sbr. 8. gr. greiðist af hverjum rúmmetra húss ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar, samkvæmt samþykktri teikningu, eins og hann er á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einhýlishús með eða án tvíhýlisaðstöðu	1,0%
Raðhús og tvíhýlishús	0,7%
Fjölbýlishús	0,5%
Atvinnuhúsnæði	0,7%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

Í nýjum byggðahverfum gilda ákvæði síðustu málsgreina 2. gr. um útreikning og álagningu B- gjalda.

10. gr.

B- gjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram, sbr. þó 12. grein. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í bygginganefnd.

11. gr.

Gjald samkvæmt 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Geri gjaldendur skil innan mánaðar frá gjalddaga er heimilt að greiða 66% gjaldsins með þrem jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, ef það er 3 500 kr. eða hærra. Sé gjaldið 2 500—3 500 kr. má skipta 58% þess í tvö ár, en heimilt er að greiða 40% þess eftir 1 ár, ef það er 1 500—2 500 kr. Skal lánið bundið lánskjaravísitölu og bera hæstu lögleyfða vexti. Ef ekki er gengið frá lánnum á réttum tíma, greiðast dráttarvextir á sama hátt og hjá lánastofnunum. Miðast tölur þessar við byggingarvísitölu 626 stig.

12. gr.

Heimilt er að leggja gjald skv. 1. og 8. gr. á samtímis við nýjar götur, ef lagt er á þær bundið slitlag, áður en lóðirnar eru afhentar. Gilda þá greiðsluskilmálar samkvæmt 5. gr., en 40% B- gjaldsins mega lóðarhafar þó greiða eftir 2 ár, ef ekki hefur verið gengið frá fyrirhuguðum gangstéttum. Veita skal frekari greiðslufrest ef gangstéttin er enn ekki frágengin. Lán þetta skal vera á skuldabréfi bundið lánskjaravísitölu til greiðsludags og bera hæstu lögleyfða vexti.

13. gr.

Bæjarstjóri, eða starfsmaður í umboði hans, leggur á gjald samkvæmt samþykkt þessari.

Bæjarráð sker úr ágreiningi, er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

14. gr.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og rýmri greiðslufrest, ef aðstæður eru með þeim hætti sem greinir í 5. og 27. grein laga nr. 8/1972, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 5, 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 130/1976.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Siglufirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar. A- gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt. Mega þessi gjöld nema allt að áætluðum meðal-kostnaði við þessar framkvæmdir sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 51/1974.

3. gr.

A- gjald, vegna nýbyggingar, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,5%
Raðhús og keðjuhús	1,8%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	1,5%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum eða fleiri	1,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnaði, opinberar byggingar	2,5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnaði, vörugeymslur	1,0%
Gripahús og önnur mannvirki	1,0%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir.

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, keðjuhús	400 m ³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m ³ hver íbúð

Fyrir hvern m³ umfram lágmarksstærð skal greiða 30% meira en að framan getur.

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkvæmt 3. gr., skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnaðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig, að húseign færirst í hærri gjaldflokk, þá skal

húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfið verið veitt og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

7. gr.

Byggingarfrestur er tólf mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Lóð er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

9. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A- gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum, að byggingar séu sérhæfðar eða afbrigðilegar um notkun.

10. gr.

B- gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, og skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3,5%
Parhús og keðjuhús	2,7%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	2,0%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum eða fleiri	1,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar	3,5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1,8%
Bifreiðageymslur	3,5%
Gripahús og önnur mannvirki	1,5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 3,00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar, samkvæmt skráningu fasteignamats.

11. gr.

Innheimta skal B- gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðastliðnum 5 árum.

12. gr.

Gatnagerðargjald, skv. 10. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

13. gr.

Hafi gangstéttargjald verið greitt af lóð, skal það gjald koma til frádráttar með álagi, samkvæmt breytingu á vísitölu, sem orðin er frá því að greitt var, enda hafi gjaldið verið ætlað til lagningar gangstéttar við viðkomandi götur.

14. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 10. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist, er lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar, 80%, skulu tryggðar með skuldabréfi, tryggðu með veði í viðkomandi fasteign, er greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 3 árum. Gjald dagar afborgana eru 1. febrúar og 1. júlí ár hvert. Lánskjör skulu vera hin sömu og á lánnum Byggðasjóðs, hverju sinni.

Lokagreiðsla samkvæmt 10. gr. skal ekki innheimt, fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldenda.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B- gjald af viðkomandi byggingu.

Bæjarráði er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gjöldum þessum.

15. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjaldkögum á B- gjaldi samkvæmt 10. gr. í eftirfarandi tilfellum:

- a. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B- gjald, sbr. 14. gr.
- b. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 279 28. júní 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Undir reglugerð þessa falla salt-, sykur- og kryddsíld, ediksöltuð síld svo og aðrar sérverkanir, þar sem salt er að meginhluta notað til þess að rotverja síldina.

II. KAFLI

Söltunarstöðvar.

2. gr.

Allar söltunarstöðvar, sem verka síld til útflutnings, skulu hafa sérstakt vinnsluleyfi frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða til tryggingar því að söltunarstöðvar fullnægi settum skilyrðum.

3. gr.

Lóð umhverfis síldarsöltunarstöð skal rykbundin og haldið hreinni, svo og næsta umhverfi.

4. gr.

Byggingar söltunarstöðva skulu vera snyrtilega frágengnar hið ytra.

5. gr.

Gólf skulu vera slétt, ósprungin, gerð úr steinsteypu eða öðru viðurkenndu efni. Á því skal vera nægjanlegur halli að niðurföllum.

Í niðurföllum skulu vera vatnslásar og ristar.

6. gr.

Veggir skulu vera sléttir, vatnspéttir og ljóslitaðir. Þeir skulu gerðir úr efnum, sem þola rækileg þrif.

7. gr.

Loft skulu vera ósprungin, gerð úr sléttu, ljósu efni, sem auðvelt er að þrifa og einangruð, sé þess þörf. Samskeyti skulu vera rykþétt.

8. gr.

Lýsing skal vera minnst 300 lux.

Ljósgræfi skal vera þannig frágenginn, að engin hættu sé á að glerbrot geti fallið niður á vinnusvæði.

9. gr.

Dyr, lúgur, opnanlegir gluggar eða önnur op skulu vera þannig frágengin, að loka megji þeim þétt.

10. gr.

Gluggar skulu vera þannig frágengnir, að hægt sé að verja hráefnið fyrir sól.

11. gr.

Í vinnslusölum skal lofthiti ekki vera lægri en 0° C.

Nægileg loftræsting skal vera í vinnslusölum.

12. gr.

Vatn til þrifa á áhöldum, húsnæði og afgisunar á tunnum, skal vera heilnæmt og nægilegt.

Þrýstingur á höfuðlögn skal ekki vera minni en 2 kg/cm².

13. gr.

Búningsherbergi fyrir starfsfólk skal vera til staðar og skal það þannig útbúið, að þrif séu auðveld.

14. gr.

Salernis- og handþvottabúnaður á söltunarstöðvum skal vera sem hér segir:

- a) Vatnssalerni með venjulegum búnaði.
- b) Gólfflötur salernisklefa ekki minni en 80x120 cm.
- c) 1 salernisskál fyrir 1—12 starfsmenn.
2 salernisskálur fyrir 13—24 starfsmenn.
3 salernisskálur fyrir 25—49 starfsmenn.
4 salernisskálur fyrir 50—100 starfsmenn.
Fyrir hverja 30 starfsmenn að auki sé 1 salernisskál.
- d) Séu einnig þvagskálur á salernum karla, má fækka um eina salernisskál á móti hverri þvagskál, eftir að starfsmenn eru orðnir fleiri en 24, en þó því aðeins að fjöldi salernisskála verði eigi minni en 2/3 af ofanskráðum fjölda í lið c.
- e) Salernin loftræst þannig að inniloft sé leitt út úr húsinu.
- f) Loftop og opnanlegir gluggar varðir með flugnaneti.
- g) Loft og veggir gerðir úr sléttu, ljósu efni, sem auðvelt er að þvo og gólf úr ógegn-dræpu efni.
- h) Skilrúm á milli salernisklefa og hurðir fyrir salernum hafðar minnst 30 cm. frá lofti og frá gólfi og engir þröskuldar hafðir í dyrageði.
- i) Hurðir látnar falla þétt að stöfum, engir hurðarhúnar að utanverðu en lokur að innan.
- j) Minnst eitt niðurfall með vatnslás í gólfi snyrtiherbergis. Halli að niðurfalli sé minnstur 1:100.
- k) Salernisklefar aðskildir vinnusölum með milliherbergi og þétt hurð með þröskuldi fram í vinnusal.
- l) Í milliherbergjum séu handþvottalaugar með nægilegu aðrennsli af heitu og köldu vatni.
- m) Ein handlaug fyrir hverja 10 starfsmenn eða 60 cm. bil fyrir hvern starfsmann á beinni handlaugarsamstæðu eða 40 cm. bil við hringlaga handlaugar með blönd-unarkrönum fyrir hvert bil.
- n) Sápulögur í viðurkenndum sápuskömmtum, pappírshandþurrkur eða loftþurrkarar.
- o) Ílát undir notaðar pappírshandþurrkur.
- p) Upphitun í snyrtiklefum.

15. gr.

Ílát og áhöld skulu vera úr skaðlausu, ógegn-dræpu eða ryðvörðu efni, þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau.

16. gr.

Flutningatæki skulu vera þannig gerð, að þau mengi ekki fiskinn eða skemmi á annan hátt og auðvelt sé að þrifa þau.

17. gr.

Færibönd skulu vera úr efni, sem auðvelt er að þrifa og ekki trosnuð eða sprungin.

Allar uppistöður, sem bera uppi færibönd, skulu vera málaðar eða úr ryðfríu efni.

18. gr.

Síldarkassar skulu vera úr ótæranlegu efni. Séu síldarkassar úr tré, skulu þeir málaðir með ljósri málningu, sem ekki veldur skemmdum á matvælum.

19. gr.

Slógrennur, eða annar búnaður jafn góður, skulu vera við síldarkassa, hausskurðar- og slógdráttarvélar, svo og þar sem úrskurður eða úrgengur fellur til og skal allur úrgangur fjarlægður jafnóðum.

20. gr.

Nægilegt og hentugt húsnæði til geymslu á salti, sykri, kryddi og helstu áhöldum, skal vera til staðar.

21. gr.

Nægilegt húsnæði skal vera til staðar fyrir uppsaltaðar og ótillslegnar tunnur. Lofthiti skal ekki vera lægri en 0° C.

22. gr.

Síldarsöltunarstöðvar, er salta að hausti eða vetri, skulu hafa nægilega stórt geymsluhúsnæði, er rúmar eins mánaðar framleiðslu. Í geymsluhúsnæði þessu skal vera hægt að halda + 8°C til + 10°C, hita án tillits til veðráttu. Tunnur skal geyma í geymsluhúsi á undirlögum, svo þær nemi ekki við gólf. Geymsluhús skulu vera vel loftræst.

23. gr.

Geymslusvæði utanhúss skal vera steyppt, malbikað eða malarborið, með niðurföllum eða góðu afrennsli.

Á geymslusvæði skulu vera undirlög undir tunnur.

24. gr.

Þækilkör og tilheyrandi leiðslur og búnaður skulu vera úr ógegndræpu, ótæranlegu efni og þannig frá þeim gengið, að engin óhreinindi safnist í þau.

25. gr.

Hausskurðar- og slógdráttarvélar og annar vélbúnaður skal vera aðskilinn frá öðru vinnusvæði. Einnig skal hráefnisgeymsla aðskilin frá öðru vinnusvæði.

III. KAFLI

Mat og eftirlit.

26. gr.

Öll saltverkuð síld, sem flutt er úr landi, skal metin af Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

27. gr.

Hjá hverri söltunarstöð skal vera eftirlitsmaður (söltunarstjóri), sem samþykktur er af Framleiðslueftirlitinu. Eftirlitsmaður skal hafa umsjón með síldarverkuninni frá því undirbúningur undir söltun hefst, þar til síldin er flutt úr landi.

Hann skal sjá um að ákvæðum reglugerða og sölusamninga sé framfylgt og framvísa sildinni til útflutningsmats.

Söltunarstjóri skal færa dagbók, er Framleiðslueftirlitið lætur í té. Sé um að ræða þær misfellur á starfi eftirlitsmanns, er álíta verður að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, getur Framleiðslueftirlitið hafnað honum til þessa starfs.

28. gr.

Sé sild söltuð að hausti eða vetri, þá skulu tunnurnar fluttar í geymsluhús að lokinni söltun, þar sem haldið er $+ 8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$ hitastigi, sbr. 22. gr. Eftir 20. september verður að flytja allar sildartunnur strax að loknum tilslætti í slíka geymslu og geyma þær þar, þar til síldin er verkuð, eða í a. m. k. 4 vikur.

29. gr.

Sildarverkandi og/eða útflytjandi skal með nægilegum fyrirvara tilkynna Framleiðslueftirliti sjávarafurða skriflega, þegar meta skal síld til útflutnings. Skal þar tilgreina tunnufjölda úr hverri söltun eða dagsetningu og um hvaða tegundir er að ræða.

Matið skal framkvæma sem næst útskipun sildarinnar.

Dragist útflutningur sildarinnar lengi, eftir að mat hefur farið fram, getur Framleiðslueftirlitið ákveðið að endurmat skuli fara fram á viðkomandi síld.

30. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlitsins skulu koma af og til á söltunarstöðvarnar meðan söltun og verkun sildarinnar stendur yfir til eftirlits með framleiðslu, búnaði og verkun. Jafnframt skulu þeir veita leiðbeiningar þar að lútandi. Þeir skulu hafa greiðan aðgang að söltunarstöðvunum og skal veita þeim umbeðnar upplýsingar og nauðsynlega aðstoð við störf.

31. gr.

Þegar mat fer fram, skal síldin vera gegnsöltuð og verkuð í góðum og hreinum tunnnum. Tunnurnar skulu merktar eins og við á, en eftirfarandi skal koma fram:

1. Að varan sé framleidd á Íslandi.
2. Söltunartegund.
3. Söltunardagur og ár.
4. Stykkjatal.
5. Þungi.
6. Merki framleiðenda.
7. Merki útflytjenda.

Síld, sem lögð er fram til mats, skal vera aðskilin frá annarri síld, og þannig raðað, að matsmaður komist hindrunarlaust að hvaða tunnu sem er.

Raða skal hverri söltun sér.

Séð skal um, að matsmaður geti óhindraður framkvæmt störf sín. Veita skal matsmanni nauðsynlega aðstoð við framkvæmd mats.

32. gr.

Við mat skal einkum leggja áherslu á:

Að varan sé fersksöltuð og óskemmd, gegnsöltuð og vel verkuð, með útlit fyrir að vera góð neysluvara til mannelis og að hafa eðlilegt geymsluþol, að innihald tunna, þungi og þéttpökkun sé í samræmi við fyrirmæli, og að síldin uppfylli ákvæði sölusamninga, að tunnur séu þækilfullar og í alla staði vel hæfar til flutnings.

Séu fyrir hendi samningar um sölu á síld, sem ekki þarf að vera gegnsöltuð og fullverkuð, né hafa náð fullri vigt við mat og útflutning, skal síldin að öðru leyti metin eftir sömu gæðakröfum og önnur síld, eftir því sem mögulegt er, miðað við ástand síldarinnar, þegar hún er metin. Þó skal aldrei meta síld fyrr en 14 sólarhringar eru liðnir frá söltun.

33. gr.

Við mat á hinum ýmsu síldartegundum skulu matsmenn m. a. gæta eftirfarandi atriða:

1. Heilsöltuð-, kverkuð-, hausskorin og slógdregin-, hreinsuð síld (split):

Síldin skal vera vel verkuð, snyrtilega hreinsuð og unnin, raðað eða sléttlögð (plattað) í tunnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað upp úr salti og verkunarefnum, ekki átutærð, kviðgölluð eða kviðlin, roðtærð eða samlímd, og hæfilega söltuð.

Hraðsöltuð síld skal vera með minnst 24° Be þækli. Ekki skal vera áberandi magn af óbráðnu salti í tunnunum.

Léttsaltaða síld með 18—20° Be þækli skal merkja á efri botn tunnu: Létt-söltuð (Mild cure) eða öðrum orðum, er tákna það sama.

Óheimilt er að gefa síld með veikari þækli en 18° Be matsvottorð.

Séu notuð verkunarefni með saltinu s. s. krydd, sykur o. s. frv., skal nota blöndu af salti og tilheyrandi verkunarefnum og skulu þau vandlega blönduð saltinu.

2. Síldarflök:

Séu flök skorin úr ferskri síld, skal hún vera heilbrigð og óskemmd. Flök úr ferskri síld skulu merkt á efri botn FERSK SKORIN (FRESH CUT) eða öðrum nöfnum, er tákna það sama.

Séu flök skorin úr verkaðri síld, skal matsmaður skoða síldina, áður en flökun hefst, og ganga úr skugga um að síldin sé hæf í umrædda framleiðslu. Flök skulu vera fersk og vel verkuð, snyrtilega niðurlögð og hæfilega söltuð. Um harð- og létt-söltuð flök og lágmarkspækilsstyrkleika gildir sama og í lið 1.

Séu notuð verkunarefni með saltinu s. s. krydd, sykur, ediksýra o. s. frv. skal nota blöndu af salti og tilheyrandi verkunarefnum og skulu þau vandlega blönduð saltinu.

34. gr.

Óheimilt er að eftirverka síld án samþykkis Framleiðslueftirlitsins og skal væntanlegum kaupanda gerð grein fyrir slíkri verkun. Með eftirverkaðri síld er átt við síld, sem reynt er að breyta í aðra verkun en upphaflega. Það magn af salti og verkunarefnum, sem talið er hæfilegt í tilheyrandi verkun, skal sett í síldina þegar við söltun, nema sölusamningar heimili annað.

Sé síld umpökkuð, skal það gert í samráði við Framleiðslueftirlitið. Ef Framleiðslueftirlitið telur ástæðu til vegna útlitsbreytinga á síldinni skal merkja umpakkaða síld með orðinu UMPÖKKUÐ (REPACKED) eða öðrum orðum er tákna það sama.

35. gr.

Við mat á óumpakkaðri síld skal opna og skoða minnst 15%, þó aldrei minna en 3 tunnur. Annars skal opna og skoða í svo margar tunnur, sem matsmanni þykir þurfa. Ýmist skal opna efri eða neðri botn. Sé þungi í hverri tunnu tiltekinn, skal vega minnst 5% af síldinni. Vigtun skal haga þannig, að öruggt sé að lágmarkþungi sé fyrir hendi. Um leið og vegið er, skulu matsmenn sannreyna gæði síldarinnar, eins og þeim þykir nauðsynlegt í hinum vegnu tunnnum.

Við mat á sildarflökum skal opna og skoða minnst 10%, en þó aldrei minna en 3 tunnur. Stykkjatal skal ákvarða með því að telja, hve mörg flök fara í hver 10 kg. Til að ákvarða vigt í tunnum skal vega minnst 3% af flökunum.

Ef sild er umpökkuð, eða flök skorin úr verkaðri sild undir eftirliti matsmanns, skal vega hverja tunnu.

Sild skal vega hreina og vel afsigna í íláti, þar sem þækill getur hripað fljótt út um botn og hliðar.

Yfirvigt á sild í heiltunnum skal vera 2 kg. og 1 kg. á sild í hálf-tunnum vegna þækils, sem eftir er á sildinni.

Fangamark matsmanns setjist á hverja tunnu, sem vegin er, og skal það sett efst á neðri botn.

36. gr.

Óheimilt er að opna metnar tunnur eða flytja þær úr stað, nema að fengnu leyfi Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Ef fyrirmælum Framleiðslueftirlitsins um geymslu og hirðingu metinnar sildar hefur ekki verið fylgt, þá skal ekki gefa matsvottorð á þá sild, nema metið sé á ný eða Framleiðslueftirlitið hafi fullvissað sig um, að hinar metnu tunnur séu í sama ástandi og þegar mat fór fram.

Hafi fyrirmælum Framleiðslueftirlitsins ekki verið fylgt, getur Framleiðslueftirlitið, ef ástæða þykir til, afmáð matsmerki, sem sett voru á tunnurnar við framkvæmd matsins.

37. gr.

Þegar að loknu mati og merkingu á hverri stöð, skal matsmaður afhenda eiganda og Sildarútsvegsnefnd staðfestingu á því að mat hafi farið fram. Sé sild hafnað gerir matsmaður söltunarstjóra og Sildarútsvegsnefnd skriflega grein fyrir ástæðum þess.

Framleiðslueftirlitið undirritar matsvottorð um þá sild, sem uppfyllir gerðar kröfur. Í vottorðinu skal tilgreina eftirfarandi: Vörumerki saltenda, vörutegund, tunnufjölda, söltunarnúmer og dagsetningu, þyngd innihalds, stykkjatal og annað er máli skiptir um ásigkomulag vörunnar.

Matsvottorð skal undirrita, þegar útskipun er lokið.

38. gr.

Allar sildartunnur, sem standast gæðakröfur, og eru samþykktar til útflutnings, skulu merktar með þar til gerðu merki Framleiðslueftirlitsins.

Sé leyfður útflutningur á saltverkaðri sild, sem ekki að fullu uppfyllir gæðakröfur, þá skal tilgreina í matsvottorði galla þeirrar vöru og að hve miklum hluta varan er gölluð, enda sé ekki um skemmda vöru að ræða. Með skemmdri sild er meðal annars átt við: þráa sild, súra, „sæta“, rifna og roðlausa.

39. gr.

Útflutningur á saltverkaðri sild skal tilkynna Framleiðslueftirliti sjávarafurða með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningstæki fram undir umsjón starfsmanna Framleiðslueftirlitsins.

Útflytjendur skulu hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleirri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlýta fyrirmælum Framleiðslueftirlitsins um hleðslu vörunnar í skip að því er varðar útlit og merkingu vörunnar.

Tunnur skulu vera hreinar, þær greinilega merktar og þækilfulltar.

Ekki er leyfilegt að hlaða heiltunnum hærra en 8 hæðir og hálf-tunnum í 10 hæðir. 5 neðstu tunnuraðir af heiltunnum séu botnréttar, en 7 af hálf-tunnum. Framleiðslu-
eftirlitið getur þó í undantekningartilvikum heimilað hleðslu heiltunna í 9 hæðir.

Í neðstu tveim lögum skulu tappar snúa upp.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Framleiðslueftirlitinu er heimilt að innheimta hjá sildareigendum kostnað fyrir rannsóknir vegna mats og eftirlits. Ennfremur er heimilt að innheimta kostnað vegna mats og eftirlitsstarfa samkvæmt gjaldskrá eða reglum, sem samþykktar verða af sjávarútvegsráðuneytinu.

41. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar verða refsingu samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

42. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 30. ágúst 1954, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsildar ásamt síðari breytingu á henni nr. 87 21. maí 1957.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 258 26. júlí 1977, sbr. reglugerð nr. 426
1. desember 1977, um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

2. mgr. 6. greinar orðist svo:

Eftirstöðvarnar skulu bundnar lánskjaravísitölu til greiðsludags og bera hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júlí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	kr. 5 555.00	
Vextir	— 2 470.00	
		kr. 8 025.00

Sjóður til næsta árs:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704		kr. 8 025.00
---------------------------------------	--	---------------------

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.***Hallgrímur Dalberg.**Lára Hafliðadóttir.

Nr. 323.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Innritunarskírteini	kr. 200	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	— 473	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521690	— 6 960	
		kr. 7 633

Vextir:

Af Innritunarskírteini	kr. 665	
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 159	
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 3 025	
		kr. 3 849
		kr. 11 482

Sjóður til næsta árs:

Innritunarskírteini	kr. 200	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	— 489	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521690	— 10 793	
		kr. 11 482
		kr. 11 482

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.***Hallgrímur Dalberg.**Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar
og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:			
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	kr.	67 682.00
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	36 800.00
			<hr/>
		kr.	104 482.00
Vextir:			
Af Útvegsbankainnstæðu	kr.	32 924.00
Af Skuldabréfi	—	6 416.00
Afborgun af skuldabréfi	—	3 300.00
			<hr/>
		kr.	42 640.00
			<hr/>
		kr.	147 122.00
Sjóður til næsta árs:			
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	kr.	110 322.00
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	36 800.00
			<hr/>
		kr.	147 122.00
			<hr/>
		kr.	147 122.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 325.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr.	677.00
Vextir	—	244.00
			<hr/>
		kr.	921.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur
og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	858.00
Vextir	—	310.00
		<hr/>
	kr.	1 168.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 327.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	582.00
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	—	656.00
		<hr/>
	kr.	1 238.00

Vextir:

Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	195.00
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	270.00
		<hr/>
	kr.	465.00

kr. 1 703.00

Gjöld:

Styrkur til Grímseyinga	kr.	136.00
-------------------------------	-----	--------

Sjóður til næsta árs:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	592.00
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	—	975.00
		<hr/>
	kr.	1 567.00

kr. 1 703.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr. 3 739.00
Vextir	— 1 253.00
	<hr/>
	kr. 4 992.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 329.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr. 311.00
Vextir	— 108.00
	<hr/>
	kr. 419.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 330.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X
og Alexandrine drottningar, árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 3 262.00
Vextir	— 1 093.00
	<hr/>
	kr. 4 355.00

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun bók í Landsbanka	kr. 4.00
Vextir	— 1.00
	<hr/>
	kr. 5.00

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.***Hallgrímur Dalberg.***Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 332.

REIKNINGUR

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius fyrir árið 1980.

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 250.00
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	— 1 987.00
	<hr/>
	kr. 2 237.00
Vextir:	
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 84.00
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 876.00
	<hr/>
	kr. 960.00
	<hr/>
	kr. 3 197.00
Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 259.00
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	— 2 938.00
	<hr/>
	kr. 3 197.00
	<hr/>
	kr. 3 197.00

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1981.***Hallgrímur Dalberg.***Lára Hafliðadóttir.*

REGLUR

Styrktarsjóðs póstmanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður póstmanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er eign Póstmannafélags Íslands.

2. gr.

Styrkhæfir eru þeir, sem eru félagar í Póstmannafélagi Íslands og hafa póststörf að aðalstarfi minnst 50% hjá Póst- og símamálastofnuninni. Auk þess þeir starfsmenn pósthjónustunnar, sem eru í fullu starfi, en stöðu sinnar vegna geta ekki verið í Póstmannafélagi Íslands, enda greiði þeir aukatillag til sjóðsins. Ennfremur eru styrkhæfir póstmenn, sem lát'ð hafa af störfum vegna aldurs eða veikinda, sbr. 3. grein, enda fullnægi þeir ákvæðum 3. greinar að öðru leyti.

3. gr.

- a) Hlutverk sjóðsins er að styrkja póstmenn, sem styrkhæfir eru skv. 2. grein og starfað hafa samfleytt í fimm ár hjá Póst- og símamálastofnuninni, ef þeir verða fyrir stóráföllum svo sem vegna veikinda, andláts, eldsvoða, jarðskjálfta eða annarra slíkra ófara. Einnig ef fjölskyldur þeirra verða fyrir slíkum áföllum. Með fjölskyldu er átt við maka, hvort sem búð er í vígðri sambúð eða óvígðri, og börn bæði kynbörn og kjörbörn, svo og fósturbörn. Ef um óvígða sambúð er að ræða skal hún hafa staðið minnst í tvö ár. Giftist eftirlifandi eða tekur upp sambúð fellur styrkurinn niður.
- b) Ennfremur er það hlutverk sjóðsins að minnast með framlögum merkra tíma- móta í starfi og ævi þeirra póstmanna, sem starfað hafa hjá þjónustunni um árabíl.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a) Stofnframlag frá Póstmannafélagi Íslands.
- b) Stofnframlag frá Póstmannasjóði.
- c) Árlegt framlag frá Póstmannafélagi Íslands.
- d) Árlegt framlag frá Póstmannasjóði.
- e) Vextir af innistæðum.
- f) Gjafir, áheit, minningarkort og þess háttar.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er krónur 100 000,00. Hann má ekki skerða. Helmingur af árlegum vöxtum höfuðstóls skal leggjast við hann. Af höfuðstól skal aldrei vera minna en krónur 30 000,00 á bundnum bankareikningi.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu stjórnar Styrktarsjóðs póstmanna er sér um ávöxtun hans og úthlutun. Sjóðurinn skal ávaxtast með þessum hætti:

- a) í ríkisbönkum.
- b) í Fasteignalánasjóði póstmanna.
- c) í ríkistryggðum visitöluskuldabréfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og eru þeir tilnefndir skriflega til fimm ára í senn.

Stjórn Póstmannafélags Íslands tilnefnir þrjá menn, þar af einn utan Reykjavíkur, í fyrsta skipti þó einn til þriggja ára. Póstmannasjóður tilnefnir tvo menn, í fyrsta skipti þó einn til þriggja ára.

Varamenn séu skipaðir með sama hætti, einn frá hvorum aðila og eru þeir skipaðir til fimm ára í senn.

Stjórn Póstmannafélags Íslands tilnefnir formann, en stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Endurskoðendur skulu vera tveir og tveir til vara. Annar skipaður af stjórn Póstmannafélags Íslands svo og varamaður hans. Hinn kjörinn endurskoðandi Póstmannasjóðs og varamaður hans.

Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur og ákveður upphæð styrkja og framlaga. Hún gerir árlega reikninga yfir tekjur sjóðsins og gjöld.

Reikningsárið er almanaksárið.

Stjórnin skal leggja reikningana fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðendur verða að hafa lokið endurskoðun eigi síðar en 1. mars ár hvert, og senda þá þegar í stað til stjórnarinnar með áritun sinni og athugasemdum.

Stjórnin sendir síðan án tafar reikningana til stjórnar Póstmannafélags Íslands og afrit til stjórnar Póstmannasjóðs. Póstmannafélag Íslands leggur reikningana fram á aðalfundi félagsins.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING**um umferð í Keflavík.**

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að leyfður hámarks hraði ökutækja í Keflavíkurkaupstað skuli vera 50 km m.v.klst., sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaganna.

Regla þessi tekur þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi allar eldri reglur um þetta efni.

Lögreglustjórnin í Keflavík, 5. júní 1981.

Jón Eysteinnsson.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 900 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema meiru en 200 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 200 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 600 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 900 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 200 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað, þ. á m. matvæli og aðrar vistir, að því tilskildu að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum:

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
1. Ferðamenn	1,0 l af áfengi og 1,0 l af víni undir 21%.	200 stk. vindl- ingar eða 250 g af öðru tóbaki.	Ekkert.
	eða		
	1,0 l af áfengi eða 1,0 l af víni undir 21%.	200 stk. vindl- ingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl.
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vél- stjóra og bryta svo og matsvein- um sem koma í stað bryta á far- þega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	2×0,75 l	400 stk. vindl- ingar eða 500 g af öðru tóbaki.	48 fl. af öli eða 3,0 l af víni undir 21%.

	Áfengi, 47%	þó ekki yfir styrkleika	Tóbak	Öl og vín
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	0,75 l		200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	24 fl. af öli eða 1,5 l af víni undir 21%.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir) á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útivist en 20 daga	1,0 l		200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 1,0 l af víni undir 21%.
5. Flugáhafnir aðrar (þar með taldar aukaáhafnir)	0,375 l		100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli eða 0,75 l af víni undir 21%.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0,5 l.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hérlandis samfleytt í 7 daga er tollýfirvaldi heimilt að heiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvisun nafnskirteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. og geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Lifandi spendýr og fuglar.
5. Hrátt kjötmeti.
6. Egg og smjör.

Tollvilknanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollvilkunnar skv. 1. og 2. gr. oftast en einu sinni á sama sólarhringnum.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollvilkunnar hvers ferðamanns samkvæmt 1. mgr. 1. gr. Tollvilkun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollvirkvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, áttthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhvirndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollvirkvaldi bykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

6. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og

ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	1,0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 40
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar	— 50
3. Íslenskar áfengistegundir	— 160
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 200
B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	kr. 90 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	— 115 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	— 13 pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 60 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	— 80 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 6. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Enn fremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

8. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 6. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

9. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toll-
eftirlit með áorðnum breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollaftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi númer reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 og reglugerðir nr. 578 25. nóvember 1980 og nr. 124 27. febrúar 1981 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1981.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um þorskveiðibann frá 26. júlí til 4. ágúst 1981.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 26. júlí til og með 4. ágúst 1981 eru skipum öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerðum nr. 632 18. desember 1980 og nr. 79 3. febrúar 1981, bannaðar allar þorskveiðar.

Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 12 brúttórúmllestir og minni og stunda línu- og handfæraveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum, verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á því tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júlí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gyðu Mariasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1981.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gyðu Mariasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Gyðu Mariasdóttur. Sjóðurinn er eign Húsmæðraskólans Ósk á Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gyðu Mariasdóttur, forstöðukonu Húsmæðraskólans Ósk, sem andaðist 7. júlí 1936.

Stofnfé sjóðsins er framlag frá námsmeyjum Húsmæðraskólans frá árinu 1932 og annara velunnara skólans á 50 ára afmæli hans 1962.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk eða viðurkenningu til framhaldsnáms í heimilisfræðum.

Styrkur þessi er einkum ætlaður Vestfirðingum.

Æskilegt er að umsækjandi hafi stundað nám við Húsmæðraskólann Ósk, eða kennt við skólann.

Ekki skal veita fleiri en tvo styrki á ári.

Ekki er skylt að veita styrk árlega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn svo sem hér segir: Formaður skólanefndar Húsmæðraskólans Ósk, sem er jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Skólastjóri Húsmæðraskólans Ósk og útibústjóri Landsbanka Íslands á Ísafirði.

Skal útibústjórinn hafa með höndum fjárgæslu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Skal í gerðabók færa skipulagsskrá þessa, niðurstöðutölur ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ. á m. ákvarðanir um viðurkenningu og úthlutun styrkja.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans, gjafir og áheit svo og tekjur samkv. erfðaskrá Jóns G. Mariassonar fyrrum bankastjóra, dags. 21. sept. 1965, með viðaukum 14. ágúst 1967 og 31. júlí 1968. Ennfremur fé, sem fæst fyrir sölu á verðbréfum, sem sjóðurinn á eða kann að eignast.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun sjóðsins á sem tryggastan og hagkvæmasta hátt, svo sem í visitölutryggðum skuldabréfum ríkissjóðs eða sveitarfélags.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbankans á Ísafirði.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans birtir sjóðstjórn og skólanefnd húsmæðraskólans fyrir 31. jan. ár hvert.

7. gr.

Styrk eða viðurkenningu úr sjóðnum skal ekki veita fyrr en höfuðstóll hans hefur náð 500 þús. krónum og þá ekki hærri fjárhæð en nemur 75% af vaxtatekjum.

Eftir að höfuðstóll sjóðsins hefur náð 1 millj. kr. er heimilt að verja öllum árs vaxtatekjum hans til styrks eða viðurkenningar, ef ástæða þykir til.

Styrk eða viðurkenningu skal veita á fæðingardegi Gyðu Maríasdóttur 17. júní. Þó skal úthlutun fara fram úr sjóðnum 24. sept. 1998, en þá eru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns G. Maríassonar, fyrrum bankastjóra, en frá honum er kominn meginhluti höfuðstóls sjóðsins eins og hann er í dag.

Sjóðstjórn skal auglýsa eftir umsækjendum um styrk úr sjóðnum í blaði eða blöðum, sem gefin eru út á Ísafirði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki skólanefndar Húsmæðraskólans Ósk og sjóðstjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

13. febrúar 1981.

Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnavetninga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. febrúar 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnavetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfara- og menningarsjóður Húnavetninga. Heimili hans og starfssvið skal vera innan Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigurlaugu Guðlaugsdóttur og Guðmundi Jónassyni, búendum að Ási í Vatnsdal, til minningar um foreldra þeirra, en þau voru: Arnbjörg Þorsteinsdóttir og Guðlaugur Guðmundsson á Sæunnarstöðum í Hallárdal, og Jóhanna Jóhannsdóttir og Jónas Jóhannsson á Litla-Búrfelli, Svínavatnshreppi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag þeirra Áshjóna, krónur 2 millj. — tvær milljónir króna —.

4. gr.

Sjóðurinn veitir minningargjöfum viðtöku, svo og öðrum gjöfum, sem leggjast við höfuðstól. Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kaupfélags Húnvetninga og ávaxtaður hjá samvinnufélagunum í Austur-Húnavatnssýslu eða útibúi Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar hverskonar framfara og menningarmálum innan Austur-Húnavatnssýslu, einnig líknarmála, svo sem fjárstuðning við fötluð börn, þar sem opinberir styrkir ekki nægja. Allt eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni. Byrjunarverkefni sjóðsins skal vera, að styrkja áframhald útgáfu ritverksins „Húnaping“. Aldrei má úthluta meiru árlega en vöxtum af sjóðnum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formenn eftirtalinna félagasamtaka: Kaupfélag Húnvetninga, Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga og Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

geymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 400 m³ kr. 5 090.00.

Hús 400—2000 m³ kr. 5 090.00 fyrir 400 m³ og kr. 4.40 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 11 860.00 fyrir 2000 m³ og kr. 3.50 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 673.00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 50.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460

1. nóvember 1979.

4. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

a. Samkvæmt magnhemli kr. 170.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 5.90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Í 7. gr. breytast eftirtaldar stærðir:

a liður:

Fa verður 7 026.00.

Ba verður 7.30/m³.

b liður:

Fb verður 8 800.00.

Bb verður 10.30/m³.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 sbr. auglýsingu nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 370.

20. júní 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0.17 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 2.20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 11.33.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	kr. 70.80
b) fyrir mæla 1"—2"	— 141.60
c) fyrir mæla stærri en 2"	— 283.20

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 39.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 300 m ³	8 010.00 kr.
300 — 2 000 m ³	8 010.00 — fyrir 300 m ³ + 8.73 kr/m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000 m ³	22 844.00 — fyrir 2 000 m ³ + 7.16 kr/m ³ þar yfir
6 000 — 10 000 m ³	51 497.00 — fyrir 6 000 m ³ + 6.38 kr/m ³ þar yfir.
Yfir 10 000 m ³	77 024.00 — fyrir 10 000 m ³ + 5.37 kr/m ³ þar yfir.

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun

og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni fyrir 1. september 1981 skal greiða, gjald samkvæmt a) að viðbættu 30% álagi.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 042.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 130.00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 682 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1 eða samsvarandi taxa, en hann er nú 23.22 kr/kWh auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 8.35 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0.18 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leiðir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

a. fyrir mæla allt að ¾"	kr. 55.00
b. fyrir mæla allt að 2"	— 110.00
c. fyrir mæla allt að 3"	— 220.00
d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.		

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m³

Heimæðagjald

Allt að 400	kr. 9 260.00.	
400 — 2 000	— 9 260.00 fyrir	400 m ³ + 7.40 kr/m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000	— 21 100.00 fyrir	2 000 m ³ + 6.30 kr/m ³ þar yfir.
6 000 — 10 000	— 46 300.00 fyrir	6 000 m ³ + 5.55 kr/m ³ þar yfir.
meira en 10 000	— 68 500.00 fyrir	10 000 m ³ + 4.80 kr/m ³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að ¾"	kr. 1 360.00
b. fyrir mæli allt að 1½"	— 2 720.00
c. fyrir mæli allt að 3"	— 5 440.00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 675 stig.

13. gr. 3. málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 110.00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.

- a) Garðyrkjustöðvar kr. 10.20 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 50.00 á mánuði af hverjum rúmmetra.
- b) Íbúðarhús kr. 56.95 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- c) Iðnaðarhús kr. 28.50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- d) Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 10.20 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 0.63 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 0.38 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
- e) Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

2. Hemlagjöld.

- a) Fyrir hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 40.50 á mánuði.
 - b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 72.00 á mánuði.
 - c) Fyrir hemla 3" og stærri kr. 129.00 á mánuði.
3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfelld.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. kr. 7 200.00 og kr. 5.40 af hverjum rúmm. þar fram yfir. Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 9 250.00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennsilshemil umfram einn á sama inntaki er kr. 480,00.

9. gr. orðist þannig:

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 150.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

B 71

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Selfoss.****I Heitt vatn.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 2.70 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 738.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði, 0,5 l/mín. fyrir hverja 100m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 342.00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" — 478.00

III Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 6 930.00.

400 til 2000 m³, kr. 6 930.00 af 400 m³ + kr. 5.80 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 16 210.00 + kr. 4.73 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 1 190.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 70.00.

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 79.70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 31.60 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 18.60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 53.10 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 7 539.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 7 539.00 fyrir 300 m³ og kr. 5.60 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 17 119.00 fyrir 2000 m³ og kr. 4.70 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 759.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 682 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

2. júlí 1981.

Nr. 375.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

a. Samkvæmt magnhemli kr. 227.60 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 11.40 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða

veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gald. Heimæðagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 8\,062.00 + 8.80 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 12\,106 + 13.15 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvisun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 162.50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|-----------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 29.50 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | — 59.15 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 118.10 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³	kr. 9 395.00.
400 — 2 000 m ³	— 9 395.00 + kr. 7.50 pr. m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000 m ³	— 21 427.00 + — 6.45 pr. m ³ þar yfir.
6 000 — 10 000 m ³	— 47 147.00 + — 5.60 pr. m ³ þar yfir.
Meira en 10 000 m ³	— 69 587.00 + — 4.90 pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 131.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 59.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 72.6 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.
 2.2 3 433.80 kr/kWh á uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 67.2 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 72.6 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.

- 4.2 13.5 aurar/kWh og 697.10 kr/kWa samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.
- 4.3 108.9 aurar/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 27.3 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 39.0 aurar/kWh til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 3 900.00 kr/a.
- 5.2 14.4 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 20.4 aurar/kWh til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.
- 5.3 7.6 aurar/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 10.6 aurar/kWh til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	45.00 kr.
Orkumælir, þrífasa	180.40 —
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	304.00 —
Aflmælir	293.20 —
Aflmælir með straumspennum	426.10 —
Tvígjaldsorkumælir	293.20 —
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	462.10 —
Móttökuliði, einpóla	202.70 —
Móttökuliði, þrípóla	293.20 —

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1, 4.1 og 4.3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtaugagjöld.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

7.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld
63 A 1-fasa	3 810.00
63 A 3-fasa	4 130.00
100 A 3-fasa	6 540.00
200 A 3-fasa	13 080.00
315 A 3-fasa	20 600.00
400 A 3-fasa	26 150.00
710 A 3-fasa	46 420.00
1200 A 3-fasa	78 440.00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

7.4 Bráðabirgðaheimtaumar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaumar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
			kr/m	kr/stólpa
63 A	1-fasa	737.00	110.00	1 390.00
63 A	3-fasa	1 037.00	110.00	1 614.00
100 A	3-fasa	1 099.00	143.00	1 852.00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingi-skáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 7.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 7.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrar-gjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 53.00 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt affengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 99.00 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 99.00 kr. fyrir að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 225 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitna Reykjavíkur nr. 204, 26. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1 Kr. 1.368 hver kWst. til lýsingar.
 A—2 Kr. 0.771 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 393.50 á ári fyrir 25 m² gólfhlöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 11.68 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—2 Kr. 0.706 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 1.000 hver kWst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 483.01 hvert kW, og kr. 0.248 hver kWst.
 C—3 Kr. 0.830 hver kWst. ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
 C—4 Sérstaxti Gefjunar, kr. 0.107/0.097 hver kWst. og kr. 884.82 hvert kW.
 C—5 Kr. 1.532 hver kWst. til nýbygginga.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 0.163 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
 D—2 Kr. 0.112 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
 D—3 Sérstaxti til upphitunar kr. 0.141 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmögu-leiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 0.379 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
 E—2 Kr. 0.492 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
 E—3 Kr. 0.240 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
 F—1 Sérstaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0.261 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu garðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverja og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	42.90	53.07	57.60		
3-fasa kWst.-mælar	86.10	111.65	144.00	239.50	526.20
Tvígj.- og mestastr.-mælar		144.00	239.50	385.20	722.00
Stýrikerfisliðar		178.40			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald Loftlína kr./stólpi
	Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	
25 A 1-fasa	932.00	510.00	—	Innif.	840.00
25 A 3-fasa	1 392.00	700.00	—	—	1 185.00
63 A 1-fasa	3 395.00	700.00	Innif.	—	1 210.00
63 A 3-fasa	3 715.00	800.00	—	—	1 335.00
110 A 3-fasa	4 635.00	900.00	—	—	1 660.00
200 A 3-fasa	2 760.00	—	200.00	—	—
315 A 3-fasa	8 120.00	—	270.00	—	—
300 kVA 3-fasa	21 450.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	33 800.00	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	53 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina

nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 115.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 115.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 205 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 82.0 au/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 1.02 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald 73.3 au/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 82.0 au/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskilyt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 25.5 au/kWh.
Aflgjald 710.00 kr/kW. á ári.

4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, hitunar í gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag:
a) Til húshitunar. Orkugjald 37.5 au/kWh.
b) Til hitunar í iðnaði (verðjöfnunargjald og söluskattur innifalið). Orkugjald 53.4 au/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag.
Orkugjald 14.2 au/kWh.
- 4.3 Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald 8.5 au/kWh.
- 4.4 Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 15.9 au/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afli hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 57.50
Orkumælir, þrífasa	— 144.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 242.00
Aflmælir	— 228.00
Aflmælir með straumspennum	— 366.00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlina kr/stólpa
1×63	3 660.00	120.00	980.00
3×63	3 960.00	120.00	1 680.00
3×100	6 280.00	180.00	2 140.00
3×200	12 400.00	300.00	
3×315	19 770.00	350.00	
3×400	25 110.00	Samkv. kostn.	
3×710	44 570.00	—	
3×1200	75 320.00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennni eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlita skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 x 63A kr. 810.00 3 x 63A kr. 1 090.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 52.00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 206 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 2.91.
12. Um kWst.-mæli á kr. 1.22 á hverja kWst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
 - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 0.98 á ferm. á mánuði.
 - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0.52 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 0.718 á hverja kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 5.30 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol, eldhús en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: á kr. 1.99 á hverja kWst.
32. Kr. 0.61 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 0.79 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafl fastengdra véla er yfir 20 kW.
34. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 753.00 kW/ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.27 hver kWst.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 0.27 á hverja kWst., auk fastagjalds kr. 595.00 á ári fyrir hvert kW í málaun véla.

D. Hitun.

41. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 0.32 hver kWst.
42. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 0.16 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- a. Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 1.22. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.
52. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 0.50. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum	kr. 5.30 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp.	— 6.95 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 16.90 á mán.
4. Af mestaafismælum	— 30.95 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1. 60 A 1-fasa	kr. 4 939.00 innif. allt að 40 m.
2. 60 A 3-fasa	— 7 401.00 innif. allt að 40 m.
3. 100 A 3-fasa	— 9 542.00 innif. allt að 40 m.
4. 2000 A 3-fasa	— 13 194.00 innif. allt að 40 m.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitningar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 74.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 74.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23.5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 207 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 381.

28. maí 1981.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á 312.0 aur. hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á 129.0 aur. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 13.64 á ári af hverri einingu gólfplatnar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á 78.2 aur. hver kWst.

C. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á 173.7 aur. hver kWst. Hafí vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 311.40 kr. á hvert uppsett kW. vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 71.1 aur. hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á 50.1 aur. hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tviðgjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - b. Um tviðgjaldsmæli á 296.8 aur. hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 55.4 aur. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á 640.68 kr. fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalalag og auk þess 33.8 aur. á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á 420.13 kr. fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess 33.8 aur. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

- 3.6. Um kWst.-mæli 140.0 aur. hver kWst. fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds vélanotkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

- 4.1. Um kWst.-mæli á 32.4 aur. hver kWst., án rofs.
 4.2. Um kWst.-mæli á 18.1 aur. hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
 4.3. Um kWst.-mæli á 9.1 aur. hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 93.2 aur. hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
 5.2. Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á 158.5 aur. hver kWst.
 5.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á 22.8 aur. hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 71.0 aur. hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
 5.4. Til gatnalýsingar á 71.0 aur. hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|--|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 4.60 pr. mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 5.42 pr. mán. |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 13.60 pr. mán. |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 20.40 pr. mán. |
| 5. Af álagsstýringarliðum | — 20.40 pr. mán. |

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 77.00.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald		
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa	
63A	1-fasa	4 958.00	119.50	1 566.00
63A	3-fasa	5 351.00	143.15	1 965.30
100A	—	6 361.00	162.00	2 436.45
200A	—	10 262.00	Samkv. kostnaði	
315A	—	21 509.00	—	
300kVA	—	29 863.00	—	
500kVA	—	50 468.00	—	
800kVA	—	79 711.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
		Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	879.00	Sama og aðalheimtaugar
63A	3-fasa	1 234.00	Sama og aðalheimtaugar
100A	3-fasa	1 309.00	Sama og aðalheimtaugar

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögð frá útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 208 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. maí 1981.

Nr. 382.

G J A L D S K R A

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á 312.0 aur. hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á 129.0 aur. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 13.64 á ári af hverri einingu gólfplatár í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á 78.2 aur. hver kWst.

C. Vélnotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á 173.7 aur. hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 311.40 kr. á hvert uppsett kW. vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 71.1 aur. hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á 50.1 aur. hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

- b. Um tvígjaldsmæli á 296.8 aur. hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 55.4 aur. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á 640.68 kr. fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 33.8 aur. á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á 420.13 kr. fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess 33.8 aur. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
- 3.6. Um kWst.-mæli 140.0 aur. hver kWst. fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds vélanotkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

- 4.1. Um kWst.-mæli á 32.4 aur. hver kWst., án rofs.
- 4.2. Um kWst.-mæli á 18.1 aur. hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3. Um kWst.-mæli á 9.1 aur. hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 93.2 aur. hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á 158.5 aur. hver kWst.
- 5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á 22.8 aur. hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 71.0 aur. hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- 5.4. Til gatnalýsingar á 71.0 aur. hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 4.60 pr. mán.
2. Af þrifasa mælum upp að 50 amp. — 5.42 pr. mán.
3. Af þrifasa mælum 50 til 200 amp. — 13.60 pr. mán.
4. Af þrifasa mælum yfir 200 amp. — 20.40 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum — 20.40 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 77.00.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstr. kr./m	Loflína kr./stólpa
63A 1-fasa	4 958.00	119.50	1 566.00
63A 3-fasa	5 351.00	143.15	1 965.30
100A —	6 361.00	162.00	2 436.45
200A —	10 262.00	Samkv. kostnaði	
315A —	21 509.00	—	—
300kVA —	29 863.00	—	—
500kVA —	50 468.00	—	—
800kVA —	79 711.00	—	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
		Jarðstrengur	Loflína
63A 1-fasa	879.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A 3-fasa	1 234.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A 3-fasa	1 309.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kilóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögfrá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í lofllínuheimtaug.

setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimplaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimplaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 209 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. LÝSING.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 3 656.30 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhalds- kostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 77.3 au/kWh. Séu lampar ófasvixsjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 71.5 au/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elli- heimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 77.3 au/kWh, til véla.
2. 14.4 au/kWh, og 742.30 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 116.2 au/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja- gerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 71.5 au/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 29.1 au/kWh, til húshitunar.
2. 41.5 au/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 13.1 au/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 21.9 au/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 8.1 au/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 11.3 au/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24.00.
7. 22.1 au/kWh, til hitunar á bilgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 31.4 au/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tíma-
bilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrir mælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafllnotkun minnst 200 kW. 12.1 au/kWh og 1 081.50 kr/kWh, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

	kr./mán.
1. Af einfasa mælum	6.30
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A	17.70
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A	26.00
4. Af mestumælum	65.10
5. Móttökuliði	14.10
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.	

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Aðalheimtaug.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		Jarðstrengur Lágmark lengdargjald kr.	Jarðstrengur kr.	Lofthlínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3X63 kr.
220 V kerfi					
63 A	1-fasa	3 844.00	0	1 225.00	
63 A	3-fasa	4 318.00	0	1 526.00	794.00
100 A	3-fasa	3 019.00	145.00	1 930.00	
125 A	3-fasa	3 696.00	161.00	2 365.00	
200 A	3-fasa	5 767.00	220.00	3 688.00	
300 A	3-fasa	8 326.00	267.00		
380 V kerfi					
63 A	1-fasa	3 844.00	0	1 225.00	
63 A	3-fasa	5 164.00	0	1 526.00	1 557.00
100 A	3-fasa	5 105.00	145.00	3 311.00	
125 A	3-fasa	6 392.00	161.00	4 087.00	
200 A	3-fasa	9 997.00	220.00	6 392.00	
300 A	3-fasa	14 437.00	267.00		

- 2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.
- 2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 72.90 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í blutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.
- 2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.
- 2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðamörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.
- 2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.
- 2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.
- 2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu beirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

- 2.10. Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.
- 2.11. Bráðabirgðaheimtaugar.
Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	725.00	108.00	1 366.00
63 A 3-fasa	1 018.00	108.00	1 593.00
100 A 3-fasa	1 079.00	140.00	1 822.00

- 2.12. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.
- 2.20. Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 127.00 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐL.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 106.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 106.00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvisitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4% af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitanna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239 1981 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 210 26. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 384.

20. júní 1981.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar Aur. 140.40 á kwst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana. Aur. 71.53 á kwst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar Aur. 140.40 á kwst.
 3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kw Aur. 26.22 á kwst.
 Aflgjald með lýsingu Kr. 1 083.42 Kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
 Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun Aur. 88.20 hverja kwst.
 Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun — 56.00 hverja kwst.
 Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun — 51.52 hverja kwst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag Aur. 23.40 á kwst.
 4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2x1.5 klst. á dag — 33.35 á kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrir-mælum rafveitunnar.
- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtauggjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 3 045.00	175.00
63 A 3-fasa	— 3 284.00	175.00
100 A 3-fasa	— 4 107.00	197.00
125 A 3-fasa	— 5 055.00	224.00
200 A 3-fasa	— 6 658.00	302.00
300 A 3-fasa	— 11 537.00	356.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 25.75. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 25.75 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42.5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjalda-lið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafn-framt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 211 frá 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar.		
	Orkugjald		2.65 kr/kWh.
12.	Til almennrar lýsingar.		
	Orkugjald		80.5 au/kWh.
	Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.		
	Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	13.60 kr/m ² á ári	
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	5.10 kr/m ² á ári	
13.	Til götulýsingar.		
	Orkugjald		80.5 au/kWh.
14.	Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð.		
	Orkugjald		1.32 kr/kWh.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar.		
	Orkugjald		60.7 au/kWh.
	Fastagjald af hverju herbergi		55.00 kr/á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m ² eða minna reiknast hálf, en 25 m ² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m ² má reikna með þeirri meðalstærð.		
22.	Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu tæki fasttengd.		
	Orkugjald		60.7 au/kWh.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Til véla o. fl.		
	Orkugjald		11.32 kr/kWh.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 12, en þriðjungi lægra.		
32.	Til véla o. fl.		
	Orkugjald		21.0 au/kWh.
	Aflgjald, lágmark 2 kW	2 106.00 kr/á ári	
	Aflgjald, umfram 2 kW	702.00 kr/kW á ári	
	Gjaldskvilt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.		

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Til véla.

Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Orkugjald	21.0 au/kWh.
Aflgjald, lágmark	1 961.00 kr/á ári
Aflgjald, af uppseutum kW. í málraun véla, umfram 2 kW.	557.00 kr/kW á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra til tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald	49.6 au/kWh.
-----------------	--------------

42. Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag.

Orkugjald	21.4 au/kWh.
-----------------	--------------

43. Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald	13.1 au/kWh.
-----------------	--------------

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annara hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.

Orkugjald	24.4 au/kWh.
-----------------	--------------

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	45.00
Orkumælir, þrífasa	—	99.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	242.00
Aflmælir	—	228.00
Aflmælir með straumspennum	—	366.00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1× 63	3 210.00	105.00	990.00
3× 63	3 470.00	105.00	1 360.00
3× 100	4 130.00	120.00	1 750.00
3× 200	6 570.00	160.00	
3× 315	13 850.00	220.00	
3× 400	19 350.00	Samkv. kostn.	
3× 710	32 120.00	—	
3×1200	51 410.00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1×63 A kr. 710.00 3×63 A kr. 960.00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 360.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árhelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 60.00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 212 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

**F. h. r.
Páll Flygenring.**

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 3.115 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1.290 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 13.63 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.54 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 0.780 hverja kWst.

C. Vélnotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 1.735 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 858.80.

C—2. Vélnotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1.735 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 0.260 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 858.80. Notað afl telst vera meðalág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0.260 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 812.60 hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 858.80 kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0.260 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 13.63 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 4.54 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 7.48 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0.320 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.195 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0.195 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 162.29 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.095 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahtunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða á kr. 0.930 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðu-tæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1.65.

Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0.280 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0.225 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 0.710 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 0.920 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þá að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|--|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 4.55 pr. mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 5.40 pr. mán. |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 13.65 pr. mán. |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 20.40 pr. mán. |
| 5. Af álagsstýringarliðum | — 20.40 pr. mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3×60	22	3 909.00
2.	3×100	38	5 699.00
3.	3×200	75 sp.	11 279.00
4.	3×350	132 sp.	18 709.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	878.00
Fyrir 60 amp. þrifasa	—	1 233.00
Fyrir 100 amp. þrifasa	—	1 308.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 111.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 97,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 213 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

B 75

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 3.115 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1.289 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 13.64 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.55 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 0.782 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 1.735 hver kWst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 858.84 á hvert uppsett kW. véllanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1.397 hver kWst.
4. Um mæli á kr. 858.84 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín meðalálag og auk þess kr. 0.259 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 12.72 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 4.53 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 7.48 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst. mæli á kr. 0.197 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst. mæli á kr. 0.092 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst. mæli á kr. 0.324 hver kWst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0.929 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar meðan á framkvæmdum stendur, um kWst.-mæli á kr. 1.584 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0.225 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 0.710 hver kWst. á tímanum frá kl. 8.30 til 22.

4. 3 656.03 kr/kW á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 6.10
Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 16.80
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp.	— 24.75
Af mesta straumsmæli	— 73.30
Af liða fyrir álagsstýringu	— 20.40

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 77.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 77.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggja við.

9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum.

1. 63 A 1 fasa	kr. 4 958.00
2. 63 A 3 fasa	— 5 351.00
3. 200 A 3 fasa	— 10 265.00
4. 300kVA 3 fasa	— 29 862.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styðstu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald sam-

kvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	880.00
63 A 3 fasa	1 234.00
100 A 3 fasa	1 309.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 214 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A1 Um kWh.-mæli á au. 104.3 hver kWh.

A2 Um kWh.-mæli á au. 74.3 hver kWh. Auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 4.16 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.

- A3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWh.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWh.-gjaldi samkv. A1 og kWh.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B1 Um kWh.-mæli þannig reiknað:

- a. Orkugjald au. 74.3 hver kWh.
- b. Grunnjald (mælisleiga innifalín).
Af einfasamælum kr. 62.39 á ári.
Af þrifasamælum kr. 124.76 á ári.
- c. Herbergisgjald kr. 62.39 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

- C1 Um kWh.-mæli á au. 104.3 hver kWh. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWh. á ári á hvert kW í málraun véla.
- C2 Um kW/kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
- a. Aflgjald af mældu afli kr. 1 193.00 á hvert kW á ári.
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðaláglag ársins. Á tímabilinu 16. maí til 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttækt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.
 - b. Orkugjald:
0—2500 kWh/kW au. 38.1 hver kWh.
2500—4000 kWh/kW au. 21.9 hver kWh.
Yfir 4000 kWh/kW au. 11.0 hver kWh.
- C3 Um kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla vfir 40 kW:
- a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 1 074.00 á hvert kW í málraun véla.
 - b. Orkugjald:
0—2500 kWh/kW au. 38.1 hver kWh.
2500—4000 kWh/kW au. 21.9 hver kWh.
Yfir 4000 kWh/kW au. 11.0 hver kWh.

Ofangreindir taxtar C2 og C3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. (40% á taxta C2.) Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWh.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hver hundr- aðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85. Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0,85.

D. Hitun.

- D1 Um kWh.-mæli á au. 21.5 hver kWh. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds.)
- D2 Um kWh.-mæli á au. 30.7 hver kWh. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.)

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostnaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafli og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

- F1 Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á au. 74.3 hver kWh. enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.
- F2 Til nota um vinnulægnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWh.-mæli á au. 131.9 hver kWh.
- F4 Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 4 615.00 hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.
- F5 Til götu- og útilýsingar á kr. 1 909.00 hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki stjórnar veitustofnana selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiddist sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kWh.-mælum 60 A og minni | kr. 51.00 á ári |
| 2. Af þrífasa kWh.-mælum 60 A og minni | — 204.00 á ári |
| 3. Af þrífasa kWh.-mælum (straumspennamælum) | — 344.00 á ári |
| 4. Af mestaafismælum 60 A og minni | — 331.00 á ári |
| 5. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennumælum) . | — 521.00 á ári |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtmis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGAGJÓLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald 1) kr/m
63 A einfasa	4 554.00	132.00
63 A þrifasa	4 928.00	132.00
100 A þrifasa	7 820.00	167.00
200 A þrifasa	16 330.00	196.00
315 A þrifasa	24 610.00	Skv. kostnaði
400 A þrifasa	31 251.00	—
710 A þrifasa	55 482.00	—
1200 A þrifasa	93 765.00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald 1)2) Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	886.00	132.00
63 A þrifasa	1 242.00	132.00
100 A þrifasa	1 311.00	167.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

-
- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
 - 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að heita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 112.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 112.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notenda, skal greiða gjald, kr. 112.00.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

23.5% söluskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 215 frá 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING				
A.1.	Með fastagjaldi	0.828	0.037	13.50/m ³
A.2.	Án fastagjalds	2.195		
B-HEIMILISN. OG FL.				
B.1.	Heimilisnotkun	0.623	0.146	53.30/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn	1.275		
C-VÉLANOTKUN				
C.1.	Með fastagjaldi	0.828	0.484	178.00
C.2.	Með rofi 1.5 klst. á dag	0.623		
C.3.	Stórnotkun (Aftaxti)	0.199	1.999	729.50
D-HÚSHITUN				
D.1.	Án rofs	0.449		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0.251		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0.231		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0.185		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0.131		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3. klst. á dag	0.152		
E-ANNAÐ				
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		106.00	
MÆLA- OG ROFALEIGA				
10	Einfasa		0.112	40.90
11	Einfasa með rofa		0.613	223.75
20	Þrífasa		0.447	163.15
21	Þrífasa með rofa		0.948	346.00
24	Þrífasa með 2 rofum		1.172	427.80
30	Þrífasa með aflmæli		0.725	264.60

